

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

5. HEFTI

RITSTJÓRAR
KRISTJÁN EIRÍKSSON
ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK
2007

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Pórður Helgason

Hamraborg 26 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@khi.is

RITNEFND

Einar Sigmarsson, Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

Einar Sigmarsson, Haraldur Bernharðsson,

Helgi Skúli Kjartansson, Kristján Eiríksson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson,

Sigurborg Hilmarsdóttir og Pórður Helgason

PRENTLÖGN

Pétur Ýngvi Gunnlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaprent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Tórfi Hjartarson

ISSN 1670–3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	6
Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Gátan um sérhljóðastuðlunina</i> . . .	9
Olav H. Hauge: <i>Átta ljóð: Mig rekur; Laufkofar og snjóhús; Þegar öllu er á botninn hvolft; Vegur þinn; Ég stend hér núna; Gylltur hani; Hvunn dags; Nú er minn hugur kyr.</i>	27
Kristján Eiríksson: <i>Hallgrímur Pétursson, skáld alþýðunnar</i> . . .	31
Sigurbjörg Þrastardóttir: <i>Passíusálmaplús: Undir gaffli Hallgrímskirkju í Saurbæ</i>	46
Jón B. Guðlaugsson: „ <i>Aldurhniginn féll á fold</i> “	49
Hjálmar Freysteinnsson: <i>Árshátíðarljóð</i>	65
Halla Magnúsdóttir: <i>Ég skula því</i>	66
Heba Margrét Harðardóttir: „ <i>Nú heyrir’ eg minnar þjóðar þúsund ár</i> “	67
Einar Jónsson úr Skógum: <i>Ellefu ljóð: Sláttuvísur; Bernska; Hvítmári; Hlaðsýn; Víst ert þú mér kær; Í myrkrinu; Heima; Útsynningur um glugga; Í snjó; Varnaræður; Ljóð Lí Pó.</i>	96
Berglind Gunnarsdóttir: <i>Pablo Neruda – maður og haf</i>	101
Pablo Neruda: <i>Fjögur ljóð: Mennirnir; Það er eins og allt öðruvísi skip; Ég vil segja ykkur frá því; Matilde sérhvern dag</i>	113
Þorsteinn Þorsteinsson: <i>Álitamál í bókmenntasögu.</i>	117
Kristján Árnason: <i>Chrysois – Gullbringuljóð Jóns Þorkelssonar</i>	137
Stefán Snævarr: <i>Uml um ljóð: Máttur ljóðsins; Ljóðið mælir; Engin ljóðadýrð.</i>	140
<i>Athugasemdir og leiðréttingar</i>	141

Sónarljóð

Rof

eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur

Að vakna á sólbjörtum morgni
finna dyr opnast
djúpt í myrkri sálarinnar.

Birtan að ofan
streymir óheft niður
og hríslast um hverja taug.

Þú verður ein heild
manst allt
skilur allt

– ert fær um að halda áfram
óttalaus
á leiðarenda.

Til lesenda

Enn er lesendum boðið að dreypa á Sónarmiði sem að þessu sinni er ívið betur úti látinn en í fyrri heftum. Skáld og þýðendur fá hér meira rúm en áður en á móti kemur að greinar um skáldskap eru ekki eins gildur þáttur í ritinu og verið hefur. Verður heftið af þeim sökum aðeins rýrara en næstu hefti á undan. Sónarskáld er að þessu sinni Vilborg Dagbjartsdóttir.

Hugað er að formþáttum ljóða eins og í fyrri heftum. Ragnar Ingi Aðalsteinsson rekur þær kenningar sem helstar hafa verið uppi um sérhljóðastuðlun og þær sem efst eru á baugi nú um stundir. Þá skrifar Heba Margrét Harðardóttir um sonnettuskáldskap Jakobs Jóhannessonar Smára og má segja að hún taki við þar sem frá var horfið í grein Hjartar Marteinssonar í síðasta hefti. Ekkert yfirlit er að þessu sinni um ljóðabækur síðasta árs en ætlunin er að bæta þar úr á næsta ári og fjalla þá jafnframt um ljóðabækur þessa árs.

Öllum þeim sem efni eiga í ritinu og lagt hafa því lið á einhvern hátt eru færðar bestu þakkir og lesendur biðjum við vel að njóta.

Fyrir hönd Sónarsinna

Kristján Eiríksson

Höfundar efnis

Sónarljóð

Vilborg Dagbjartsdóttir (f. 1930) skáld og rithöfundur. Hún var barnakennari í Reykjavík í 46 ár.

Höfundar greina

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er M.Ed. í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands og M.A. í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og leggur nú stund á doktorsnám við sama skóla. Hann er aðjunkt í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

Kristján Eiríksson (f. 1945) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann starfar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Jón B. Guðlaugsson (f. 1959) er Seyðfirðingur að ætt, franskmenntaður og starfar sem flugþjónn, þýðandi og dagskrárgerðarmaður í Reykjavík.

Heba Margrét Harðardóttir (f. 1980); B.A.-próf í íslensku árið 2005. Vinnur við grafíska hönnun og vefsíðugerð.

Berglind Gunnarsdóttir (f. 1953); B.A.-próf í spænsku og almennum málvísindum, skáld og þýðandi. Hún starfar sem bókavörður.

Þorsteinn Þorsteinsson (f. 1938) bókmenntafræðingur og þýðandi.

Höfundar og þýðendur ljóða

Sigurbjörg Prastardóttir (f. 1973) er B.A. í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hún er ljóðskáld og rithöfundur.

Hjálmar Freysteinnsson (f. 1943) er heimilislæknir á Akureyri.

Halla Magnúsdóttir (f. 1987) er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2007.

Einar Jónsson úr Skógum (f. 1959) cand. jur. frá Háskóla Íslands og hefur lesið sögu og þjóðfræði við sama háskóla. Hann er sjálfstætt starfandi í Reykjavík.

Pablo Neruda (1904–1973) ljóðskáld frá Chile, fékk Nóbelsverðlaun í bókmenntum 1971.

Stefán Snævarr (f. 1953) er prófessor í heimspeki við Háskólann í Lillehammer í Noregi.

Olav H. Hauge (1908–1994) er eitt kunnasta ljóðskáld Norðmanna á 20. öld og liggja eftir hann margar ljóðabækur.

Bergsveinn Birgisson (f. 1971) er sérfræðingur í norrænum miðaldabókmenntum, skáld og rithöfundur.

Berglind Gunnarsdóttir sjá Höfundar greina.

Kristján Árnason (f. 1934) tók B.A.-próf í grísku og latínu frá Háskóla Íslands og stundaði nám í heimspeki og bókmenntum í Þýskalandi og Sviss. Hann var dósent við Háskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Gátan um sérhljóða- stuðlunina

Imngangur

Í *Háttatali* Snorra Sturlusonar er gerð grein fyrir stuðlasetningarreglum eins og þær tíðkuðust þá í norrænum kveðskap.¹ Snorri skýrir fyrst stuðlun með samhljóðum, sem hann kallar *samhljóðendur*, og tekur fram að ef stuðlað sé þannig skuli nota sama samhljóðann bæði sem höfuðstaf og stuðla. Síðan víkur hann að sérhljóðunum, sem hann kallar *hljóðstafi*, og segir: „En ef hljóðstafr er höfuðstafrinn, þá skulu stuðlar vera ok hljóðstafir, ok er fegra at sinn hljóðstafr sé hverr þeira.“² Jón Ólafsson Svefneyingur víkur að þessu máli í bók sinni *Om Nordens Gamle Digtekonst* og segir: „... því að þannig laga sérhljóðarnir sig hver að öðrum, rétt eins og þeir væru sami bókstafurinn.“³ Þetta þýðir með öðrum orðum að reglan er sú að ef sérhljóðar eru notaðir sem ljóðstafir má nota saman hvaða sérhljóða sem er. Það sem Snorri bætir við um að fallegra sé að nota saman mismunandi sérhljóða er hins vegar smekksatriði til skoðunar fyrir þá sem vilja fegra og bæta braginn.

Sú staðreynd að sérhljóðarnir megi stuðla hver við annan hefur valdið miklum heilabrotum meðal fræðimanna. Hvernig stendur á því að um leið og gerð er krafa um að samhljóðarnir séu þeir sömu leyfist að sérhljóðarnir séu mismunandi? Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að skýra fyrirbærið. Hér á eftir verður vikið að helstu kenningum um þetta mál, þær skýrðar og rakin saga þeirra í stuttu máli um leið og fjallað verður um gagnrýni sem hver þeirra um sig hefur fengið af fræðimönnum gegnum tíðina. Fyrst verður rætt um svokallaða raddglufulokunarkenningu sem felur í sér elstu skýring-

¹ Ég þakka nafnlausum ritrýni fyrir ágætar athugasemdir við þessa grein.

² Snorri Sturluson (1999:4).

³ ... thi saa beqvemmer sig den eene Vokal til den anden, ligesom de alle vare een Bogstav. Jón Ólafsson Svefneyingur (1786:29).

una á fyrirbærinu og ef til vill þá lífseigustu, þrátt fyrir að hún hafi verið gagnrýnd ótæpilega og það með nokkuð sannfærandi rökum. Þá verður sagt frá kenningu um sameiginlegan uppruna sérhljóðanna sem sumir hafa talið geta skýrt sérhljóðastuðlunina. Þriðja kenningin byggist á því að sameiginlegur þáttur í öllum sérhljóðum [+sérhljóðakenndur] ([+vocalic]) geri það að verkum að þeir geti staðið hver fyrir annan í stuðlun. Að lokum verður rætt um kenningar sem gera ráð fyrir að það séu eftir allt saman alls ekki sérhljóðarnir sem stuðla saman heldur tóm sem myndast í framstöðu orða þegar enginn samhljóðakenndur þáttur er lengur til staðar. Í lokin verða þessar kenningar svo bornar saman og reynt að ráða í trúverðugleika þeirra, hvernar um sig. Markmið greinarinnar, fyrir utan að rekja forvitnilega sögu kenninganna, er að reyna að komast að niðurstöðu um það hver sé hin raunverulega skýring á gátunni um sérhljóðastuðlunina.

Raddglufulokun

Lengi hefur því verið haldið fram að sérhljóðarnir geti stuðlað hver við annan vegna þess að þeir hefjist á raddglufulokun sem sé eins hjá þeim öllum og því hafi skáld og aðrir ljóðaunnendur skipað þeim í sama jafngildisflokkinn. Þessi kenning var almennt viðurkennd af fræðimönnum. Eduard Sievers segir um þetta: „Allir sérhljóðar stuðla saman vegna þess að þeir hafa sameiginlegt upphafshljóð.“⁴

Raddglufulokun er algeng í íslensku þó að málnotendur veiti henni oft alls enga athygli. Mjög oft verður hún við upphaf áhersluatkvæða sem byrja á sérhljóði. Þegar sagt er: „Viltu OPNA dyrnar?“ er lögð sérstök áhersla á sagnorðið og það slitið frá því sem á undan fer og mikill þungi lagður á fyrsta atkvæðið; [ʔohpna]. Því hefur verið haldið fram að raddglufulokhljóðið sé eins konar hlutlaust hljóð, þ.e. lokhljóð án myndunarstaðar.⁵

Sá sem fyrstur setti fram kenninguna um þetta sameiginlega upphafshljóð allra sérhljóða var Karl Moritz Rapp.⁶ Rapp heldur því fram að allir sérhljóðar í framstöðu hefjist á raddglufulokun. Þessi lokun, sem hann kallar „spiritus lenis“ (þetta heiti skýrir hann þannig að umrætt hljóð sé til í grísku og beri þar þetta nafn), gerir það að

⁴ Alle silbische vocale alliterieren unter einander vermöge ihres gleichen stimmeinsatzes. Sievers (1893:36). Sievers skipti þó síðar um skoðun á þessu, sjá 1901:§ 386. (Sjá auk þess t.d. Heusler 1925:95 og Pipping 1903:1 o.áfr.)

⁵ Kristján Arnason (2005:157).

⁶ Rapp (1836).

verkum að hans mati að sérhljóðar taka á sig mynd samhljóða þegar þeir eru í framstöðu og lokunin er eins hjá þeim öllum. „Þegar ég segi e, er ég að bera fram tvö hljóð,⁷“ sagði Rapp. Þar á hann annars vegar við sérhljóðann sjálfan og hins vegar eins konar samhljóð sem tal-færin verða að mynda til að sérhljóðið geti orðið til. Þetta hljóð, sem myndast við raddglufulokunina, kallar Rapp „Mitlaut“ (Mitlaut þýðir í rauninni samhljóð) og segir að það sé óhjákvæmileg byrjun hvers sérhljóðs. Vegna þessa raddglufulokhljóðs skynjuðu skáldin framstöðusérhljóðana sem nokkurs konar samhljóða og settu þá alla í sama jafngildisflokkinn. Fræðimenn voru, eins og fyrr segir, lengst af sátir við þessa skýringu og henni var ekki mótmælt fyrr en undir lok 19. aldar að Axel Kock⁸ setti fram aðra skýringu á sérhljóðastuðluninni (sjá síðar) og gagnrýndi jafnframt kenningu Rapps.

Kenningin um raddglufulokun gagnrýnd

Gagnrýni Kocks á raddglufulokunarkenninguna var af tvennum toga. Annars vegar taldi hann alls ekki sannað að þessi raddglufulokun hefði yfirleitt verið til í tungumálinu á þeim tíma sem hér er rætt um og hins vegar taldi hann afar ólíklegt, þó svo að þessi raddglufulokun hefði fundist í tungunni, að hún hefði getað haft afgerandi áhrif á jafngildisflokkana í stuðluðum kveðskap.⁹ Kock benti á að hljóðið sem um ræðir er svo veigalítið í venjulegu tali að til að heyra það þarf þjálfað eyra. Hann segir: „Við verðum þá að gera ráð fyrir að forfeður okkar hafi verið svo færir í notkun – ekki máhljóða – heldur máhljóðsafbrigða, að þeir að því leyti hafi staðið langt frammar nútímafólki.“¹⁰ Í framhaldinu setti Kock svo fram sína eigin skýringu á sérhljóðastuðluninni eins og síðar verður vikið að.

Otto Jiriczek¹¹ ritaði gagnrýni um bók Kocks og var honum sam-mála um að kenning Rapps um raddglufulokunina stæðist alls ekki og væri gagnslaus til skýringar á sérhljóðastuðluninni. Jiriczek gat hins vegar ekki heldur felt sig við skýringu Kocks á sérhljóðastuðlun og

⁷ Wenn ich e sage, so hab' ich schon zwei Buchstaben ausgesprochen, ... (Rapp 1936:53).

⁸ Kock (1889–1894).

⁹ Suzuki (1996:309–310) komst að sömu niðurstöðu.

¹⁰ Skulle man då kunna misstänka, att våra förfäder varit så fina iakttagare – icke av språk-ljud utan – av språljuds-modificationer, att de vida övergått våra dagars publik? Kock (1889–94:113).

¹¹ Jiriczek (1896:547–548).

setti því í þessum ritdómi fram þriðju kenninguna um þetta mál og verður komið að henni hér á eftir.

Árið 1913 kom út bók eftir Albert Classen.¹² Hún bar heitið *On Vowel alliteration in the Old Germanic Language*. Í bók Classens kemur fram viðamikil og vel rökstudd gagnrýni á kenninguna um raddglufulokunina. Classen bendir á að engin rök séu fyrir því að þessi raddglufulokun hafi verið til í forngermönsku og það eina sem styðji tilveru hennar sé að hún hafi verið nauðsynleg fyrir sérhljóðastuðlunina. Þetta kallar Classen hringskýringu (*circulus vitiosus*) og bendir á að kenningin sé „í þeirri heppilegu stöðu að það sé ekki mögulegt að afsanna hana með þeim gögnum sem við höfum aðgang að.“¹³ En jafnvel þó svo að við gerum ráð fyrir að raddglufulokunin hafi verið til er það út af fyrir sig alls ekki næg skýring. Classen spyr sem svo, líkt og Kock hafði gert áður, hvort umrædd raddglufulokun hafi verið nægilega skýrt og aðgreinandi máhljóð til að gagnast til að greina á milli jafngildisflokka.¹⁴

Classen¹⁵ vekur líka athygli á öðru atriði sem að hans mati mælir eindregið gegn því að raddglufulokun hafi gegnt einhverju hlutverki í stuðlasetningu í forngermönsku. Engin merki finnast nokkurs staðar í rituðum textum, hvorki í elstu handritum né síðar, um neitt tákn í stafrófinu sem hefði haft það hlutverk að sýna þessa lokun sem þó skipti svo miklu máli í stuðluninni. Hann bendir á að við höfum að vísu dæmi um þessa lokun í þýsku, svo dæmi sé tekið, og þar hafi hún ekkert sérstakt tákn í stafrófinu. Hér ber hins vegar á það að líta, að álitni Classens, að þar gegnir lokunin ekki neinu sérstöku hlutverki. Afar ólíkegt sé að þetta hljóð hafi ekki haft neitt sérstakt tákn í fornu ritmáli ef því var ætlað að greina á milli jafngildisflokka.¹⁶

¹² Classen (1913).

¹³ The glottal-catch theory is in the happy position that it cannot, with our available evidence, be disproved. Classen (1913:13). Þessi sama gagnrýni hafði áður komið fram hjá Kauffmann 1897:12–13, sjá síðar.

¹⁴ Classen (1913:14).

¹⁵ Classen (1913:15).

¹⁶ Roman Jakobson (1963) ritaði grein sem hann kallaði *On the so-called vowel alliteration in Germanic verse* (sjá síðar). Þar tekur hann undir sjónarmið Classens um að röksemdaferslan fyrir raddglufulokunarkenningunni sé „*circulus vitiosus*“ og segir kenninguna vera „ad hoc“ og með öllu gagnslausa til að skýra fyrirbærið. Hann vitnar einnig í Kock og tekur undir efasemdir hans um tilveru nefndrar raddglufulokunar í frumgermönsku. Jakobson (1963:88).

Kenningin endurvakin

En kenningin um raddglufulokunina var síður en svo úr sögunni þó að hart væri að henni sótt í kringum aldamótin 1900. Árið 1948 sendi Louis L. Hammerich¹⁷ frá sér bók sem hann nefndi *Laryngeal before sonant*. Þar ræðir hann¹⁸ um hina margnefndu bragfræðilegu þverstæðu að til forna hafi samhljóðarnir aðeins stuðlað innbyrðis en sérhljóðar hafi stuðlað hver á móti öðrum. Sérhljóðastuðlunina skýrir hann með því að þegar þessi kveðskapur varð til hafi allir sérhljóðar hafist á sams konar hljóði (raddglufulokun) þannig að stuðlunin hafi í öllum tilvikum verið byggð á sams konar samhljóðum (*b* stuðlaði aðeins við *b*, *f* aðeins við *f*, – raddglufulokun aðeins við raddglufulokun). Hammerich telur að raddglufulokunin tengist barkahljóði (laryngeal phoneme) sem var til í indo-evrópsku og bendir á að slíkt barkahljóð sé að finna í grísku.¹⁹

Svipað sjónarmið kemur fram í grein eftir Helmuth Scharfe árið 1972.²⁰ Hann víkur að því, sem fram kom hjá Classen og áður hefur verið nefnt, að raddbandaönghljóðið átti sér ekkert tákni í stafrófinu. Eins og fyrr kom fram taldi Classen þetta benda ótvírætt gegn því að raddglufulokunin hefði getað átt þátt í stuðluninni en Scharfe gerir lítið úr þeim rökum og segir þetta ekki gefa neina endanlega vísbendingu um það.²¹ Scharfe er eindregið á þeirri skoðun að hin upphaflega kenning Rapps og fleiri sé rétt. Niðurstaða hans er þessi: „Það er því í rauninni þessi raddglufulokun sem á sinn hátt ber uppi sérhljóðastuðlunina, rétt eins og hver annar samhljóði, en ekki sérhljóðinn sjálfur.“²²

Í bókinni *Alliteration and sound change in Early English* tekur höfundurinn, Donka Minkova, eindregna afstöðu með þeim sem aðhyllast kenninguna um raddglufulokun til að skýra sérhljóðastuðlun-

¹⁷ Hammerich (1948).

¹⁸ Hammerich (1948:32–33).

¹⁹ Þ.e. *spiritus lenis* sem Rapp nefndi upphaflega í bók sinni sem vitnað var til hér að framan. Nú nýlega hefur Lass (1995:143 o.áfr.) tekið undir skoðun Hammerichs.

²⁰ Scharfe (1972).

²¹ Scharfe (1972:158).

²² Danach ist es eigentlich dieser Stimmeeinsatz, der in derselben Weise wie die anderen Konsonanten den Stabreim trägt, und nicht etwa der Vokal. Scharfe (1972:157).

ina.²³ Í upphafi umfjöllunar sinnar vísar Minkova til Classens þar sem hann segir um kenningu Rapps að hún sé *circulus vitiosus* og hún eyðir í það allmiklu rými að sýna fram á að raddglufulokunin hafi verið til í forn-ensku. Með því meðal annars að benda á þætti eins og inn-skots-*h* á undan framstöðusérhljóðum²⁴ og tilvik þegar að hennar mati raddglufulokunin kemur í veg fyrir brottfall sérhljóða²⁵ tekst henni að færa fram nokkuð haldgóð rök fyrir tilveru hljóðsins. Að því loknu dregur hún þá ályktun að rökin fyrir tilurð raddglufulokunarinnar í forn-ensku séu ekki *circular*, þ.e. að hugmynd Classens og síðar Jakobsons um hringskýringu í kenningu Rapps hafi þar með verið afsönnuð. Hins vegar er enn að lestri loknum ósvarað þeirri spurningu Kocks, sem nefnd var fyrir í greininni, hvort þessi raddglufulokun, hafi hún verið til, hafi getað haft afgerandi áhrif á jafngildisflokka í stuðluðum kveðskap til forna.

En gagnrýnin heldur áfram

Þrátt fyrir þessa endurvakningu kenningar um raddglufulokun hefur alls ekki tekist að sannfæra fræðaheiminn um að hún nægi til að skýra sérhljóðastuðlunina. Kristján Árnason²⁶ vísar að því sem áður kom fram hjá Classen og vitnað var til hér að framan og telur að ef öll framstöðusérhljóð hefðu byrjað á þessari lokun, þ.e. ef hér hefði verið um að ræða sjálfstætt máhljóð, þá hlytu að finnast einhver merki um það í stafrófinu. Í það minnsta hefði þessa hljóðs verið getið þar sem þessi mál eru til umræðu í fornþekktum menntunum. Kristján bendir á að hvorki Ólafur Þórðarson hvítaskáld²⁷ né Fyrsti málfræðingurinn²⁸ minnst einu orði á fyrirbærið í ritum sínum.²⁹ Þá bendir Kristján á að í hinum finnsku Kalevalakvæðum er sérhljóðastuðlun beitt á sama hátt og í forngermönskum kveðskap, þ.e. allir sérhljóðar mynda einn jafngildisflokk, án þess að merki séu um þessa raddglufulokun í finnsku og sérhljóðar mynda einnig einn jafngildisflokk í fornírskum

²³ Minkova (2003).

²⁴ Minkova (2003:160 o.áfr.).

²⁵ Minkova (2003:145 o.áfr.).

²⁶ Kristján Árnason (2000).

²⁷ Björn M. Ólsen (1884).

²⁸ Hreinn Benediktsson (1972).

²⁹ Aage Kabell, sem gagnrýnir kenninguna á svipuðum forsendum og aðrir, bendir á að umrædd raddglufulokun hafi ekki skilið eftir sig nein spor í rúnaskriftinni. Kabell (1978:16–17).

kveðskap.³⁰ Kristján vekur einnig athygli á því að í íslenskum samtímakveðskap mynda sérhljóðarnir einn jafngildisflokk þó svo að raddglufulokunin sé valfrjáls í talmáli í dag.³¹

Þá bendir Kristján á þá staðreynd að í íslenskum kveðskap stuðlaði *j* við sérhljóða allt fram á 18. öld. Samkvæmt kenningunni hefðu þá orð sem byrja á *j* einnig orðið að hafa þessa raddglufulokun, sem Kristján telur ólíklegt.³²

Sögulegur uppruni sérhljóðsins
– *Kock-Classen-kenningin*

Í riti því eftir Axel Kock,³³ sem nefnt var fyrir í greininni setti hann fram nýja kenningu um það hvers vegna sérhljóðarnir mynduðu einn jafngildisflokk. Kenning hans var málsöguleg og gekk út á það að á frumgermönskum tíma hefðu sérhljóðarnir ekki stuðlað hver við annan heldur *a* aðeins stuðlað við *a*, *e* við *e* og svo framvegis rétt eins og *k* stuðlar aðeins við *k* og *g* við *g*. En í tímans rás hefur sérhljóðakerfið fyrir tilstilli ýmissa málfræðilögmála gengið í gegnum miklu meiri breytingar en samhljóðarnir. Hljóðvörp hafa meðal annars valdið miklum breytingum á framstöðusérhljóðum meðan framstöðusamhljóð héldust óbreytt. Kock tekur dæmi um orðin *allr* og *endi*. Upphaflega höfðu þessi orð sama framstöðusérhljóðið; *alls* : *andeis*. En síðan gerist það að *i*-hljóðvarp breytir *a* í *e* (*andeis* > *endi*). Í eldri kveðskap, sem skáld og ljóðaunnendur þekktu og kunnu, komu þessi orð fyrir og stuðluðu saman samkvæmt gömlu venjunni en þegar svo er komið að orðið *andeis* er almennt borið fram með *e* skapast ójafnvægi í stuðlunarvenjunum og við tekur tímabil þar sem stuðlað er í báðar áttir. Þetta er þekkt fyrirbæri í bragfræði þegar framburðarbreytingar eiga sér stað í tungumálinu sem ort er á og vitað er að stuðlunarvenjurnar breytast miklu seinna en framburðurinn. Kock telur að breytingar á framstöðusérhljóðunum hafi þannig riðlað gömlu bragreglunum og þegar frá leið hafi svo skapast sú venja að sérhljóðarnir mynduðu einn jafngildisflokk.

³⁰ Um sérhljóðastuðlun í finnsku má t.d. lesa í Kiparsky (1968:139) og í bókinni *Early Irish metrics* eftir Gerard Murphy (Murphy 1961:36–37) er gerð grein fyrir sérhljóðastuðlun í fornírsku.

³¹ Kristján Árnason (2000:6–7).

³² Kristján Árnason (2000:7–8).

³³ Kock (1889–1894).

Í bókinni *On Vowel Alliteration in the Old Germanic Languages*³⁴, sem nefnd er hér að framan, tók Classen undir hugmynd Kocks og taldi að upphaflega hefðu sérhljóðarnir aðeins stuðlað innbyrðis en ekki hver við annan, *a* aðeins stuðlað við *a*, *e* við *e* og svo framvegis. Classen kemur að því, eins og kom einnig fram hjá Kock, að sá kveðskapur sem við þekkjum er áreiðanlega ekki sá elsti sem til er. Heliand er ekki eldra en frá 9. öld, Bjólfskviða getur ekki verið eldri en frá um 700 og eddukvæðin tæpast eldri en frá 850. Um eldri kveðskap vitum við ekki annað en það að hann hlýtur að hafa verið til. Ein af meginröksemdum Classens er sú að hann telur að hátt hlutfall af braglínunum í þessum fornu kvæðum, sem stuðlaðar eru með sams konar sérhljóðum, bendi til náins skyldleika við kvæði sem hafi verið ort undir reglu um sama sérhljóð í hverju braglínupari.³⁵ Classen telur að í kvæðunum megi finna stuðlaðar línur sem augskýrlega séu eldri en kvæðin sem innihalda þau.³⁶ Hann skoðar sérhljóðastuðlunina og þessar tilteknu línur sérstaklega og rekur hljóðin sem stuðla aftur til frumgermönsku. Með því fær hann þá niðurstöðu að svo hátt hlutfall sérhljóðastuðlunarinnar hafi byggst á því að stuðla saman sams konar sérhljóð að það geti ekki verið tilviljun.³⁷

Af öðrum stuðningsmönnum þessarar kenningar má nefna tvo; Otto Jespersen³⁸ sem í bók sinni, *Lehrbuch der phonetik*, ræðir um kenninguna um raddglufulokunina og hefur efasemdir um réttmæti hennar. Hann vísar svo til kenningar Kocks og telur hana mun ásættanlegri.³⁹ Aage Kabell⁴⁰ styður einnig kenningu Kocks og telur hana ásættanlega sem skýringu en tekur fram að hún verði þó ekki sönnuð.

³⁴ Classen (1913).

³⁵ Classen (1913:21 o.áfr., 31 o.áfr. o.v.).

³⁶ Classen (1913:22).

³⁷ Classen telur að 59,8% af braglínunum í Bjólfskviðu séu stuðlaðar með sams konar sérhljóðum (75,2% ef hann telur með línur sem hafa sams konar sérhljóð í textanum en hafa það ekki í frumgermönsku, alls skoðar hann 506 línur í Bjólfskviðu, sjá bls. 63–64), 65% af Heliand (eða 74% ef talið er með það sem breytist ef það er rakið til F.G., sjá hér á undan, alls skoðaðar 100 línur, sjá bls. 69–70) og tölurnar úr þeim eddukvæðum sem hann skoðaði verða: Völundarkviða (alls 23 línur) 65,2% (eða 82,6%, bls. 73), Hyndluljóð (46 línur) 54% (eða 58,7%, bls. 77), Þrymskviða (41 lína) 51% (eða 61%, bls. 80) og Hymiskviða (34 línur) 56% (eða 67,8%, bls. 83).

³⁸ Jespersen (1913).

³⁹ Jespersen (1913:78 nmgr.).

⁴⁰ Kabell (1978:17).

Gagnrýni á Kock-Classen-kenninguna

Kennings Kocks og síðar Classens hefur verið gagnrýnd ótæpilega af fræðimönnum. Ragnar Holmérus⁴¹ telur helsta veikleika hennar liggja í því að ef gengið er út frá því að stuðlunarhefðin sé germönsk að uppruna en ekki fengin frá öðrum (t.d. Rómverjum eða Keltum á tíma þegar stuðlun með sérhljóðum var að breytast í það horf sem nú er), hljóta þær breytingar sem um ræðir að hafa gengið fyrir sig á germönsku málsvæði. Sé svo hlýtur sú spurning að vakna hvernig það mátti gerast að fólk, sem var vant því að heyra *a* aðeins stuðla við *a* og *e* aðeins við *e* og hefur litið á þá reglu sem ófrávíkjanlega, lagar sig að því að heyra *a* stuðla við *e* og *i* við *o* án þess að það trufli brageyrað.⁴² Þessi skoðun hafði áður komið fram hjá Jiriczek⁴³ í gagnrýni sem hann ritaði um bók Kocks og fyrir hefur verið nefnd. Helstu rök Jiriczeks voru þau, eins og Holmérusar seinna, að afar ólíklegt sé að brageyra ljóðaunnenda hafi breyst á svo afgerandi hátt sem Kock vill vera láta.⁴⁴ Gegn þessu skrifaði Classen⁴⁵ og benti á að sú gagnrýni sem Jiriczek hélt þarna fram hefði átt rétt á sér ef um hefði verið að ræða breytingu sem tæki stuttan tíma. Hann telur hins vegar að þessi breyting hafi átt sér langan aðdraganda og ljóðaunnendum því gefist nægur tími til að aðlaga brageyra sitt að hinum nýju jafngildisflokkum.

Johannes Hoops⁴⁶ bendir á annað sem hann telur vega sem nokkur rök gegn Kock-Classen-kenningunni. Hann vísar í orð Snorra Sturlusonar, sem staðhæfir að það sé fegurra að saman stuðli ólíkir sérhljóðar (sbr. tilvísun í Snorra-Eddu í upphafi greinarinnar). Þetta dálæti forngermanskra ljóðaunnenda á því að hafa mismunandi sérhljóða saman í stuðlun telur Hoops benda gegn því að upphaflega hafi verið skylt að nota sama sérhljóðann í öllum sætunum.

Suzuki⁴⁷ bendir á að kenning þeirra Kocks og Classens vísar til tíma sem við höfum enga þekkingu á en samt gera þeir ráð fyrir að þar og þá hafi verið í gildi allt aðrar reglur um stuðlun en tíðkuðust

⁴¹ Holmérus (1936).

⁴² Holmérus (1936:11)

⁴³ Jiriczek (1896:547–548).

⁴⁴ Jiriczek dró síðar þessa staðhæfingu sína til baka (sjá Classen 1913:20).

⁴⁵ Classen (1913:20)

⁴⁶ Hoops (1918–19:237).

⁴⁷ Suzuki (1996:310).

síðar, raunar mjög frábrugðnar. Kenningin styðst ekki við nein dæmi um það sem er til umfjöllunar, enda enginn slíkur texti til, og því hæpið að taka hana mjög alvarlega.

Minkova⁴⁸ vîkur einnig að því að hér skorti eitthvað til að styðjast við. Hún segir að það sé lágmarkskrafa að fá að sjá dæmi um þær breytingar sem kenningin gerir ráð fyrir að hafi orðið á ljóðagerðinni. Sé það rétt að í forngermönskum kveðskap hafi verið gerð krafa um að stuðla aðeins saman sams konar sérhljóða, hvernig á þá að skýra þann mikla fjölda af braglínnum sem stuðlaðar eru með mismunandi sérhljóðum í þeim kveðskap sem við höfum sýnilegan.

*Sameiginlegur þáttur sérhljóða, [+sérhljóðakenndur].
Jiriczek og Kauffmann*

Í títtnefndum ritdómi um bók Axels Kocks, eftir að hafa dæmt kenningar Kocks og Rapps ónothæfar, setti Jiriczek⁴⁹ fram sína eigin hugmynd um hvað það væri sem skipaði sérhljóðunum öllum í sama jafngildisflokk. Þessi kenning hefur verið kölluð „klangfrándskaps-teorien.“⁵⁰ Samkvæmt henni er það þáttur sem er sameiginlegur öllum sérhljóðum, [+sérhljóðakenndur] ([+vocalic]), sem gerir það að verkum að þeir geta stuðlað hver við annan þvert gegn því sem samhljóðarnir gera. Þessi kenning fékk aldrei miklar undirtektir. Einn af stuðningsmönnum hennar var þó Friedrich Kauffmann.⁵¹ Í bókinni *Deutsche Metrik* vîkur hann að kenningu Rapps um að sérhljóðastuðlunin eigi rót sína í raddglufulokuninni og sé því í raun hliðstæð því þegar stuðlað er með samhljóðum. Hann bendir á að aldrei hafi verið sannað að spiritus lenis hafi verið til (eins og margir aðrir hafa haldið fram) enda sé hljómun eða hljómmagn (klangfülle) sérhljóðanna út af fyrir sig nægileg skýring á því hvers vegna þeir stuðluðu saman.⁵²

Margir hafa orðið til að gagnrýna kenningu Jiriczeks. Roman Jakobson⁵³ bendir á að hvergi í germanskri stuðlun hafi fundist dæmi um það að einn aðgreinandi þáttur í einu af þeim fónemum sem byggja upp stuðlunina hafi fengið það hlutverk að greina á milli jafn-

⁴⁸ Minkova (2003:140).

⁴⁹ Jiriczek (1896).

⁵⁰ Sjá t.d. Holmérus (1936:14).

⁵¹ Kauffmann (1897).

⁵² Kauffmann (1897:12–13).

⁵³ Jakobson (1963:88).

gildisflokka. Væri svo gætu einstakir þættir eins hætt að skipta máli í stuðluninni þannig að *p* geti stuðlað við *b* eða *f*, svo dæmi sé tekið.⁵⁴ Undir þetta tekur Suzuki⁵⁵ og Minkova⁵⁶ er sama sinnis og segir að [n] og [m], svo dæmi sé tekið, hafi ekki síður sameiginlega þætti og gætu eins stuðlað saman eins og [a] og [i].

Ný sýn á sérhljóðastuðlun

Í seinni tíð hafa komið fram nýjar kenningar um sérhljóðastuðlun. Roman Jakobson⁵⁷ skýrir fyrirbærið með því að setja fram töflu yfir íslensk máhljóð þar sem samhljóðin eru pöruð saman eftir sameiginlegum þáttum og síðan raðað upp eftir því hvort þau eru „þanin“ (tense) eða „lin“ (lax); þ.e. /k/ : /g/ – /p/ : /b/ – /f/ : /v/ – /t/ : /d/ – /s/ : /ʃ/, þar sem fyrra hljóðið (t.d. /k/) er þá þanið en það seinna (t.d. /g/) er lint. Við þessi pör bætir hann svo⁵⁸ einu pari enn sem er annars vegar „þanið skriðhljóð“ (tense glide) og hins vegar „lint skriðhljóð“ (lax glide). Þaða skriðhljóðið er samkvæmt þessu /h/ og lina skriðhljóðið er það sem Jakobson kallar „hið eina algjörlega ómarkaða tóma fónem í íslensku“.⁵⁹ Síðan bendir hann á að fráblástur sé einn af þeim þáttum sem geta fylgt lokhljóðum en í hljóðinu /h/, þ.e. þanda skriðhljóðinu, er fráblásturinn hins vegar eini þátturinn. Lokhljóð sem hafa ekki fráblástur eiga aðra þætti eftir. Sú er hins vegar ekki raunin með lina skriðhljóðið, sem er frábrugðið þanda skriðhljóðinu að því leyti að það hefur ekki fráblásturinn, hefur einfaldlega engan þátt, er eins konar hljóðfræðilegt tóm.

Sérhljóðastuðlunina skýrir Jakobson út frá þessu hljóðfræðilega tómi. Það sem ber uppi stuðlunina er í raun ekki sérhljóðarnir heldur þetta lina skriðhljóð (lax glide). Hann tekur dæmi af vísu eftir Einar Benediktsson:

Veri signuð _okkar _átt
_auðgist hauðrið fríða;
 beri tignarhvarminn hátt
heiða auðnin víða.

⁵⁴ Jakobson (1963:88).

⁵⁵ Suzuki (1996:310).

⁵⁶ Minkova (2003:139).

⁵⁷ Jakobson (1963).

⁵⁸ (eftir að hafa nefnt /l/ og /r/, sem ekki koma við þessa sögu)

⁵⁹ ... the sole wholly unmarked, zero phoneme of Icelandic. Jakobson (1963:86).

Það sem hér hefur verið undirstrikað er það sem stuðlar saman.⁶⁰ Í fyrri helmingi vísunnar er stuðlað með línu skriðhljóði, eða hljóðfræðilegu tómi, en í þeim seinni sjáum við stuðlun með þanda skriðhljóðinu. Jakobson leggur til að sérhljóðastuðlun verði eftirleiðis kölluð *stuðlun með línu skriðhljóði* (lax glide alliteration) eða einfaldlega *stuðlun með tómi* eða *tómstuðlun* (zero alliteration).⁶¹

Minkova⁶² ræðir kenningu Jakobsons og telur henni það helst til foráttu að kenningin um raddglufulokunina, sem hún ver af mikilli hörku í bók sinni, komi í staðinn fyrir kenningu Jakobsons og geri hana léttvæga og í raun óþarfa. Þessar tvær kenningar falla saman að því leyti að þær beina báðar athyglinni að sama stað, tóminu framan við sérhljóðann. Þær skarast þannig að ef hægt er að sanna kenningu um raddglufulokun sem skýringu á sérhljóðastuðlun er kenning Jakobsons um tóma stuðulinn þar með orðin umdeilanleg.

Kristján Árnason⁶³ gengur í sinni skýringu út frá svipuðum forsendum og Jakobson gerir. Hann vísar að því sem hér á undan var kallað *tómstuðlun* og bendir á að í því tilviki eru það ekki sameiginlegir þættir sem stuðlunin byggist á heldur það að þættir í umræddri stöðu eru ekki í andstöðu hver við annan (non-distinctness in relevant position). Stuðlunin er gild svo lengi sem í viðkomandi áhersluatkvæðum (framstöðusætum) er ekki að finna hljóð sem tilheyrir mismunandi jafngildisflokkum.

Kristján skýrir sérhljóðastuðlunina út frá því sem hann kallar hljómunarlágmark (sonority minimum). Hljómunarlágmark er á þeim stað í grennd við sérhljóðana sem er minnst atkvæðisbær.⁶⁴ Kristján skýrir fyrirbærið í tengslum við gnýstuðlana, þ.e. framstöðuklasana *sk*, *sp* og *st*, sem eins og vitað er stuðla aðeins hver við annan en ekki innbyrðis eða við önnur *s*-pör. Framstöðuklasinn *sk*, svo dæmi sé tekið, er þannig byggður að fyrri liður hans er /s/ sem hefur meiri hljómun en lokhljóðið /k/. Þannig er það *k*-ið sem ákvarðar jafngildisflokkinn vegna þess að þar er hljómunarlágmarkið. Þetta getum við borið saman við klasann *st*, sem til forna stuðlaði við *sn* og *s*+sérhljóð. Það skýrist af því að hljóðið /l/ hefur meiri hljómun en /s/ og þess vegna er hljómunarlágmarkið við þáttinn /s/ en ekki /l/. Þar af leiðandi greinir

⁶⁰ Jakobson (1963:87).

⁶¹ Jakobson (1963:91).

⁶² Minkova (2003:142).

⁶³ Kristján Árnason (2007:90).

⁶⁴ A sonority minimum is the least syllabic place relative to surrounding vowels.

Íð ekki á milli jafngildisflokka.⁶⁵ Næsta spurning er hins vegar hvers vegna klasinn *sk* geti þá ekki alveg eins stuðlað á móti /k/ ef það er *k*-ið sem afmarkar jafngildisflokkinn. Því svarar Kristján á þann hátt að út frá bragfræðilegu (metrical) sjónarhorni séð er það alltaf fyrsti þáttur klasans sem miðað er við, þ.e. upphaf klasanna sem stuðla saman verður að vera eins. Þess vegna getur *sk* ekki stuðlað við *k* heldur aðeins við *s* þó svo að í rauninni greini *k*-ið á milli jafngildisflokka.⁶⁶

Lág hljómun einkennist af því að viðkomandi þáttur er lítt eða ekki atkvæðisbær miðað við nærliggjandi þætti sem hafa til að bera meiri hljómun og eru atkvæðisbærir í meira mæli. Út frá þessu er hægt að líta svo á að tómi stuðullinn sem fer fyrir framstöðusérhljóðanum sé hljómunarlagmark. Stuðlunin byggist á lágmarks hljómun í upphafi orða og ef þessi framstöðusæti eru tóm, eins og gerist þegar orð hefjast á sérhljóða, eru þar heldur ekki þættir sem skipa þeim í mismunandi jafngildisflokka (they are trivially non-distinct), sbr. það sem rætt var hér að ofan. Þetta nægir til þess að sérhljóðarnir geta myndað einn jafngildisflokk þó að þeir séu í sjálfu sér ólíkir.⁶⁷

Lokaorð

Hér að framan hafa verið raktar helstu kenningar um það hvers vegna leyft er að stuðla með mismunandi sérhljóðum, um leið og samhljóðarnir lúta reglum sem ganga í þveröfuga átt. Þessum kenningum má gróft tekið skipta í fjóra flokka og setja þá fram á eftirfarandi hátt:

- a) raddglufulokun á undan sérhljóðinu
- b) sögulegur uppruni sérhljóðanna
- c) sameiginlegur þáttur [+sérhljóðakenndur]
- d) tómur stuðull

⁶⁵ Þetta er fyrir tíma sníkjuhljóðsins [t] sem scinna tróð sér inn á milli s og l með þeim afleiðingum að jafngildisflokkar stokkuðust upp. Sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson (2004:54 o.áfr.).

⁶⁶ Kristján Árnason (2007:92).

⁶⁷ Kristján Árnason (2007:92). Paul Kiparsky (1978) setti fram kenningu um sérhljóðastuðlun og framstöðuklasana *sk*, *sp* og *st*. Kenning hans er á sömu nótum og það sem kemur fram hjá Kristjáni og Roman Jakobson, þ.e. að það sem stuðlar er ekki sérhljóðinn sjálfur heldur skýrir hann fyrirbærið m.a. út frá mismunandi styrkleika í atkvæðum (Words alliterate if their initial „W“ is the same, sjá um það t.d. Minkovu (2003:141 og 211)). Kiparsky (1978:43–45).

Í kenningu a) er byggt á því að raddglufulokun sem átti (á) sér stað í upphafi hvers sérhljóðs í framstöðu (eða rétt á undan því) geri það að verkum að sérhljóðarnir hafi allir sams konar upphaf, verði að nokkurs konar samhljóðum, og því geti þeir tilheyrt sama jafngildisflokki. Þessi kenning lítur ekki illa út við fyrstu sýn en þegar betur er að gáð koma í ljós ýmiss konar mótrök sem erfitt er að ganga fram hjá. Er ekki dálítið tortryggilegt, eins og Kock⁶⁸ ræðir um, að hugsa til þess að fornmenn hafi getað heyrt raddglufulokunina svo greinilega að þeir hafi látið hana greina á milli jafngildisflokka? Fátítt er í dag að fólk greini þessa lokun í talmáli og þeir sem ekki eru innvígðir í samfélag málfræðinga og bragkunnáttumanna vita yfirleitt ekki að hún er til. Er ekki, eins og Kristján Árnason⁶⁹ bendir á, undarlegt að hvorki Ólafur Þórðarson hvítaskáld né sá glöggi maður sem skrifaði Fyrstu málfræðiritgerðina skuli minnast einu orði á þetta hljóð sem skipti svo miklu máli í þeirri stuðlun sem „... saman heldur norrænum skáldskap svá sem naglar halda skipi saman, er smiðr gerir ok ferr sundurlaust ella borð frá borði ...“ svo vitnað sé í Málskrúðsfræði Ólafs Þórðarsonar.⁷⁰ Og síðast en ekki síst skal vikið að því sem haft var eftir Kristjáni Árnasyni fyrr í greininni um að sérhljóðastuðlun var notuð í finnskum og írskum ljóðum á sama máta og gert var (og er gert enn) í germönskum kveðskap? Þetta þýðir í raun að hver sú skýring sem sett er fram á sérhljóðastuðluninni verður að gera grein fyrir þeirri samsvörun. Vitað er að umrædd raddbandalokun fyrirfinnst ekki í finnsku⁷¹ svo það er að minnsta kosti ljóst að stuðlun með mismunandi sérhljóðum í finnskum kveðskap verður að skýra með einhverju öðru.

Kenningin um raddglufulokun dugir því einfaldlega ekki sem fullnaðarskýring á því hvers vegna leyft var að stuðla með ólíkum sérhljóðum. Raddglufulokunin gæti hugsanlega hafa stutt við sérhljóðastuðlun þannig að hún yrði áheyrilegri en hægt er að fullyrða að lokunin hafi ekki verið nauðsynleg forsenda stuðlunar, þannig að stuðlavensl komist ekki á nema lokhljóðið birtist. Lokunin er valfrjáls í nútímamáli og ef hún væri nauðsynleg forsenda stuðlavensla myndi braglína eins og „Yfir kaldan eyðisand“ stuðla stundum og stundum ekki eftir flutningi. Líklegt er að ef raddglufulokun hefur

⁶⁸ Kock (1889–94).

⁶⁹ Kristján Árnason (2000).

⁷⁰ Björn M. Ólsen (1884).

⁷¹ Aðalsteinn Davíðsson (2007) og Kiparsky (1968:139).

verið til í fornu máli hafi hún verið valfrjáls, víst er að hún hefur ekki verið fónemísk.⁷²

Það sama á við um næstu tvær kenningar. Sú sem kennd er við Kock⁷³ og Classen,⁷⁴ um að upphaflega hafi hver braglína verið stuðluð með sams konar sérhljóðum, er eins og sú sem nefnd var hér á undan að því leyti að við fyrstu sýn lítur hún alls ekki illa út. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að á bak við hana eru engin dæmi úr textum heldur byggist hún á ágiskunum um eitthvað sem höfundar hennar telja trúlegt að hefði getað verið. Þótt góður vilji sé fyrir hendi er tæpast hægt að gefa mikið fyrir slíkar niðurstöður. Þar að auki hafa bæði Holméru⁷⁵ og Jiriczek⁷⁶ bent á að afar ólíklegt er að brageyra fólks breytist með svo afgerandi hætti og Hoops⁷⁷ vitnar í Snorra Sturluson og spyr hvers vegna stuðlun með ólíkum sérhljóðum hafi þá verið í svo miklu uppáhaldi tiltölulega stuttu eftir að slíkt var óleyfilegt samkvæmt reglunum.⁷⁸

Kenning Jiriczeks um að þátturinn [+sérhljóðakenndur] hafi sett alla sérhljóða í sama jafngildisflokkinn er einnig heldur ótrúverðug. Einn slíkur þáttur hefur ekki áhrif á jafngildisflokkana. Ef sú væri raunin gætu aðrir þættir líka tekið að leika einleik í stuðluninni, eins og bent hefur verið á hér að framan, og þá er hætt við að sitthvað færi sundurlaust borð frá borði svo aftur sé vitnað til Ólafs Þórðarsonar.

Þær þrjár kenningar um sérhljóðastuðlun sem raktar hafa verið hér að framan eiga það sameiginlegt að þar er leitað að lausn gátunnar í hljóðfræði eða hljóðkerfisfræði tungumálsins. Í einni er talað um raddglufulokun sem tekur á sig mynd samhljóðs, önnur er málsögulegs eðlis þar sem lausnarinnar er meðal annars leitað í hljóðvörpunum, í þeirri þriðju er gengið út frá því að einn málhljóðsþáttur feli í sér lausnina.

Sú þverstaða sem skapast í bragfræðinni á milli samhljóða annars

⁷² Ég þakka Kristjáni Árnasyni prófessor fyrir gagnlegar ábendingar hvað þetta varðar.

⁷³ Kock (1889–94).

⁷⁴ Classen (1913).

⁷⁵ Holméru (1936).

⁷⁶ Jiriczek (1896).

⁷⁷ Hoops (1918–1919).

⁷⁸ Íslensk rannsókn (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004) bendir til þess að ekki hafi orðið breyting á sérhljóðastuðlun í íslenskum kveðskap síðast liðin 1100 ár. Hafi á forsögulegum tíma verið skylda að stuðla með sams konar sérhljóðum væri hægt að ímynda sér að skáld sem standa næst þeirri reglu í tímanum hefðu tilhneigingu til að nota oftar sams konar sérhljóða en þau sem á eftir koma. Sú er þó alls ekki raunin samkvæmt rannsókninni.

vegar og sérhljóða hins vegar, þ.e. að samhljóðar stuðla aðeins innbyrðis en sérhljóðarnir stuðla hver við annan, verður ekki skýrð út frá málfræðilögmálunum einum. En eins og Kristján Árnason⁷⁹ hefur bent á er mikilvægt að halda aðskildum þessum tveimur kerfum, málfræðikerfi og bragfræðikerfi, þó að þau séu vissulega skyld og hlutverk þeirra skarist oft verulega. Fjórdða kenningin, liður d) hér að ofan, um tóma stuðulinn, styðst að vísu við hljóðfræðileg hugtök en byggist einnig á lögmálum bragkerfisins. Jakobson⁸⁰ setti upphaflega fram hugmynd um að það sem stuðlaði væru ekki sérhljóðarnir sjálfir heldur eins konar tómarúm sem kæmi fram fyrir framan þá.⁸¹ Kristján Árnason⁸² bætir svo um betur og gengur lengra með hugmyndina. Þar sem myndast hljómunarlágmark í framstöðu orða, þar greinir bragkerfið á milli jafngildisflokka eftir reglum um ljóðstafi, reglum sem fara sínar eigin leiðir til hliðar við málfræðina. Tómi stuðullinn nær því að vera hljómunarlágmark og þar með afmarkast sams konar jafngildisflokkur framan við alla sérhljóðana. Hér má vissulega sjá að verki ákveðin málfræðilögmál en það sem ákvarðar stuðlunina, þær reglur sem skapast um jafngildisflokka, þær eru bragfræðilegs eðlis og þar nýtast lögmál úr hljóðfræði og hljóðkerfisfræði aðeins sem tæki til að ná markmiðunum. Þessi niðurstaða Kristjáns skýrir betur en annað þá þverstæðu sem hér hefur verið til umræðu. Kenningin um tóma stuðulinn reynist því, þegar allt hefur verið dregið saman, sú eina af þeim fjórum sem hér hafa verið raktar sem kallast getur verulega trúverðug.

HEIMILDIR

Aðalsteinn Davíðsson. 2007. Munnleg heimild.

Björn M. Ólsen. 1884. (ritstj.). *Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda*. København. Samfundet til udgivelse af gammel nordisk litteratur/Fr. G. Knudtzons bogtrykkeri.

⁷⁹ Kristján Árnason (2007:81–82).

⁸⁰ Jakobson (1963).

⁸¹ Sjá einnig Kiparsky (1978) eins og fyrr var bent á. Kenninguna um tóma stuðulinn má reyndar sjá víðar. Í bókinni *Clavis Metrica* eftir Stephen N. Tranter, þar sem rætt er um stuðun í fornírskum og íslenskum ljóðum, er þetta orðað þannig: The alliterating consonant may be zero; that is, any syllable beginning without a consonant may alliterate with any other syllable beginning without a consonant, provided the remaining metrical conditions (e.g. accent, position) are fulfilled. Tranter (1997:137).

⁸² Kristján Árnason (2007).

- Classen, Albert. 1913. *On Vowel Alliteration in the Old Germanic Languages*. Manchester University Press, Manchester.
- Heusler, Andreas. 1925–1929. *Deutsche Versgeschichte mit Einschluss des altenglischen und altnordischen Stabreimverse I–III*, Walter de Gruyter, Berlin, endurpr. 1956.
- Hammerich, L.L. 1948. *Laryngeal before Sonant*. I kommission hos Ejnar Munksgaard, København.
- Holmérus, Ragnar. 1936. *Studier över alliterationen i Eddan*. Akademisk avhandling vid Helsingfors Universitet, Helsingfors.
- Hoops, Johannes. 1918–1919. *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde I–IV*, Strassburg.
- Hreinn Benediktsson. 1972. (Gaf út). *The First Grammatical Treatise*. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Jakobson, Roman. 1963. „On the so-called vowel alliteration in Germanic verse“. *Festgabe für Otto von Essen zum 65. Geburtstag 20. Mai 1963*. Zeitschrift für Phonetik, Sprachwissenschaft und Kommunikationsforschung, Band 16, Heft 1/3:85–94. Akademie-Verlag, Berlin.
- Jespersen, Otto. 1913. *Lehrbuch der Phonetik*. Zweite Auflage. Verlag von B.G. Teubner in Leipzig und Berlin.
- Jiriczek, O. 1896. „Anmälán av A. Kock. Östnordiska och latinska medeltidsordspråk.“ *Zeitschrift für Deutsche Philologi* 28, 547 ff.
- Jón Ólafsson Svefneyingur. 1786. *Om Nordens Gamle Digtekunst, dens Grundregler, Versarter, Sprog og Foredragsmaade*. Trykt hos August Friderich Stein, Kiøbenhavn.
- Kabell, Aage. 1978. *Metrische Studien I. Der Alliterations-Vers*. Munich: Wilhelm Fink Verlag.
- Kauffmann, Friedrich. 1897. *Deutsche Metrik nach ihrer geschichtlichen Entwicklung*. N.G. Elwert'sche Verlags-Buchhandlung, Marburg.
- Kiparsky, Paul. 1968. „Metrics and Morphophonemics in the Kalevala.“ *Studies presented to Professor Roman Jakobson by his Students*, bls. 137–148. Slavica Publishers, inc. Cambridge, Massachusetts.
- Kiparsky, Paul. 1978. „Recent developments in generative phonology,“ í John Weinstock (ritstj.), *The Nordic Language and Modern Linguistics* 3. Austin: University of Texas Press, 42–49.
- Kock, Axel. 1889–1894. *Östnordiska och latinska medeltidsordspråk I*. Texter med inledning, udgivna av Axel Kock och Carl af Petersens, København.
- Kristján Árnason. 2000. *The Rhythm of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. University of Iceland, Institute of Linguistics, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- Kristján Árnason. 2007. „On the principles of Nodic rhyme and alliteration.“ *Arkiv för nordisk filologi* 122:79–116.
- Lass, Roger. 1995. „Glottal stopp and linking [h] in South African English: with a note on two antique connections,“ in Juhani Klemola, Merja Kyto, and Matti Rissanen (eds.), *Speech Past and Present: Studies in English Dialectology in Memory of Ossi Ihalainen*. (Bamberger Beiträge zur Englischen Sprachwissenschaft 38.) Frankfurt am Main: Peter Lang, 130–151.
- Minkova, Donka. 2003. *Alliteration and Sound Changes in Early English*. *Cambridge Studies in Linguistics* 101. Cambridge University Press, Cambridge.
- Murphy, Gerard. 1961. *Early Irish metrics*. Royal Irish Academy, Hodges, Figgis & Co., Dublin.
- Pipping, Hugo. 1903. *Bidrag til Eddametrikken*. Skrifter utgifna av Svenska Litteratursällskapet i Finland LIX, Helsingfors.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2004. *Frá Braga til Steins*. Óprentuð M.A.-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Rapp, A.M. 1836. *Versuch einer Physiologie der Sprache nebst historischer Entwicklung der abendländischen Idiome nach physiologischen Grundsessen*. Erster Band. In der J.E. Gotta'schen Buchhandlung, Stuttgart und Tübingen.
- Scarfe, Helmuth. 1972. „Vokaleinsatz und Laryngaltheorie.“ *Zeitschrift für Vergleichende Sprachforschung* 86, 155–177.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Halle.
- Sievers, Eduard. 1901. *Grundzüge der Phonetik zur Einführung in das Studium der Leutlehre der Indogermanischen Sprachen*, fünfte verbesserte Auflage. Leipzig: Druck und Verlag von Breitkopf & Härtel.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Háttatal*. Ritstj. Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College London.
- Suzuki, Seiichi. 1996. *The metrical Organization of Beowulf. Prototype and Isomorphism*. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Tranter, Stephen N. 1997. *Clavis Metrica. Háttatal, Háttalykill and the Irish Metrical Tracts*. Helbing & Lichtenhahn Verlag AG. Basel und Frankfurt am Main.

Olav H. Hauge

Átta ljóð

Bergsveinn Birgisson þýddi

Mig rekur

Mig rekur,
fyrir vindum, fyrir bárum.
Ég hef krafsað mig upp á rekadrumb,
og er hreykinn af því
hve hann er útkrotaður.

Laufkofar og snjóhús

Það er ekkert tilkomumikið við
þessi stef, bara
nokkur orð, hrúgað saman
af handahófi.
Mér finnst
samt sem áður
ágætt að smíða þau, þá
er sem ég eigi mér afdrep
dálitla stund.
Mér koma í hug laufkofarnir
sem við byggðum
þegar við vorum lítil:
Krjúpa inn í þá, sitja
og hlusta á regnið,
kenna til einverunnar í skógunum,
finna dropana á nefinu
og í hárinu –
Eða snjóhúsin um jólin,
krjúpa inn og loka á eftir sér með poka,
kveikja á kerti, una þar
á köldum kvöldum.

Þegar öllu er á botninn hvolft

Árum saman hefur þú setið boginn yfir bókunum
og sankað að þér meiri þekkingu
en þú þarft fyrir níu líf.
Þegar öllu er á botninn hvolft er það
sáralítið, sem maður þarf, og það litla
hefur hjartað alltaf vitað.
Í Egyptalandi hafði lærdómsguðinn
höfuð eins og api.

Vegur þinn

Enginn hefur varðað veginn,
veginn sem þú skalt á
út í firrðlöndin
óþekkt – og blá.

Þú skalt ganga þennan veg
og þér við hlið
er enginn, og það er óráð
að ætla að snúa við.

Og ekki varðar þú heldur
veginn þinn.
Og vindurinn feykir förunum burt
um fjallveginn.

Ég stend hér núna

Ég stend hér núna
niðurbrotinn.
Allt að baki,
æskan þrotin.

Mín för hún bugðast
um fjallahyrnu.
Á skáldlegar línur
ég skotraði glyrnu.

Þú leitar hjá öðrum
eftir eldi,
sem úrkula verður
á einu kveldi.

Því annars reynsla
er einskis virði
þann dag er þú stendur
fyrir dregnu sverði.

Það eitt sem þú átt
er yggjir sig svarta
veran með ljáinn
er ljósið í hjarta.

Gylltur hani

Löngu dauður og luktur eigin skel,
lifði ég sem keisarans hani: tómur,
í Miklagarði gall minn hvelli hljómur,
gulli sleginn ég rembdist og sperrti stél.

Þar til mig draumur vakti um veislunátt,
varð að ösku hamur, mig fór að dreyma:
Ég stend við dyr og húsið sefur, – heima –
mitt hjartað bernska slær í mildri sátt.

Inn um gætt ég mæni, máninn skín,
mamma og pabbi, – slitið viðargólf,
þú varst svo lengi? kemur kennd án orða.

Sorgin hrærði handan þungt sinn kólf
er hjartað sökk og hvarf mér draumsins sýn.
Ég gól á ný með gylltan keisarans borða.

Nú er minn hugur kyr

Nú er minn hugur kyr
og öldur dauðar.
Ernirnir koma heim
með klærnar rauðar.

Hvunn dags

Stormana stríðu
hefur þú að baki.
Þá spurðir þú ekki
hví þú varst til,
hvaðan þú komst, eða hvar þú gekkst,
þú bara varst í storminum
varst í eldinum.
En það er líka hægt að lifa
í gráma hversdagsins
setja niður kartöflur, raka lauf
og bera birkivendi,
það er svo margt að hugsa um hér í heimi,
eitt mannlíf dugir ekki til.
Eftir dagsstritið geturðu steikt kótilettu
og lesið kínverskan brag.
Laertes gamli klippti til runna
og plantaði fíkjutrjám,
og lét hetjurnar berjast við Tróju.

Kristján Eiríksson

Hallgrímur Pétursson

skáld alþýðunnar

Hallgrímur Pétursson er óumdeilanlega frægast trúarskáld Íslendinga og hefur jafnan verið talinn einhver mestur guðsvinur í sögu þjóðarinnar. Fyrir utan það að boða kristna kenningu mótmælenda af meiri innileik og snilld en önnur skáld þá er samband hans við hinn líðandi Krist svo óskilgreinanlega náði að erfitt er að sjá hvar Jesús endar og Hallgrímur byrjar. Hann hefur um aldir fylgt Íslendingum frá vöggu til grafar og kveðið menn í sátt við hverfuleika lífsins með söng svo fögrum í sálminum um blómið „að sólin skein í gegnum dauðans göng“.¹

Heilræði, lífsviska og algild sannindi eru snar þáttur í skáldskap Hallgríms og hefur það ekki síst skírskotað til almennings. Skulu hér tekin nokkur dæmi af handahófi úr Passíusálmunum:

Sú von er bæði völt og myrk,
að voga freklega á holdsins styrk,
án Guðs náðar er allt vort traust
óstöðugt, veikt og hjálparlaust

(Úr 1. Passíusálmi)

Bænin má aldrei bresta þig,
búin er freisting ýmislig;
þá líf og sál er lúð og þjád
lykill er hún að drottins náð

(Úr 4. Passíusálmi)

Oft má af máli þekkja
manninn, hver helst hann er

(Úr 11. Passíusálmi)

¹ Matthías Jochumsson (1956:103).

Ónýt er iðrun tæp,
að því skal hyggja,
ef þú í gjörðum glæp
girnist að liggja.

(Úr 12. Passíusálmi)

Ókenndum þér, þó aumur sé,
aldrei legðu háð né spé

(Úr 14. Passíusálmi)

Hvað höfðingjarnir hafast að
hinir meina sér leyfist það.

(Úr 22. Passíusálmi)

Vei þeim dómara er veit og sér
víst hvað um málið réttast er;
vinnur það þó fyrir vinskapi manns,
að víkja af götu sannleikans.

(Úr 27. Passíusálmi)

Síðustu tveim ljóðlínunum hefur þjóðin vikið aðeins við og gert að spakmæli:

Vinn það ei fyrir vinskapi manns
að víkja af götu sannleikans.

En það er ekki einungis vegna þessa sem þjóðin hefur lifað sig inn í kveðskap Hallgríms og ævi heldur vegna þess að hann hafði deilt kjörum með alþýðunni, þolað með henni súrt og sætt og kunni að lýsa lífi hennar betur en nokkur annar, allt frá því að vera glaður á góðri stund til þess að sjá á eftir ,eftirlæti sínu og yndi‘ í gröfina. – Og þjóðin býr sér til eigin mynd af skáldi sínu sem birtist í sögum og sögnum úr lífi þess svo hann, sem fyrstur manna var nefndur þjóðskáld, verður jafnframt einhver mest þjóðsagnapersóna Íslandssögunnar. Sumar þessara sagna varðveita vafalaust talsverðan sannleikskjarna, aðrar minni og fjölmargar þann einn sannleik að spegla viðhorf þjóðarinnar til skálds síns. Þannig eigna þjóðsögur Hallgrími fjölda kvæða og vísna, sumra trúlega með réttu en einnig fjölda kveðlinga sem ekki eru eftir hann. En það er reyndar algengt að stórskáldum séu eignuð verk minni skálda.

Þjóðsögur um ævi Hallgríms hafa tekið að myndast mjög snemma. Það sést best á því að í ævisögu hans sem Vigfús Jónsson í Hítardal (1736–1795) skrifar eru ýmsar slíkar sagnir sem hann hefur orðið að styðjast við og það verður reyndar að segjast að einmitt þær sögur gefa frásögninni líf og lit. Þar er og svohljóðandi lýsing af Hallgrími og háttum hans:

Að ytra útliti hafði hann verið stór og ólíðlega vaxinn, dökkur á hár og hörund, svo sem hann sjálfur stingur á í gamanvísu sinni á þennan hátt:

Sá, sem orti rímur af Ref,
reiknast ætíð glaður,
með svartar brýr og sívalt nef,
svo er hann uppkastaður (málaður).

Hann var í söng mjög stíðraddaður, hvörsdagslega skemmtinn og glaðsinna, svo hann kastaði oftlega gamanvísu fram um ýmsa tilburði, sem tilféllu og broslegir voru, hvar af orsakaðist enn fremur skemmtan, hvað stundum þótti þó um of, helzt ef nokkrir kátir riðu undir hann, þar hönum hafði verið gjarnt að vera í þeirra selskap, jafnvel þar sem fjölmenni var, svo sem í brúðkaupum og á alþingi, hvað velvildarmönnum hans var ógeðfellt, svo að þó þeir vildu halda hönum þar frá, samt tókst það ekki að vilja þeirra, því maðurinn var upp á slétta bændavísu í siðferði og háttalagi, hvar af það sést að það hét um hann sem aðra menn: Hvör hefir sinn brest. Samt meðkenna og játa allir, sem af skynsemi tala og sannleikann vilja segja, að hann var þar fyrir utan hinn gáfu- og andríkasti prédikari og hið besta skáld á síðari tímum hér á landi, hvar um ljósast bera vitni hans sálmar og kveðingar, hvörjir nú varla fást óafbakaðir, og traudlega finnst gamanvísa eður kvæði eftir hann, ef rétt fengist, að ei megi þekkjast frá annarra kvæðaskap.²

Má af þessu glöggst sjá að höfðingjunum, vinum Hallgríms, hefur þótt nóg um alþýðleika hans. En sá þáttur í fari hans stuðlaði ekki hvað síst að vinsældum hans meðal alþýðu allrar og engin furða þótt af honum gengju sögur sem með tímanum uxu og runnu inn í þjóð-

² Vigfús Jónsson (1947:21–22).

sagnasjód kynslóðanna. Jón Ólafsson úr Grunnavík var samtíða Hildi, dóttur Arngríms lærða í Víðidalstungu, er hún dvaldi þar hjá Páli Vídalín, syni sínum. Hildur var í æsku hjá bróður sínum, séra Þorkeli Arngrímssyni presti í Görðum á Álftanesi, og sagði hún Jóni frá því er hún var léð til að fylgja Margrétu, konu Tómasar Nikulássonar fógeta á Bessastöðum, vestur á Snæfellsnes. Það mun hafa verið á leið til baka sem þær hittu Hallgrím prest í Saurbæ og segir Jón svo frá þeim fundi í ritgerð sinni „Um þá lærðu Vídalína“:

Í þeirri ferð komu þær að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og vildi Margrét hafa þar fylgd inn með firðinum, því þau hjón höfðu veðjað um, hvort þeirra fljóttara skyldi verða að komast áfram, hann á skipi eður hún á hesti. Reið hún því náttfari og dagfari sem mest mátti. Þá sá hún síra Hallgrím Pétursson; lét hann ei fógetakonu vita hver hann var, en lét sem hann skilaði boðunum inn í bæinn til prests, þá hann skipaði einhverjum vinnumanni sínum að sækja hest og fylgja. Á meðan kallaði hann Hildi nokkuð afsíðis, þóttist vita hverra manna hún væri, bað hana vera ei lengi hjá fólki þessu, og kvað annað meira og betra mundi fyrir henni liggja, og jafnvel þeir einhverjir af henni lifna, er mannmót mundi að þykja, og bað vel fyrir henni að skilnaði. Sagði [hún] hverninn hann hefði verið almúgalegur í yfirbragði og snöggklæddur í því sinni. Þá þær voru riðnar af stað spurði fógetakona hver sá hinn gamli maður hefði verið, sem við hana talaði. En þá Hildur hafði gert hana þess vísari var hún leingi að stagast á orðum þessum fram á nóttina: „Var det ikke skamm, at jeg inte kjænte Præsten?“³

Gísli Konráðsson (1787–1877) hefur safnað fjölda þjóðsagna um Hallgrím og eru sumar þeirra þær sömu og þegar voru komnar fram í áður nefndri ævisögu Hallgríms eftir Vigfús Jónsson. Er greinilegt að Gísli hefur stuðst við hana. Flestar þjóðsagnir Gísla munu hafa birst í ársritinu *Gesti Vestfirðingi* 1855 í þætti sem nefndur er „Saga frá Hallgrími presti Péturssyni skáldi“.⁴ – Skal nú hér á eftir stiklað á stóru um þjóðsögur og sagnir tengdar Hallgrími.

Talið hefur verið að Hallgrímur hafi verið fæddur í Gröf á Höfða-

³ Jón Ólafsson (1897:xxx–xxxi).

⁴ Höfundar þáttarins er ekki getið en í handritum Gísla má finna þessar sagnir lítt breyttar.

strönd⁵ og þjóðsögur telja hann hafa lifað þar sín bernskuár áður en hann fluttist til Hóla þar sem Pétur faðir hans var hringjari en hann og Guðbrandur Þorláksson biskup voru að öðrum og þriðja, báðir komnir út af Barna-Sveinbirni sem sagt var að „hafi átt 50 börn og alla hálfrefi að auki“⁶. Í Gröf er sagt að Hallgrími yrði fyrst vísa af munni er rófan á kettinum kom upp á milli pallfalanna. Varð sveininum þá bilt við og kvað:

Í huganum var eg hikandi,
af hræðslu nærri fallinn:
kattarrófan kvikandi
kom hér upp á pallinn.

Sú sögn er einnig tengd Gröf að Guðbrandur biskup hafi ridið þar um garð þar sem börnin voru í berjamó. Spurði biskup börnin hvað þau væru að gera og svaraði Hallgrímur þegar með vísu:

Eg er að tína þúfna-hnot
í þrætukot;
mylur málakvörn
miðlungs hnöttinn hvörn.

Neðanmáls við frásögn þessa í *Gesti Vestfirðingi* er vitnað til Tómasar [Tómassonar] lögsagnara á Ásgeirsá (1756–1811) sem „sagði svo frá, að þegar biskup kom að þeim Hallgrími, væri börnin að þrætast á um berjailátin, og vildi hvert eigna sér ílát það er mest voru í berin, og því kallaði Hallgrímur þau „þrætukot“. „Thómas sagði og, að þá hefði Hallgrímur verið fullra 8 ára, og ei þekkt staf á bók.“⁷

Þá segir sagan að biskup hafi viljað prófa hann frekar og ljóðað á sveininn:

„Hver hefur skapað þig, skepnan mín?
skýr þú mér það núna!
hver þig fyrir þolað þín?
þér hver gefið trúna?“

⁵ Vigfús Jónsson nefnir þó ekki Gröf í ævisögu Hallgríms heldur segir aðeins: „Síra Hallgrímur er fæddur hér um 1614, hvört heldur á Hólum í Hjaltadal eður annars staðar er ei greint.“ (Vigfús Jónsson (1947:7)).

⁶ Sjá Vigfús Jónsson (1947:5) og *Gestur Vestfirðingur* (1855:37).

⁷ *Gestur Vestfirðingur* (1855:43).

Hallgrímur svaraði þegar:

Guð faðir mig gjörði sinn,
 Guðssonur mig leysti,
 Guðs fyrir andann gafst mér inn
 góður trúarneisti.

Pá er sagt, að eptir það tæki Guðbrandur biskup hann til Hóla.⁸ Vísur þessar höfðu áður en frásögnin birtist í *Gesti Vestfirðingi* verið prentaðar undir heitinu „Trúarjátning“ í ljóðabók Jóns Þorlákssonar sem Jón Sigurðsson gaf út. Því er þess getið neðanmáls í *Gesti Vestfirðingi* að vísan „Hver hefur skapað þig, skepnan mín?“ sé „eldri en eptir Jón prest Þorláksson, því gamlir menn kunnu hana fyrir hans daga“.⁹

Satt að segja bendir fátt til þess að sagnir þessar af Hallgrími eigi við rök að styðjast. Vísan „Eg er að túna þúfna-hnot / í þrætukot“ er dæmigerð gátuvísa þar sem beinast liggur við að líta svo á að „þrætukot“ sé munnurinn en ekki berjaflát eins og Tómas lögsagnari hefur talið.

Sé það rétt að Hallgrímur hafi ekki komið til Hóla heim fyrr en átta vetra gamall hefur hann ekki verið lengi samvistum við Guðbrand heilan heilsu því hann veiktist á hvítasunnudag 1624 og var karlægur eftir það uns hann dó þrem árum seinna. Eftir veikindi biskups tekur Halldóra dóttir hans við staðarforráðum en Arngrímur lærði gegndi störfum biskups. Í ævisögu Hallgríms eftir Vigfús Jónsson segir að Hallgrímur hafi að sumra sögn komist „í einhvörja ólempni fyrir kveðskap eður þesskonar ungæðingshátt hjá fyrirkvenfólki á stólnum“.¹⁰ Lítið er vitað um þennan kveðskap en þó má geta þess að Jón Þorkelsson tilfærir eftirfarandi vísu neðanmáls í útgáfu sinni að Vísnakveri Páls Vídalíns sem athugasemd við ritgerð Jóns Ólafssonar „Um þá lærðu Vídalína“. Vísan er um morgunverk Arngríms lærða:

Sefur, vaknar, sér við snýr,
 sest upp, etur, vætir kvið,
 hóstar, ræskir, hnerrar, spýr,
 hikstar, geispar, rekur við.¹¹

⁸ *Gestur Vestfirðingur* (1855:43).

⁹ *Gestur Vestfirðingur* (1855:43).

¹⁰ Vigfús Jónsson (1947:7).

¹¹ Sjá Jón Ólafsson (1897:xxxi, 1. nmgr. eftir Jón Þorkelsson).

Hvernig sem þessu hefur verið háttað þá virðist Hallgrímur hafa farið utan fljótlega eftir dauða Guðbrands og enn eru upplýsingar um hann heldur þokukenndar og á reiki. Hann er sagður hafa lent hjá járnsmið eða kolamanni (kolakaupmanni) í Glückstadt í Þýskalandi en virðist síðan fljótlega hafa lent til Kaupmannahafnar í járnsmíðanám. Segir þjóðsagan að meistarinn hafi eitt sinn leikið sveininn illa sem ekki var fátítt í þeirri stétt. Var Hallgrímur nýgenginn út úr smíðjunni og formælti meistara sínum á íslensku er magister Brynjólf Sveinsson bar þar að og heyrði á sitt móðurmál af vörum sveinsins og þótti orðin „að sönnu ófögur, en þó orðatiltækið ekki ómjúklegt eður ólíðlegt“, segir Vigfús Jónsson í *Ævisögu Hallgríms*.¹² Tóku þeir Hallgrímur og Brynjólfur síðan tal saman og hvatti Brynjólfur Hallgrím til að hætta járnsmíðanámi sínu og komst hann svo fyrir fulltingi Brynjólfs í Skóla vorrar frúar í Kaupmannahöfn. Agi í skólanum var strangur „og nákvæmar reglur um alla hegðun“, til dæmis var það sérstaklega tekið fram að skólasveinum væri bannað að snýta sér í húfur sínar eða önnur klæði.¹³

Hallgrími sóttist námið skjótt og var farinn að sjá fyrir endann á því er hann árið 1636 var settur til að hressa upp á kristindóm Íslendinga þeirra sem keyptir höfðu verið lausir úr Barbaríinu eftir Tyrkjarán. Ein af þeim var Guðríður Símonardóttir úr Vestmannaeyjum, sextán árum eldri en Hallgrímur. Hún hefur trúlega verið mikil glæsikona enda metin til 50 kyrverða (200 ríkisdala) er hún var keypt. Ástir tókust þegar með þeim Hallgrími og báru bráðan ávöxt og tók vist Hallgríms í skólanum þá skjótan endi. Fóru þau Guðríður þá heim til Íslands og settust að á Suðurnesjum þar sem Guðríður ól barnið í Ytri-Njarðvík, tæpu ári eftir að hún kom til Danmerkur úr Barbaríinu. Svo heppilega vildi til að Eyjólfur, maður Guðríðar í Vestmannaeyjum, var druknaður þegar þau komu til Íslands og reiknaðist brot þeirra vegna þess einungis frillulífisbrot og gátu þau því gengið í hjónaband að fengnu leyfi og sektargreiðslu.

Ekki er mikið vitað um Hallgrím og Guðríði á næstu árum en þau virðast hafa búið á Suðurnesjum við hina mestu fátækt og verið að nokkru upp á aðra komin eins og fram kemur í vísu er sagt er að Hallgrímur hafi kveðið eitt sinn er hann var á ferð í Hraunum suður í vondu veðri og var synjað gistingar:

¹² Vigfús Jónsson (1947:8).

¹³ Sjá Magnús Jónsson (1947:35–36).

Úti stend eg ekki glaður,
illum þjáður kaununum.
Þraut er að vera þurfamaður
þrælanna í Hraununum.¹⁴

Hallgrímur svarar sem vænta má fyrir sig þyki honum sér sýnd rangsleitni og sérstaklega virðist honum hafa verið uppsigað við stórbokka. Þegar Torfi Erlendsson, sýslumaður á Stafnesi, faðir Þormóðar sagnaritara, kallaði skáldið „líðilegan slordóna“ er hann sá það illa búið að klæðum orti Hallgrímur:

Áður en dauður drepst úr hor
drengr á rauðum kjóli
feginn verður að sleikja slor
slepjaður húsgangsdóli.¹⁵

Einnig eru sagnir um að Hallgrímur hafi kveðið eftir höfðingjann Torfa dauðan sex vísur en aðeins ein þeirra hafði loðað í minni manna á síðari hluta 19. aldar og var hún svohljóðandi:

Tveir eru að smíða Torfa kistu,
tala skal um það nú í fyrstu,
dauður er hann;
seggir voru með sinni tvistu,
sýslu Árnass þegar misstu
höfðingjann.¹⁶

Og um Einar útvegsbónda í Vogum kvað hann:

Fiskurinn hefur þig feitan gert
sem færður er upp með togum.
Þótt þú digur um svírann sért
samt ertu Einar í Vogum.

Vísunnar mun fyrst getið í heimildum svo vitað sé í bréfi frá séra Torfa Jónssyni í Gaulverjabæ til Þormóðar Torfasonar, dagsettu 27. júlí 1687.¹⁷

¹⁴ *Gestur Vestfirðingur* (1855:50).

¹⁵ *Gestur Vestfirðingur* (1855:49–50).

¹⁶ Jón Þorkelsson (1914:42).

¹⁷ *AM 285 b fol IV*, bls. 78.

Í syrpu Gísla Konráðssonar í Gesti Vestfirðingi segir frá því að Brynjólfur biskup hafi vísiterað í Kálfatjarnarsókn og hafi leyft mönnum að róa en sleppt fræðalestri enda hafði þá verið mikið fiskileysi. Hafi biskup síðan blessað fiskhjalla manna og kot eitt sem nefnt var Víti í daglegu tali en þar bjó karl einn gamall. Lagði biskup út af því er Kristur mettaði fimm þúsund manns. Hallgrímur, sem þá mun hafa verið búðsetumaður þar í grennd, orti af því tilefni kviðling þennan.

Biskupinn blessar hjalla,
 bilar þá aldrei upp frá því.
 Krosshús og kirkjur allar
 og karlinn, sem býr Víti í;
 fiskiföng formenn sækja,
 fræðasöng þurfa ei rækja,
 ágirnd röng reiknast ei til klækja.¹⁸

Vera má þó að Hallgrímur hafi verið orðinn prestur á Hvalsnesi er hann kvað vísu þessa ef rétt er athugasemd Finns biskups við ævisögu Vigfúsar bróður síns þar sem hann segir: „Víst er það, að ei gæzt mag. Brynjólfi alltið að kveðskap síra Hallgríms. Því sagði hann strax sem hann heyrði þessa vísu: „Biskupinn blessar hjalla“, og menn voru að geta til, hvör author hennar mundi vera: „Það er auðþekkt. Það er eitt spottið úr honum síra Hallgrími.““¹⁹

Svo kom að Hallgrímur fékk uppreisn og vígði hinn forni velgerðarmaður hans, Brynjólfur biskup Sveinsson, hann prest til Hvalsnesþinga árið 1643.

Á Hvalsnesi sýnist Hallgrímur hafa átt heldur óhæga vist þar sem stórbokkunum í nágrenninu mun hafa þótt sér óvirðing ger með því að fá yfir sig prest svo lágan mann sem verið hafði með þeim í litlum metum. Ekki hefur heldur bætt úr skák að hann orti um höfðingjana svo undan sveið en fátt virðist hann hafa þolað verr en stórbokkaskap og fordild enda sjálfur „upp á slétta bændavísu“. Vísa Hallgríms um Arngrím lærða á Alþingi hefur verið kveðin á þessum árum en frá henni og tildrögum hennar segir Jón úr Grunnavík svo:

Menn segja einnig, að hann [þ.e. Arngrímur] hafi verið þóttalegur í fasi og framgaungu, og státað sig nokkuð. Því bar svo

¹⁸ *Gestur Vestfirðingur* (1855:66).

¹⁹ Vigfús Jónsson (1947:26).

við, að einu sinni á alþingi þá síra Arngrímur var að ganga um gólf eður spatziera fyrir sig alleina þar fyrir neðan á lögréttu-eyrinni, en síra Hallgrímur skáld Pétursson lá þar fyrir ofan uppi í hallinum, og var að tala þar við ýmsa menn og gamna sér við smádreingi og leit síra Arngrím ganga niðri á eyrinni fyrir sig alleina, skyldi hann kveðið hafa stöku þessa:

Eins og forinn feitur
fénu mögru hjá,
stendur strembileitur
stórri þúfu á;
þegir, og þykist frjáls –
þetta kennir þrjáls; –
reigir sig og réttir upp
rófuna til hálfis;
sprettir úr sporunum státe
og sparðar gravitáte.²⁰

Eins og sést af vísunni hafði Hallgrímur næmt auga fyrir hinu spelega og batt það þá gjarnan í rím. Sagt er að einhvern tímann hafi konur tvær skrafað svo hátt undir messu hjá presti að hann mátti vel nema. Gerði önnur þeirra mikið úr matarnautn bónda síns er Sumarliði hét. En þá er úti var messan kvað Hallgrímur í orðastað hennar:

Eg gaf honum fisk með flautum,
og fergjað skyrið óskammtað,
átján stykki af ýsum blautum,
ellefu hrogn og svilja spað
og sextán merkur af sullugrautum;
hann Sumarliði minn étur það.²¹

Börn þeirra Hallgríms og Guðríðar þrjú voru öll fædd á Suðurnesjum: Elstur var Eyjólfur, þá Guðmundur og yngst Steinunn, sem mjög frábrugðin að hugvitsgáfu deyði á barnsaldri, segir á blöðum frá síra Þorvarði Auðunarsyni í Saurbæ (um 1705–1775).²² Svo skemmtilega vill til að varðveist hefur Leppalúðakvæði sem telja má

²⁰ Jón Ólafsson úr Grunnavík (1897:xxi).

²¹ *Gestur Vestfirðingur* (1855:66).

²² Í *JS* 272 4to I, bls. 83.

nokkuð víst að sé eftir Hallgrím frá árum hans á Hvalsnesi.²³ Í kvæðinu segir skáldið að Leppalúði hafi komið til sín heldur ófrýnn og heimtað af sér börn til að brytja í spað handa Grýlu, kerlingu sinni, sem lægi í bælinu heima, hefði lærbrotnað í aðdráttarför norður í Skagafjörð til Gvendar á Felli (þ.e. síra Guðmundar skálds Erlendssonar). Leppalúði ágirnist öll börn Hallgríms og nefnir fyrst Steinunni sem hann segir að hríni svo hátt að hún haldi vöku fyrir móður sinni og sé úr hófi ærslafull. Þá telur hann Eyjólf sem hann langar í en þykir það ljóður á ráði piltsins að hann liggur stöðugt í bókum og „þrásyngur í kór“ þar sem Gvendur aftur á móti er of latur að læra „og les heldur tregt“. Skáldið fer í vörn fyrir börn sín og kemst í kirkjuna og í messuskrúðann og vinnur sigur á Lúða því:

Hann rann til á hellunni
um hálfu fimmtu spönn,
ball hann á kórslána
svo brotnaði úr honum tönn

og hljóp hann síðan grenjandi út og segir skáldið að lokum að

ekki vil eg gestinum
aftur mæta þeim.

Á Hvalsnesi varð Hallgrímur fyrir þeirri sorg að missa Steinunni dóttur sína á fjórða ári en eftir hana kvað hann sín frægu harmljóð: „Sælar þær sálir eru“ og „Nú ertu leidd mín ljúfa“ sem tæpast verða borin saman við nokkurn skáldskap íslenskan annan en „Sonatorrek“ Egils Skalla-Grímssonar og kvæði Stefáns G. eftir Gest son sinn. Í fyrra kvæðinu kemst Hallgrímur meðal annars svo að orði:

Næm, skynsöm, ljúf í lyndi
lífs meðan varstu hér,
eftirlæti og yndi
ætíð hafði eg af þér,
í minni muntu mér;
því mun eg þig með tárum
þreyja af huga sárum,
heim til þess héðan fer.

²³ Sjá Jón Samsonarson (1996:43–49).

Í kór Hvalsneskirkju má sjá máðan legstein sem Hallgrímur hefur höggvið til á leiði Steinunnar. Hefur Snorri Hjartarson minnst ljóðs og steins í kvæði sínu „Á Hvalsnesi“ en því lýkur svo:

Sé hann hagræða hellunni á gröf
síns eftirlætis og yndis
og ljóðið og steinninn verða eitt

Ég geng út í hlýjan blæinn
og finnst hafið sjálft ekki stærra
en heilög sorg þessa smiðs.

Nokkrar þjóðsögur greina frá skiptum feðginanna. Þannig segir í *Gesti Vestfirðingi*:

Eitt sinn þá verið var að tala um Brönu, eður Brönurímur voru kveðnar, er sagt að mærin hafi kastað fram þessari hendingu: „Ei var Brana vizku vana vægðar mjó,“ en faðir hennar bætti við: „föðurbana höldar hana héldu þó.“ Það er og sagt að þessa stöku kvæði hún ein:

Á mér skór ekki tollað getur,
illa fór, eg skal binda' hann betur.²⁴

Hallgrímur fékk veitingu fyrir Saurbæ á Hvalfjarðarströnd árið 1651 og tók þá veraldlegur hagur hans mjög að vænkast og þar orti hann sín frægustu verk: Passíusálmana og kvæðið Um dauðans óvissan tíma. Á seinni árum sínum þar mætti hann þó nokkru mótlæti. Haustið 1662 brann bærinn og nokkru síðar, 1665 eða 1666, segir Vigfús Jónsson, varð Hallgrímur líkþrár. Árið 1669 lét hann af prestskap og flutti að Kalastöðum og bjó þar í tvö ár en fór síðan að Ferstiklu þar sem hann dó 1674 hjá Eyjólfvi syni sínum. Guðríður lifði mann sinn. Var hún fyrst eftir dauða hans á Ferstiklu í skjóli Eyjólfis, sonar þeirra, en eftir að hann dó 1679 fór hún að Saurbæ til séra Hannesar Björnssonar og þar andaðist hún 1682, 84 ára gömul.

Af framansögðu er ljóst að ævi Hallgríms var engin venjuleg

²⁴ *Gestur Vestfirðingur* (1855:84–85).

sigling í hægum byr. Hann siglir unglingspiltur til útlanda og nemur þar bæði handverk og bókleg fræði. Þar fellur hann með giftri konu sem þar að auki hafði verið hertekin í Barbaríinu. Samtímaheimildir greina ekkert frá sambúð þeirra en Þjóðsagan gerir hana að stórlyndum kvenvargi og afguðadýrkanda og fellir hana þar með inn í mynstrið um skassið og mikilmennið en hún ljær henni einnig ævintýralegan glæsileika sem sjaldnast er að finna hjá skassi Þjóðsögunnar. Þjóðsagan greinir meira að segja frá því að sonur deyans, sem Guðríður var ambátt hjá í Barbaríinu, hafi fest ást á henni en ekki fengið að eiga hana fyrir móður sinni. Hafi hann þá gefið henni að skilnaði kápu, gersemi mikla, og vildi með því sýna að meiri væri sá er henni unni í Alsír en hundar þeir er Ísland byggðu. Er ekki laust við að hér endurómi saga úr *Laxdælu* af því er Ingibjörg konungssystir gaf Kjartani Ólafssyni moturinn forðum.

Eftir að Hallgrímur er kominn að Saurbæ og orðinn frægur af sálmakveðskap fara að spretta upp Þjóðsögur um hann og halda áfram að magnast eftir dauða hans uns þær fullkomna þá mynd af skáldinu sem Þjóðin þekkir. Hann er kraftaskáld sem kveður drauga jafnt upp sem niður og ekki getur hann stillt sig er hann sér af predikunarstóli hvar tófa kemur í tún og bitur lamb en kveður hana dauða upp úr miðri ræðunni:

Þú sem bitur bóndans fé,
bölvuð í þér augun sé,
stattu eins og stofn af tré,
stirð og dauð á jörðunne.

Honum hefnist að vísu fyrir að misnota svo gjafir Guðs og missir skáldgáfuna um tíma. Hann fær hana þó aftur úti í skemmu þar sem hann er að hengja upp kjöt með vinnumanni sínum. Segir sagan að Hallgrímur stæði á gólfi og rétti vinnumanni upp krofin en vinnu maður sæti uppi og hengdi á rárnar. Þótti honum prestur ekki rétta nógu hátt og sagði: „Upp, upp!“ Kom þá skáldskapargáfan aftur yfir Hallgrím og hélt hann áfram og kvað:

Upp, upp mín sál og allt mitt geð,
upp, upp mitt hjarta og rómur með,
hugur og tunga hjálpi til
þá herrans þínu eg minnst vil.

Og létti ekki þeirri kveðandi fyrr en lokið var „Historíu pínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristí.“²⁵

Árið 1662 brann bærinn í Saurbæ og voru tildrög þess þau, segir þjóðsagan, að illhryssings karl, sá er nefndur var Ólafur skoski, kom að Saurbæ og bað Guðríði gistingar en Hallgrímur var þá á engjum með vinnufólki sínu. Ólafur bað Guðríði að gefa sér skæði en hún kvað þau ekki til vera. Snerist þá í karli og sagði hann að maklegt væri að þau brynnu þá upp ef til væru. Þykknaði þá og í Guðríði og mælti hún að slíkt væri tilvinnandi ef hann brynni með. Nóttina eftir brann bærinn og björguðust allir nema Ólafur skoski. Hann brann inni og var bruninn kenndur bölbænum Ólafs og Guðrídar. Svo voru vinsældir Hallgríms þá orðnar miklar að hann gat með hjálp góðra manna reist bæ sinn aftur úr rústum það sama haust.²⁶ Þíslarsaga Hallgríms fullkonnast svo með líkþrá skáldsins undir lokin en á banasænginni orti hann einhverja sína hjartnæmustu sálma.

Líklega hefur Hallgrímur þroskast hvað mest á Suðurnesjaárunum. Þar missti hann sitt „eftirlæti og yndi“ en slekkur harm sinn með trausti á friðþæginguna „þar lífsvonin eina var samtvinnuð krossinum rauðum“, svo vitnað sé til Jóns Helgasonar. Og líklega hefur á þessum árum rófrest með Hallgrími fyrirlitning á drambsemi og trúin á manngildið, óháð auði og metorðum. Í þeirri trú fólst ekki bein krafa um jöfnuð í þessu lífi en í henni fólst þó að á engan skyldi halla eða líta niður á vegna stöðu sinnar og efnahags. Fyrir dauðanum urðu loks allir jafnir því „reyr, stór sem rósir vænar reiknar hann jafnfánýtt“. Og Hallgrímur verður umfram allt skáld dauðans og um leið skáld „lífsvonarinnar einu“ og þar með það skáld sem fylgt hefur flestum Íslendingum síðasta spölinn.

HEIMILDIR

Gestur Vestfirðingur = „Saga frá Hallgrími presti Péturssyni skáldi.“ 1855.

Gestur Vestfirðingur. Fimmta ár. Kaupmannahöfn:37–94.

Magnús Jónsson. 1947. *Hallgrímur Pétursson*. Æfi hans og starf. I. Reykjavík.

Matthías Jochumsson 1956. *Ljóðmæli*. Fyrri bindi. Reykjavík.

²⁵ Þannig heyrði ég söguna í æsku en sagan og vísan eru til á prenti í misjöfnum gerðum.

²⁶ *Gestur Vestfirðingur* (1855:78).

- Jón Ólafsson. 1897. „Um þá lærðu Vídalína.“ *Visnakver Páls lögmans Vídalíns* (1667–1727). Jón Þorkelsson sá um prentun á því. Kaupmannahöfn:xv–civ.
- Jón Samsonarson. 1996. „Leppalúði Hallgríms Péturssonar.“ *Þorlákstíðir sungnar Ásdísi Egilsdóttur fimmtugri 26. október 1966*:43–49.
- Jón Þorkelsson. 1914. „Hallgrímur Pétursson. 1614–1914.“ *Almanak Þjóðvinafélagsins* 1914:33–58.
- Vigfús Jónsson. 1947. „Hallgrímur Pétursson.“ *Merkir Íslendingar II*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík:3–34.

Sigurbjörg Prastardóttir

Passíusálmaplús:

Undir gafli Hallgrímskirkju í Saurbæ

Morguninn eftir andvökunótt

illra drauma

og himintungla af brautu

rísa blóm í túnfæti skáldsins

og klæði blakta

(innra þig angrið sker)

þá er gott að ganga inn með Strönd

og gá að söngvum

um herrans Kristí dauðastríð

halda í höndina á trúnni

tyggja jerúsalemskan pálma.

Daginn eftir vökunótt

yfir særðum vini

situr tjaldur á steini við leiði skáldsins

(blóðdropar dundu þar)

þá skal gengið í grasgarðinn

ofan við kirkjuna hvítu

tígulsteinda

þar vaggja bjarkir í vindi

og bláar klukkur

(innra þig angrið sker)

þar má syngja í hljóði

finna afskorið eyra í grasi

horfa út yfir Hvalfjörð

rífa í hárið á trúnni.

Svo kemur kvöldið

sólmyrkvinn

og Botnssúlur hverfa í sortann.

Annan dag undir fréttum

af ókyrrð í eyddu landi

í Betlehem, Nablus, Gaza
eða Golgatahæð
(blóðdropar dundu þar)
má falla á kné í hlíðar
eða klífa turninn mjóa
meðan einhver glamrar á orgel
horfa inn eftir hafi
hermannagrænu á lit.

Yfir öðrum botni innhafs
er sammæðra sól að sortna
(dapurt dauðans stríð)
tveggja ára börn í blóði
táningar slengja grjóti
brotajárnssprengrja í bænar stað
hungur í rifnum húsum
þá er erfitt að tolla í turni
við íslenska strönd
þótt þakið sé skothelt, eiri lagt
– krossar vaxa við kirkju.

Kannski er Kristí þína gleymd
(mæðusöm urðu myrkrin)
því enn er fólki fórnað
í sama svörð.

Svo kemur sandbarið kvöldið
og þyrstum býðst bensín í klút
eins og edikið forðum.

Þá mótar fyrir Hauskúpuhæð
yfir Hvalfjarðarströnd í þoku.

Og enn, að lokinni líkvöku
yfir línhvítu enni bróður,
systur, dóttur, móður,
(dapurt dauðans stríð)
er vant að leggjast í fjöru
finna saltvatnið særa tungu
draga hljóðlega þyrna úr enni

flétta bláklukkukórónu þetta
því blómin spretta að ári
aftur úr sömu mold.

Þá er í lagi að leggjast og tárast
á leiði skáldsins og sjá
kirkjugluggana glóa
og Ferstikluhimininn hvítna
því senn kemur sunnudagsmorgunn
saffransól
og hvelfingar standa opnar.

Þá er óhætt að tjarga bát
og draga um vonarvötnin
mæna á kirkjuna ljósu
og Getsemane við gaflinn
og purpuraklæðin prestsins
blaða í gömlum sálmum
– og gleyma engu –
því enn koma andvökunætur
þar sem einhver liggur í rúmi
og sjötta orð Kristí á krossi
er harðangurssaumað í svæfil
þá má gráta, gantast, vaka
losa um takið á trúnni
ráðgera ferðir um fjörðinn
með hárrétt tungl fyrir stafni
(mildari urðu myrkrin)
því enn vakna klukkur í túni
og ljós á leiði skáldsins.

Og eymdanna öld hin nýja
mun eyðast á efsta degi
– þangað til má því þrauka
við Þýril og Jórdan og Jenín
og þröngan fjörð við hvaltennta strönd
með handlegg um hálsinn á trúnni
í saffransvita
með sunnudagspálma við enni
og annars manns eyra í grasi.

Jón B. Guðlaugsson

„Aldurniginn féll á fold“

Nokkrar hugleiðingar
um skáldið Karl Jónasson

Ólíkt hafast menn að. Sköp hafa þannig skipt að fyrir hartnær tuttugu árum leiddist greinarhöfundur út í umfangsmikla söfnun hvers kyns ljóðmæla austan af landi, nánar tiltekið frá Seyðisfirði þar sem hagmælskan blómstraði forðum tíð. Var sömu sögu að segja víðar á landi hér enda hafði fyrri tíðarandi stuðla og rím í hávegum langt umfram það sem nú gerist. Staðfestu þess er meðal annars að finna í Minningabrotum Sigurðar Arngrímssonar ritstjóra á Seyðisfirði sem sjálfur var skálmæltur vel:

Það þótti liggja í landi á Seyðisfirði, að þar væri allmargt um vel hagorða menn – auk skáldanna – enda fólk þar aðkomið úr ýmsum áttum á tímabili, en mjög fátt þess fólks var innfæddir Seyðfirðingar. Mikið var þar um gamankviðlinga fyrir ýmis félag: Kvenfélögin bæði (Kvik og Kvenfélag Seyðisfjarðar), Verkamannafélagið Fram, Verslunarmannafélagið, Skemmtifélagið Bjólf o.s.frv. Voru þessi skopkvæði sungin á skemmtisamkomum félaganna af þar til útvöldum mönnum þá og þá.

Einu sinni var ég fenginn til að kveða fyrir eitt félagið eitt slíkt kvæði. Þetta var veturinn 1915 ...

En þeir sem slyngastir voru í meðferð skopsöngvanna, voru Kristján heitinn læknir – söng tíðast eftir vin sinn, snillinginn Karl Jónasson sjúkrahúsráðsmann – Friðbjörn Aðalsteinsson, síðast loftskýtastöðvarstjóri í Reykjavík, fæddur leikari, og Snorri Lárusson símritari, bróðir Inga tónskálds, sem hermdi eftir hverri persónu, sem hann söng um, svo að hún varð ljóslifandi á sviðinu. Þetta var nú á mínum tíma á Seyðisfirði.

Við vorum einu sinni – það mun hafa verið rétt fyrir 1920 – að telja saman það fólk á Seyðisfirði sem gæti brugðið fyrir sig að skjóta fram bögu og sumir heilum kvæðum. Mig minnr að

okkur teljast alls 29 samtals eða liðlega 3% íbúanna. Má það teljast merkilegt í bæ með um 900 íbúa þá. En þarna er allt tínt til sem gat ort bögur rímréttar.¹

Hér vîkur Sigurður að hetju þessara skrifa, Karli Jónassyni, sem lengstum annaðist búreikninga Sjúkrahússins á Seyðisfirði – og kallar hann raunar „snilling“. Um merkingu þess orðs verða menn líkast seint með öllu sammála en víst er um það að er ég tók að skyggjast í það sem eftir Karl liggur sannfærðist ég um að hann hefur sannlega verið meira en mundangsrímari. Nefnir Sigurður þá í sama mund, vinina og samstarfsmennina Karl Jónasson og Kristján lækni Kristjánsson (1870–1927) sem um sína daga var mjög áberandi í bæjarlífinu þar eystra. Lifandi leifturmyndir þeirra beggja er að finna í minningabókunum tveimur er rithöfundurinn Guðmundur G. Hagalín ritaði um ár sín í ritstjórástóli á Seyðisfirði, *Stóð ég úti í tunglsljósi* og *Ekki fæddur í gær*. Kemur þar fram hrifning Hagalíns á þeim félögum báðum enda báttu þeir hvor annan upp, annar með orðheppni sinni og andagift, hinn með söngródd, sjentilmennsku, hljóðfæraleik og tónsmíðum. Svo vill til að varðveist hefur lítið dæmi um það er fram spratt er þeir Karl og Kristján læknir lögðu saman, nefnilega þýðing þeirra á kvæðinu *Die Grenadiere* eftir Heine er frægt hefur orðið við lag tónskáldsins Schumanns. Sneri Kristján ljóðinu úr þýsku en Karl féldi það í rím og stuðla:

Til Frakklands báðir þeir héldu heim,
úr hergreipum rússneskra fjanda.
Sú saga sem Þjóðverjinn sagði þeim,
var síðasta raun þeim til handa.

Og það var hin sorglega, sárbeitta frétt,
að svipt væri land þeirra frelsi.
Allt kappalið Frakklands í kvíar sett
og keisarinn færður í helsi.

Þá urðu hljóðir þeir hermenn tveir
og hvarmana vættu tárin.
Annar kvað: „Ég ei afber meir,
nú ýfast upp gömlu sárin.“

¹ Minningarbrotin eru hvorki ár- né dagsett og eru í vörslum Arngríms Sigurðssonar.

Þá mælti hinn: „Nú læt ég líf,
fyrst land mitt svo er farið,
börn mín ung og einnig víf
sig örbirgð fá ei varið.“

Hvers virði ég fólk með hungurs hróp,
þá herfrægðarljóminn er týndur?
Sá mun það fæða' er því fjörið skóp,
í fangelsi keisarinn þíndur.

Æ, bróðir, heyr mitt hinsta kvein,
nú hallar að dauðastundu,
til Frakklands vil ég mín flytjist bein
og frakkneskri hyljíst grundu.

Mitt heiðursmerki, hárautt band,
við hjartastað mér festu,
lát mér fylgja byssu og brand
og brún þess vel þá hvesstu.

Þó vil ég rólegur vera þar
sem vörður í grafarbergs eyði,
uns heyri ég stórskota hrinurnar
og hófatraðk við mitt leiði.

Að gröf minni fyrstur mun þá fram á jó,
:|: með fríðu liði sjálfur koma þengill :|:
Þá brýst eg með alvæpni' úr kaldri kró
sem keisarans verndunar engill.

Um Karl Jónasson segir svo í blaðinu *Austfirðingi* á Seyðisfirði, 2. apríl 1932:

Karl Jónasson fæddist 28. janúar 1865² á Belgsá í Fnjóskadal. Voru foreldrar hans Sólveig Benjamínsdóttir og Jónas Indriðason. Hann missti foreldra sína á barnsaldri og fór um eða fyrir fermingu að Espihóli í Eyjafirði og nam þar trésmíði. Hann kvæntist 1888 Kristjönu Jóhannesdóttur frá Neðri-Dálksstöðum

² Í öðrum heimildum er Karl sagður fæddur 4. febrúar 1865.

á Svalbarðsströnd. Kristjana dó 1927 og varð þeim ekki barna auðið, en tóku til fósturs Laufeyju, dóttur Sölva Sigfússonar í Snjóholti, þegar hún var barn að aldri og gengu henni í foreldra stað. Stundaði Laufey fósturföður sinn af hinni mestu alúð í banalegunni.

Árið 1899 fluttist Karl til Seyðisfjarðar. Næstu árin var hann við verslunarstörf. En 1904 var hann ráðinn spítalahaldari og ljet af þeirri stöðu eftir 25 ára starf árið 1929. Jafnhliða spítalahaldarastarfinu hafði hann á hendi umboðsstörf fyrir klæðaverksmiðjur og var lengst af auk þess gjaldkeri bæjarins. Síðustu árin fjkst hann við verslunarstörf.³

Sá merki fræðapulur Sigurður Magnússon frá Þórarinsstöðum, er fæddur var 1909, sagði svo frá:

Karl var maður ákaflega huggulegur; myndarmaður og mjög virðulegur. Náttúrulega var hann orðinn vel fullorðinn þegar ég kynntist honum – sem var sáralítið. Hann naut fullrar virðingar, þessi maður. Hann var þrekvaxinn, geysilega mikill um herðar og gekk oftast með höfuðfat, sem var úska í þá daga.⁴

Og í bók sinni, *Stóð ég úti í tunglshjósi*, segir Guðmundur G. Hagalín á þessa leið:

Þegar (á sjúkrahúsið) kom tók á móti mér virðulegur og broshýr maður, hvítur á hár og með ljóst, gráýrt yfirskegg. Hann var maður í herra lagi í sínum aldursflokki, þrekinn og þykkur og nokkuð holdugur. Breiðleitur var hann, ennið hátt og brúnir bogadregnar. Augun brostu engu síður en munnurinn. Hann heilsaði mér vingjarnlega og næstum því svolítið glettinn ...⁵

Karl lést á Seyðisfirði 31. mars 1932.

Kalla mátti Karl talandi skáld. Um það hef ég vitnisburð afa míns, Jóns G. Jónassonar málara á Seyðisfirði, en hann var einhverju sinni að mála gömlu trébrúna á Fjarðará er reist var um aldamótin 1901 í stað brúar sem Otto Wathne gaf. Var Jón við vinnu sína á brúnni

³ *Austfirðingur*, 2. apríl 1932.

⁴ *Úr Viðtali Jóns B. Guðlaugssonar við Sigurð Magnússon frá Þórarinsstöðum*.

⁵ Guðmundur G. Hagalín (1973:188–189).

miðri. Kom Gísli Gíslason kaupmaður þá gangandi að henni öðrum megin en Karl Jónasson hinum megin. Heyrði Jón þá að Karl mælti af munni fram:

Gísli rífur gleiðan kjaft
og glennir sig á brúnni,
það ætti að setja á 'ann haft
á auðum bás hjá kúnni!

Lauk Karl vísunni í sama mund og þeir félagar mættust.

Öðru sinni sátu þeir Gísli kaupmaður saman að sumbli. Karli ofbauð þá orðfæri Gísla og varpaði fram þessum fyrriparti:

Gáðu nú að þér, Gísli minn,
Guð lýsir ekki veginn þinn,
illu þú átt að gleyma!

Gísli rak þá botninn í kveðskapinn:

Drekktu úr glasinu, djöfullinn þinn,
dansandi bíður þín andskotinn,
í helvíti áttu heima!

Ljóst er af öllu að Karl hefur verið lífsglaður maður og orðheppinn. Um það vitnar lítil saga sem varðveist hefur. Karl kom þá þar að sem Jón Þorsteinsson í Firði var að festa húsnúmer á vegg. Jón þessi var hestamaður góður og í daglegu tali nefnur Mera-Jón. Varð þá Karli að orði: „Sæll vert þú Nú-Mera-Jón!“

Karl varð snemma virtur fyrir skáldskap sinn eystra og bar með réttu sæmdarheitið bæjarskáld um áratuga skeið. Á hans tíma var bundið mál haft í hávegum og ótækt að nokkur samkunda væri haldin, hvort sem var til gleði, hátíðabrigða eða sorgar, öðruvísi en kveðskapur væri hafður um hönd. Var Karl liðtækur á öllum þessum sviðum og eftirsóttur er slík tilefni gáfust. Þá má þess geta að þegar es. Godafoss lagðist að bryggju í fyrsta sinn á Seyðisfirði, í júní 1915, var flutt kvæði eftir Karl við lag Inga T. Lárussonar. Hefst það á þessa leið:

Kom heill til Íslands hafna
úr hafi, Godafoss!

Á milli sterkra stafna
 hver staður geðjast oss;
 þar snillings höndin haga
 þig hefur fáð og skreytt.
 Um ár og aldurdaga
 því Ægir fái ei breytt!

Á okkar dögum er mjög tekið að fenna í spor Karls Jónassonar og fátt eitt af ljóðagerð hans tuttugustu og fyrstu öldinni tamt. Þó er ein ferskeytla hans enn kunn og mun hún líkast halda nafni hans hvað lengst á lofti. Sú spratt á æskuárum hans í heimahögum en þá barst sú fregn um sveitina að merkur góðbóndi væri látinn. Þótti sveit-ungum hans skarð fyrir skildi og vildu setja saman eftirmæli um hann. Hóf þá einn hagrýðingur kveðskapinn á þessa leið:

Kristján gamli Úlfsbæ á
 er nú sagður látinn...

Mun skáldið þó ekki hafa komist lengra og er þetta upphaf barst Karli til eyrna þótti honum það einstaklega ólánlegt. Gerði hann þá þessa bragarbót:

Aldurniginn féll á fold,
 felldu margan örlög köld,
 sjaldan hef ég svartri mold
 seldan vitað betri höld.

Varð vísan fleyg og hefur lifað þá báða, Kristján á Úlfsbæ og Karl. Hitt er annað mál að fréttin um fráfall Kristjáns reyndist uppspuni einn og var hann bráðlifandi er hann fékk þessi eftirmæli – og hefur eflaust vel við unað!

Hér á eftir fer nokkurt sýnishorn af kveðskap Karls.

Við Seyðisfjörð

Um langan tíma sést ei sól
 við Seyðisfjörð,
 en þó má gera glæðleg jól
 við Seyðisfjörð.

Og margur hefir byggt sér ból
við Seyðisfjörð.
Og fundið undir fjöllum skjól
við Seyðisfjörð.

...

En þó er ekki öruggt skjól
við Seyðisfjörð,
því fjöllin geta klæðst úr kjól
við Seyðisfjörð.
Um Þorra og við sumarsól
við Seyðisfjörð
þá geigvænt er að byggja ból
við Seyðisfjörð.

...

En þá, sem flytja af fjarri strönd
á Seyðisfjörð,
og farið hafa um fegri lönd
en Seyðisfjörð,
þó tengja einlæg tryggðabönd
við Seyðisfjörð.
Já, gefa bæði hjarta og hönd
við Seyðisfjörð.

Svo látum oss, með lífi og sál
við Seyðisfjörð,
æ hlynna að bænum hafs við ál
við Seyðisfjörð.
Með þessu læt ég lykta mál
um Seyðisfjörð
og bið nú alla að bergja skál
fyrir Seyðisfjörð.

Kveðja til Jóh. Ó. Bjarnasonar

Hvar sem að liggur leiðin þín
lukkan þér fylgi alla daga;
leiktu þér eins og lamb í haga
þegar að eygló skærast skín.

Í gegnum lífsins tál og trega
teygðu úr fótum karlmannlega.
En þegar loksins lífið dvín
leiði þig Drottinn heim til sín.

Til sama

Farðu nú, vinur minn, vel
veraldar hljótir þú auð:
Silung og spikaðan sel,
saltfisk og ýsu og brauð.

Vorvísá 1882

Hið blíða vor – þá blómguð hlíð
oss brosir hýr við augum
og lóan kveður ljóðin blíð
af luktum kappa haugum –
Það bendir oss að brott sé neyð
og burtu flúinn vandi,
að nú sé öllum gata greið
á gömlu Ísalandi.

Morgunvísá 1884

Gullfögur sól úr sævardjúpi líður
og sendir geisla daggarvættu blómi
en fuglar syngja fögrum unaðs rómi
nú fagnar heimur slíkri yndisblíðu.

Kvöldvísá 1884

Nú gengur sól að sævar myrku djúpi
og síðstu geislum varpar yfir foldu
en blómin ung sig beygja niður að moldu
og blunda rótt und svölum daggarhjúpi.

Kvæðabók Kristjáns Jónssonar

Þú, sem að skæran skáldsins róm
skýrir með engilblíðum hljómi,

þú ert mér á við þægan blund
um þögla vökunætur stund.

Baccus

Þú, Bakkus, hressing mæta mér
á mæðustundum veitir,
þú sífelt huggun sanna lér
og sorg í gleði breytir.
Þú margri vísar mæðu á bug
og mönnum ver að skeika,
þú lífgar andann, hressir hug
og hjartað styrkir veika.

Á meðan fjör í æðum er
og afl í tungu minni
tíl heiðurs ávallt eg skal þér
mitt örva hjarta og sinni.
Og þér ég helga minni og mál
þess meðan fæ að njóta,
já, þína dýru drekk ég skál
uns dagar lífsins þrjóta.

Vasaglasíð

Á meðan eg við lífið þarf að lafa
og láni rændur sveima hlýt um grund
vasaglasíð verð ég æ að hafa,
vínlaus enga lifað get eg stund.

●

Þú, sem yndi þreyttum lér
og þerrar tár af hvarmi,
vertu bótin meina mér
þá mæðist negg af harmi.

●

Mig þó hafi margir grætt
og megna aukið harma,
mig hafa þínir kossar kætt
og kveikt upp ástar bjarma.

*Ritað á þil í fangaklefa í hegningarhúsinu
á Húsavík veturinn 1884–1885*

Langir eru dagar
leiðar eru nætur
aleinn að vera
og öllu sviptur
sem hjartanu getur
hugfróun veitt.

Vísur

Um stúlku
1884

Eg það veit að ekki þreytist Marja
oft með heitu ástinni
yndi að veita Gunnlaugi.

Um sömu
1884

Veit eg Marja verður frí
vondum lífs af harmi
þegar Halldórs augum í
elsku tendrast bjarmi.

Ort í orðastað stúlku
1886

Ef þú mættir leiða mig á lífsins vegi
hyrfi allur hugartregi,
Hallgrímur minn elskulegi.

Á sumardaginn fyrsta 1886

Vonar sértu aldrei án
ýms á mis þó farir.
Vit þú, maður, líf er lán,
liðið fyrr en varir.

Í samkvæmi

Hér ei strengja heyrast slög
hryggð að þrengir geði
hér eru drengir hljóðir mjög
hér er engin gleði.

Vísur

(ortar á páskadaginn 1888)

- 1 Ó hve mitt er eðli spillt,
af því gráta má eg.
Heimurinn mig hefir villt
hans ei snörur sá eg.
- 2 Drottni sór eg dýran eið
djöfli og synd að hafna
en á minni ævileið
allslags dyggðum safna.
- 3 Gengið hef eg glæpaslóð,
Guð minn, það eg játa,
brotið sífellt boð þín góð,
blindaður úr máta.
- 4 Litið hefi eg ljós þitt bjart
lífs á vegi mínum
mitt þó jafnan hjartað hart
hafni boðum þínum.
- 5 Eg nú feginn iðrast vil
allra brota minna.
Veit mér styrk og vilja til
veginn dyggða að finna.
- 6 Fyrirgefðu misgjörð mér,
mildi faðir hæða,
unn mér þegar ævin þver
æðstra dýrðar gæða.

Minningarljóð⁶

Jón Lúðvíksson Kemp skósmiður

Ég man það, Jón, frá okkar fyrri árum,
þá „æska“ var að snúa oss baki við
og gamla „elli“, gráum sveipuð hárum,
á grafarinnar þrönga benti svið.

Við sátum þá og saman ortum bögur,
þó sett ei væri neitt af þeim á prent,
og einnig margar góðar gamansögur
við gátum báðir hvor frá öðrum hent.

Við vorum ekki að telja æskuárin
sem opt á tíðum virtust báðum ströng
og ekki heldur kvíða að elli árin
þau okkur myndu fram úr hófi löng.

Nei, okkar gleði ekkert mátti skerða;
við undum best að gleyma rúmi og tíð
en taka síðar því, sem varð að verða,
sem vígfim hetja búin út í stríð.

Þó stóðst þig vel! Í straumi af tímans róti
mér starsýnt varð að horfa á fangbrögð þín
og sjá þig brjótast alltaf upp á móti
og aldrei guggna, dána kempan mín!

Nú þögnin yfir þínu ríki hvílir,
já, þar er sífelld kyrrð og dauðaró,
því kumbli þínu kaldur svörður skýlir.
En kempunafn þitt lifir eftir þó.

Þú stóðst þig vel! En ég á ennþá eftir
þá egg að reyna er tekur „skarið“ af,
við stokkinn dauði skaröx sína skeptir
og Skuldar-dómur aldrei frestinn gaf.

⁶ Sjá *Austri*, 20. maí 1911.

En, bíðum við! Nú bý eg út á sledann
þá böggla, sem eg þarf að hafa með.
Það ekur enginn heilum vagni héðan
sem hefir illa vaxtað gæsluféð.

Orðaleikur

För á sjóinn firðar draga,
för á skýjum kölluð er,
för í snjóinn fætur laga,
för mun lýja þann sem ber.

Í sendibréfi til P. Jónssonar, Hóli

Og sjálfur er eg eins og steini lostinn
og ekkert skil eg hvernig tíminn líður
en eitt eg veit, að aldrei við hann bíður
og ævistrengur mannsins fljótt er brostinn.
En hví er ekki ævi mannsins lengri
og öldufallið létt á tímans straumi?
Og hví er eins og lífið líkist draumi
og leiðin sumra rýmri, sumra þrengri?
Eg veit það ekki, allt er hér svo dulið
og andi vor er krepptur hér í dróma,
vér skynjum ekki Drottins leyndardóma.
Hans dýrðarráð er sjónum vorum hulið.

Heiðlóan

Þú rómpýða léttfleyga lóa,
er líður um bláhimins geim,
nú ferð þú að búa þig bráðum
til burtfarar suður í heim.
Hið einasta yndi er horfið
sem áður þig gladdi að sjá
því broshýra blómrósín fríða
er bliknuð og hnigin í dá.
Og haustið og hretviðrin stríðu
þig hræða og vísa þér braut

svo nauðug þú ferð nú að flýja
 hið frostkalda norðurheimskaut.
 Með vorinu sunnan þú svífur
 og söng þínum fagna eg þá
 ef ekki í hretunum hörðu
 ég hníg eins og fjólan í dá.

Að lyktum skal birtur kveðskapur frá hendi Karls Jónassonar er hnykkir enn á því sæmdarheiti sem hann átti skilið, „bæjarskáld.“ Til-efnið var vígsla fyrstu íslensku riðstraumsvirkjunar Íslendinga í Fjarðará í Seyðisfirði haustið 1913. Börnum 21. aldarinnar, sem fædd eru og uppalin í skini rafljósa og annarra þæginda sem rafmagn færir mönnum upp í hendurnar, er það ef til vill torskilið að þessi áfangi skyldi verða slíkt fagnaðarefni sem lesa má út úr kvæðum Karls. En börn 19. og 20. aldarinnar lifðu það sem sannkallað ævintýr þegar skin rafljósanna flóði um bæinn 13. október 1913. Haldnar voru veglegar veislur þar sem forvígismönnum rafveitunnar var sungið lof og prís. Hugmyndin hafði komið fram í ársbyrjun 1908 en framkvæmdir hófust ekki fyrr en vorið 1913. Var rafvirkjunum Indriða Helgasyni og Christian Nielsen falið að annast lagnir í hús bæjarbúa, auk uppsetningar 30 götuljósa, en Guðmundur Hlíðdal raffræðingur, síðar póst- og símamálastjóri, var umsjónarmaður verksins. Verkstjóri við gerð stíflu og stöðvarhúss var Jónas Þorsteinsson.

Í frétt Morgunblaðsins 2. nóvember 1913 kemur fram að í vígsluveislu virkjunarinnar hafi verið sungin „ekki minna en 7 kvæði ... þrjú eftir Sigurð Arngrímsson og fjögur eftir Karl Jónasson.“ Fara tvö þessara kvæða Karls hér á eftir:

Raflýsingin

á Seyðisfirði 18. október 1913

Á kvöldin þegar húma fer í heimi
 svo handa sinna enginn greinir skil
 og himinljósin Guðs í víðum geimi
 oss gefið fá ei lengur birtu og yl,
 vér þolum ekki þá í myrkri að híma
 en þráum ljóssins geislaskinið bjart,
 og nægir ekki lengur lítil skíma:
 Oss löngu síðan birtuþráin snart.

Og hér var líka í tíma hafist handa
svo haustsins skuggar vinni ei frammar tjón.
Við sömdum oss að síðum stærri landa,
þó sýnist lítið okkar gamla Frón.
Í fjallaþröng á fossinn afl til dáða
og fjötra lætur það að geði manns,
en hendur, vit og vilja þarf til ráða
að veita í réttar áttir krafti hans.

Og það var gert – og því fer líka betur
að þar með trúrri hönd var gengið frá.
Við látum fossins ljós í allan vetur,
um leið og næturmyrkrið dettur á,
oss lýsa stöðugt, bæði úti og inni,
og ýmsum skuggaverkum bægja frá.
Það hefir vakað fyrir forsjóninni
er fossinn bjó hún til í þessa á.

En þótt oss finnist þeirri byrði að halda
sé þungt, og ljósið dýru verði keypt,
við skulum ekki æðrast eða halda,
að okkur með því sé í vanda steyp.
Nei, hér á ferðum víst er enginn voði
er viljans kraftur sín þar notið fær
því ljósið nýja er fagur fyrirboði
um framtíð bjarta er styður þessi bær.

Og þökk sé öllum þeim, sem að því unnu
að upp er lýstur bærinn vor í kvöld
og sem úr ánni ljósaljómann spunnu
sem lifir sjálfsagt þessa og næstu öld.
Já, þökk og heiður, vinir vorir góðu,
á vegferð ykkar skíni ljósa her
sem rjúfi hverja meini þrungna móðu.
Svo mælum allir, sama huga, vér.

Minni G. J. Hlíðdals
18. okt. 1913

Vaki, vaki virða hver,
vífin eins – þá dagsett er.
Nú er hjart í hreysi og höll,
húmsæl gatan lýst er öll.
„Hver gat það“
– innt er að –
„uppljómað svo dimman stað
þar sem hnjúkar hylja ós?“
„Hlíðdal sagði: Verði ljós!“

Þá varð ljós í þessum bæ.
Það á að lifa sí og æ
eins og sólar gullinn glans
– Guði vígð var skipun hans.
Hver ein sál
hreyfi mál:
Hlíðdals allir drekki skál!
Hríni á hverjum Íslands ós
orðin Hlíðdals: „Verði ljós!“

Og ljósín eru Karli hugleikin áfram þótt langt sé liðið frá ljósa-
háttíðinni miklu. Þann 15. september 1928 yrkir hann þessa kvöldvísu:

Ekki á mörgum sést hér sorg
seint þegar fölnar rósín;
nú er hann Valdi í Bræðraborg
búinn að slökkva ljósín.

HEIMILDIR

Austfirðingur, 2. apríl 1932.

Austri, 20. maí 1911.

Guðmundur G. Hagalín. 1976. *Ekki fæddur í gær – séð, heyrt, lesið og lifað*.
Reykjavík.

Guðmundur G. Hagalín. 1973. *Stóð ég úti í tungsljósi*. Reykjavík.

*Minningabrot Sigurðar Arngímssonar ritstjóra á Seyðisfirði í vörslum Arngríms
Sigurðssonar*.

Morgunblaðið, 21. nóvember 1913.

Víðtal Jóns B. Guðlaugssonar við Sigurð Magnússon frá Þórarinsstöðum.

Hjálmar Freysteinnsson

Árshátíðarkvæði

Gerist vetrar veður blíð,
verður margur galinn,
allir heimta árshátíð,
ærnar, kýr og smalinn.

Af því verða útgjöld stór
sem undir þarf að rísa,
buxur, vesti, brók og skór
borgað er með Visa.

Verulega er veislan fin
og veislustjórinn natinn,
hani, krummi, hundur, svín
hafðir eru í matinn.

Kátur margur maður er,
magnast glens og söngur,
einn ég veit sem ætlar sér
aftur að fara í göngur.

Er á borðum eðalvín
og ekki vantar bjórinn,
galar, krunkar, geltir, hrín
guðdómlega kórinn.

Hér er í boði hámenning,
heldur fátt til vansa,
þegar allt er komið í kring
kyssast menn og dansa.

Margur karlinn klökkur það
af kellu hrifinn sinni:
„Leyf mér nú að lúta að
látúnshálgjörð þinni.“

Ansar konan „asninn þinn“,
er með geðið snúið,
„jæja þá í þetta sinn.“
Þá er kvæðið búið.

Halla Magnúsdóttir

Ég skila því

Í danskri lautu litrík vorblóm anga
en ljómar sól af hafi, vængjum smáum
er stefnt í norður hátt á himni bláum.
Ég halda verð af stað í flugið langa

Því fríður sveinn er fæddist nyrst við dranga
mig fósturjarðar sinnar bað að vitja
og engli peysuklæddum kveðju flytja;
ég kvaki þýtt við bjartan meyjara vanga.

Þótt langt sé heim í vorsins vænsta dal
og vísast sé að ratvísi mig bresti
er leiðarstjörnu skýla næturský

ég stúlku þína fljótur finna skal
– ef fjör og rödd fær enst í litlum þresti:
Listaskáld góða, skila skal eg því.

Heba Margrét Harðardóttir

„Nú heyri’ eg minnar þjóðar þúsund ár“

Um sonnettukveðskap Jakobs Smára¹

Um æviferil skáldsins

Jakob Jóhannesson Smári fæddist að Sauðafelli í Miðdölum í Dalasýslu þann 9. október 1889. Foreldrar hans voru Jóhannes L. L. Jóhannsson prestur og Steinunn Jakobsdóttir. Jakob gekk að eiga Helgu Þorkelsdóttur, bónda í Álfsnesi á Kjalarnesi, árið 1910 og lifði hún eiginmann sinn en hann lést árið 1972. Þau eignuðust tvö börn.

Jakob var settur til náms til séra Jóns Árnasonar í Otradal vestra. Hann lauk inntökuprófi í Lærða skólann árið 1902 eftir þriggja ára nám hjá séra Jóni.² Jakob lauk stúdentsprófi árið 1908 og eftir það fór hann til Kaupmannahafnar þar sem hann stundaði nám í norrænum fræðum og lauk meistaraþrófi frá Hafnarháskóla árið 1914. Að námi loknu kom hann heim og fékkst við kennslu og blaðamennsku um skeið, var meðal annars ritstjóri *Landsins*, blaðs Sjálfstæðismanna, frá 1916 til 1919. Hann var í íslensku orðabókarnefndinni frá árinu 1918 til 1920 en þá gerðist hann íslenskukennari við Menntaskólann í Reykjavík og gegndi því starfi við góðan orðstír til ársins 1937 en varð þá að láta af störfum vegna veikinda og komst ekki til heilsu eftir það. Jakob ritaði fjölda greina í blöð og tímarit og kom úrval greina hans út í bókinni *Ofar dagsins önn* árið 1958. Hann samdi merkar kennslubækur í íslensku, gaf út *Íslenska setningafræði* árið 1920, bók um málfræði, íslensk-danska orðabók og eftir hann liggja fjölmargar þýðingar á skáldsgum auk fleiri verka.

¹ Grein þessi er unnin upp úr B.A.-ritgerð minni við Háskóla Íslands í maí 2005. Í greininni verður ekki dvalist við uppruna, sögu og þróun sonnettunnar. Um það hefur margt verið ritað (sjá t.d. Hjörtur Marteinsson 1996 og grein hans í *Són* 4, „Gullbjartar titra gáru blárra unna“.

² Matthías Jóhannessen (1978:91).

Jakob Jóh. Smári gaf út fjögur kvæðasöfn. Hið fyrsta, *Kaldavermsl*, kom út árið 1920 og vakti þegar athygli á höfundinum. Það næsta kom út 1936 og nefndist *Handan storms og strauma*. Árið 1939 kom út *Undir sól að sjá* og *Við djúpar lindir* árið 1957. Þýðing á ljóðaflokki eftir Frederick W. H. Myers, *Páll postuli*, var gefin út á bók árið 1918. Ásgeir Hjartarson, sem verið hafði nemandi Jakobs, kemst svo að orði í grein sinni um skáldið í *Tímariti Máls og menningar* árið 1949 að margar af ritgerðum hans og greinum séu „merkilegar á marga lund og ættu ekki að falla í gleymsku.“ Hann lýsir honum svo:

Smári var skemmtilegur og góður kennari, enda ágætlega að sér í sinni grein, en svo mildur að hann átti örðugt með að finna að frammistöðu nokkurs nemanda, og eflaust brugðust ýmsir við góðmennsku hans á annan hátt en skyldi. Enginn kennara minna í skóla er mér hugstæðari en hann; gáfur hans, einlægni og ljúfmennska munu mér lengi í föstu minni.³

„Þá tók eitthvað að syngja í sál minni“⁴

Jakob byrjaði að yrkja þegar hann var 12 ára gamall. Hann sagði sjálfur: „Eitthvað á tólfta ári las ég *Úraníu* eftir Flammarion, og hafði hún mikil áhrif á mig. Hún braut fyrir mér „veraldar-eggid“ og ég sá út í endalausan geiminn. Og þá orti ég nokkur kvæði eða vísur stjarnfræðilegs efnis.“⁵ Síðan byrjaði hann ekki að yrkja af alvöru fyrr en sumarið eftir stúdentspróf. Þá var hann á leiðinni vestur í Dali, ásamt nokkrum Dalamönnum. Jakob sagði um þetta:

En þegar við komum á Sauraleiti og Suðurdalirnir breiddu faðminn á móti mér, þagnaði ég. Nóttin var björt, en einhver móða hvíldi yfir landslaginu, og fegri sýn hef ég sjaldan séð. Þá tók eitthvað að syngja í sál minni, og áður en mig varði, hafði ég ort vísu, umhugsunarlítið. [...] En þá fann ég, að ég gat ort, og næstu daga var ég oft að eiga við að yrkja, og síðan hef ég alltaf ort öðru hvoru.⁶

³ Ásgeir Hjartarson (1949:249).

⁴ Jakob Jóhannesson Smári (1958:43).

⁵ Jakob Jóhannesson Smári (1958:42).

⁶ Jakob Jóhannesson Smári (1958:43).

Eftir þetta snýr Jakob ekki baki við ljóðlistinni. Hann yrkir mikið á háskólaárum sínum og þroskast snemma sem ljóðskáld. Ásgeir Hjartarson segir æskuljóð Jakobs vera ólitrænni og lausari í reipum en hin síðari kvæði hans, þótt þau hafi flest sömu einkennin, og að í þeim gæti furðu lítilla áhrifa frá eldri skáldum þjóðarinnar. Hann lætur þessi orð falla um skáldið:

Smári er sérstætt skáld og frumlegt frá upphafi vega, djúp náttúrukennnd, trúarleg alvara, hreinskilni og sannleiksþrá hafa jafnan sett mark sitt á kveðskap hans.⁷

Sonnettan

Ekki þarf hér að fara mörgum orðum um form sonnettunnar og sögu hennar frá upphafi. Hún var alþekkt á Íslandi þegar Jakob Smári sneri sér að henni.

Ítalska sonnettan, sem stundum er kennd við skáldið Petrarca, með tvískiptingunni 8–6 línur (erindaskipaninni 4-4-3-3 línur) varð til á 13. öld, oftast með ABBA ABBA CDE CDE (ellefu atkvæði með forlið í hverri línu og kvenrími). Þetta stranga form sonnettunnar þróaðist síðan talsvert á þeim öldum sem í hönd fóru og tók sú þróun nokkurt mið að hefðum þess lands sem hún barst til. Rímskipanin varð til dæmis frjálsari og uppsetningin.

Á 16. öld þróaðist í Englandi sonnettuform sem venjulega er kallað ensk sonnetta eða sonnetta Shakespeares þótt hann væri ekki höfundur formsins en hins vegar óumdeildur meistari. Enska sonnettan er eins og hin ítalska fjórtán línur, en erindaskipanin önnur, 4-4-4-2 línur. Rímroðin var einnig önnur, abab cdcd efef gg, og langoftast karlím sem átti betur við enska tungu. Í báðum þessum sonnettuformum, hinni ítölsku og ensku, ráða tvíliðir ríkjum og forliður er í hverri hendingu. Þróunin næstu aldirnar varð sú að mjög losnaði um þessi föstu tók.

Áreiðanlegar er réttara að kalla sonnettuna fremur byggingarform en bragarhátt. Hallvard Lie hefur lýst byggingu ítölsku sonnettunnar svo:⁸

Efni raðað upp – gagnrýnin greining – Rökleg samantekt – niðurstaða.

⁷ Ásgeir Hjartarson (1949:250).

⁸ Lie (1976:655).

Þannig minnir fornið óneitanlega á vísindalega rannsókn einhvers efnis, ritgerð sem leiðir til niðurstöðu.

Bygging ensku sonnettunnar leggur mikinn þunga á tvíhenduna í lokin, sem stundum er mjög kraftmikil og oft hnyttin, nokkurs konar punktur yfir i-ið, jafnvel svo að hún verður að fleygum orðum.

Sonnetturaðir, margar sonnettur saman um tiltekið efni, (e. sonnet sequence) fóru að tíðkast á 16. öld. Sú gerð þeirra, sem frægust hefur orðið, er sonnettusveigurinn sem gerður verður að umræðuefni síðar í þessari grein.

Íslensk sonnettusmíð hófst árið 1844 er Jónas Hallgrímsson orti „Ég bið að heilsa“. Þá hafði fornið þróast um margar aldir og orðið til ótal afbrigði. Ítalska sonnettan bast okkur fyrst með Steingrími Thorsteinssyni en náði lengi vel ekki sömu vinsældum og hin ítalska.

Sonnettusmíðurinn Jakob Smári

Eftir Jakob Smára liggja fjölmargar sonnettur og mun óhætt að segja að hann hafi verið afkastamesta sonnettuskáld þjóðarinnar fyrr og síðar. Hann birti 124 frumortar sonnettur í bókum sínum og nokkrar þýddar. Því er löngu tímabært að rannsaka sonnettur Jakobs og meta framlag hans til íslenskra bókmennta með tilliti til þróunar sonnettuskáldskapar á Íslandi. Ásgeir Hjartarson mælir orð að sönnu er hann segir:

Smári hreifst snemma af óþunga og tignarlegri ró sonnettunnar, og hann hefur gert hinn fræga hátt að sínum framar öðrum íslenskum skáldum, og náð yfir honum miklu valdi. Hann brýtur oftlega lögmál hinnar ítölsku kliðhendu, breytir hættinum á ýmsa vegu og skapar svo margt nýrra og fagurra tilbrigða að vera mætti bragfræðingum rannsóknarefni.⁹

Hér verða kannaðar þær sonnettur Jakobs sem fylgja erindaskiptingu bæði ítalska og enska sonnettufornsins en auk þeirra hefur Jakob að minnsta kosti ort eitt sonnettuafrigið. Það er skylt sonnettunni að formi og rímskipan en aðeins 13 línur. Þetta er kvæðið Helgi Harðbeinsson í *Kaldavermslum* og rímar það: ABBA CDDC EFGGE.

9 Ásgeir Hjartarson (1949:249).

Langflestar sonnettur Jakobs hafa fimm bragliði í línu, ellefu atkvæði ef um kvenrím er að ræða en tíu atkvæði þegar rímið er karlrím. Athyglisvert er hve marga mismunandi rímmöguleika Jakob notaði og oft fara þeir nokkuð á skjön við hefðir ítölsku og ensku sonnettunnar og eru þá eins konar tilbrigði hans við aðra hvora hefðina. Hægt er að greina munstur í skipulagi hans, en hann er mjög uppfinningasamur og leiðir það til þess að aðeins fáar sonnettur hans hafa sömu rímskipan. Jakob blandar saman karl- og kvenrími eins og norræn skáld gerðu og hann tengir saman línur og erindi á marga ólíka vegu.¹⁰

Í *Kaldavermslum* yrkir Jakob 43 sonnettur, þar af eru 39 með ítalska forminu og fjórar með hinu enska. En með kvæðasafninu *Handan storms og strauma* vendir hann kvæði sínu í kross og í því safni og þeim sem næst koma á eftir yrkir hann rúmlega helmingi fleiri sonnettur enskrar gerðar en ítalskrar. 56 sonnettur kveðnar að enskum hætti bætast við þær fjórar sem fyrir voru og þær 25 ítalskrar gerðar. Enska formið verður Jakobi tamara á seinni hluta ferils hans eins og á þessu sést. Framlag Jakobs til íslensks sonnettukveðskapar er alls 64 kveðnar að ítalskri hefð og 60 að enskri hefð. Hann hefur því ort næstum jafn margar undir hvoru forminu um sig.

Jakob talar um sonnettur í samtali þeirra Matthíasar Johannesen.¹¹ Hann segist hafa kynnst þeim af ritum Ernst von der Recke sem haldi fast við hina ítölsku mynd sonnettunnar. Komst Jakob brátt að raun um að hið enska frelsi í meðferð hennar hentaði honum betur. Hann segir að þess vegna séu flestar sonnettur hans að formi til eftir enskri fyrirmynd og að í því sambandi hafi sonnettur franska skáldsins Heredia raunar haft mest áhrif á hann. Hann hélt einnig mikið upp á „Kattasonnettur“ Taines. Aðspurður um hvers vegna hann sé svona hrifinn af sonnettuforminu segir hann:

Það kemur í veg fyrir að maður fari að raula, formið er svo fastmótað. Sonnettturnar eru líka mátulega langar til þess að innblásturinn haldist á leiðarenda! Það er mikill galli íslenskra skálda að þau halda áfram að yrkja, eftir að inspírasjónin er búin. Og þá má maður fara að biðja fyrir sér!¹²

¹⁰ Hér styðst ég við eigin rannsóknir á rímskipan hinna frumortu sonnetta Jakobs, 124 talsins.

¹¹ Matthías Jóhannessen (1978:96).

¹² Matthías Jóhannessen (1978:96).

„Skáld þagnarinnar og hljóðleikans“¹³

Jakob yrkir ljúfar sonnettur, dreyrnar og dulrænar. Í þeim ríkir kyrrð og innlifun. Hann yrkir mikið um náttúruna og leitar oft til æskustöðva sinna vestur í Dölum, lýsir fegurðinni sem þar býr og eftirsjá eftir æskunni. Þó að mörg kvæðin beri persónulegan blæ lýsa þau sammanlegum tilfinningum og viðhorfum og höfða einatt til hins almenna lesanda. Jakob er trúarskáld sem yrkir umfram allt um hið innra líf. Í kvæðum hans kemur fram sannleiksleit sem nær út fyrir takmörk hins hversdagslega lífs, leit að hinstu rökum tilverunnar, bæði í náttúrunni og innra með manninum sjálfum, í sálarlífinu. Ljóðmælendur Jakobs verða fyrir dulrænni reynslu, öðlast fullvissu um guðlega handleiðslu og æðri veruleika.

Jakob Smári orti fjölmargar sonnettur um ástina, lífið og tilveruna, náttúruna og æskuþrána, en einnig orti hann söguleg ljóð. Hann var vel menntaður og víðlesinn maður og vísaði mikið í sígildar bókmenntir og gríska fornöld í ljóðum sínum, en þó ekki svo mjög í sonnettum sínum. Eilífðarþráin er snar þáttur í kveðskap Jakobs og birtist hún hvarvetna í sonnettum hans, læðist jafnvel fram þegar minnst varir. Hann segir sjálfur:

Já, ég þykist hafa dálitla reynslu af dulrænum fyrirbrigðum, sem svo eru kölluð, og hún hefur haft mikil áhrif á kvæði mín. Eilífðarþráin og eilífðarvissan er eitt algengasta yrkisefni mitt. – En þó að ég hafi alltaf „skynjað“ heiminn með tilfinningum mínum, er það ekki svo að skilja, að ég hefi ekki áhuga á vísindalegri starfsemi. Að vísu eru skáldskapur og vísindi ólíkar aðferðir til að kynnast veruleikanum. Hvort um sig notar sína sérstöku hæfileika, skáldskapurinn innsæi og tilfinningar, en vísindin athugunargáfu og rökleiðslu. Þróunarkenningin var til dæmis heimspekilegt og skáldlegt hugarflug löngu áður en hún varð vísindaleg fræðikenning.¹⁴

Ásgeir Hjartarson lýsir listsníld Jakobs einstaklega vel: „Beztu ljóð Jakobs Smára eru mjúk og þýð að kveðandi, seiðsterk og hljómfögur,

¹³ Ásgeir Hjartarson (249:254).

¹⁴ Matthías Jóhannessen (1978:97).

og þar finnst ekki misræmi efnis og brags; yfir þeim hvílir ró og mildi, innileiki og hljóður tregi.“¹⁵

Orðin, sem Jakob notar í sonnettum sínum, eru sjaldan beitt og aðeins er að finna eina ádeilu sem nefnist „Spurning“. Það kvæði er að finna í *Kaldavermslum*. Þó að Jakob sé ekki baráttumaður og láti sér fátt finnast um hversdagslegar erjur hefur hann áhuga á félagsmálum. Hann lætur sig varða málefni hins snauða. Að öllum líkindum hefur hann gerst jafnaðarmaður á háskólaárunum í Kaupmannahöfn ef marka má æskukvæði hans „Hugrúnir“. Í kvæðinu „Spurning“ eys hann úr skálum reiði sinnar yfir kúgun og félagslegu óréttlæti.¹⁶ Það endar svo: „illþýði ríkdóms af ranginda skál / mun rammbeiskar dreggjarnar sötra.“ En langoftast ríkir kyrrð í kvæðum skáldsins, eða eins og Ásgeir Hjartarson orðar það:

„Handan storms og strauma“ dvelur hugur skáldsins, hann forðast hávaða og glaum heimsins og leitar kyrrðar og einveru, þar opnast honum dásemdir náttúrunnar, þar hlustar hann á raddir hjartans. Þó að gleði hans sé fölskvalaus og heit og harmurinn djúpur og sár, fer hvorugt hátt, Smári er skáld þagnarinnar og hljóðleikans.¹⁷

„Við erum hrædd við að sleppa sjálfum okkur, við gætum þess ekki, að við munum finna sjálfa okkur aftur í dauðanum“¹⁸

Jakob er allt fram á þennan dag eina íslenska skáldið sem ort hefur fullgerðan íslenskan sonnettusveig en fyrsta tilraun þess efnis var „Ljóðahringur“ Bjarna Jónssonar frá Vogu sem birtist 1898.¹⁹ Gunnar Gunnarsson hafði reyndar ort sonnettusveig á dönsku „Sonetkrans om Zisca og foraret“ árið 1912²⁰ en aðeins fáir ættingjar hans fengu að kynna verkini þar til það var gefið út á bók á aldarafmæli hans árið 1989.

¹⁵ Ásgeir Hjartarson (1949:252).

¹⁶ Ásgeir Hjartarson (1949:254).

¹⁷ Ásgeir Hjartarson (1949:254).

¹⁸ Matthías Jóhannessen (1978:97). Jakob kemst svo að orði í framhaldi af því þegar þeir Matthías ræða um „Sonnettusveig til Íslands“.

¹⁹ Hjörtur Marteinson (1996:110).

²⁰ Gunnar Gunnarsson (1989:5). Sonnettusveiginni orti Gunnar til unnustu sinnar, Franziscu Jörgensen, en síðar sama ár gengu þau í hjónaband.

Jakob orti „Sonnettusveig til Íslands“, sem kom út í *Kaldavermshum* árið 1920. Sonnettusveigur er röð fimmtán sonnetta. Þær tengjast þannig að síðasta lína þeirrar fyrstu er upphafslína næstu og þannig koll af kalli. Fyrsta braglína sonnettusveigsins verður lokalína fjórtándu sonnettunnar og sú fimmtánda hefst með sömu orðum. Hún er kölluð meistarasonnettun og er sett saman úr upphafslínum allra sonnettanna sem á undan fara. Mikil meistarasmíð þykir ef griplur (gr. akrostikhon) eru í henni, það er ef upphafsstafir línanna mynda nöfn eða setningu.

Samhljómur manns og náttúru og leitinn að birtunni í djúpinu kemur fram í sonnettusveig Jakobs. Hann segir sjálfur að sonnettusveigurinn fjalli um náttúruvegurðina í Dölum og að honum ljúki með hugleiðingu um ráðgátu dauðans.²¹ Þó að kvæðið sé ort til bernskudalsins er það ekki bundið stað og stundu. Kvæðið sýnir vel listfengi Jakobs, hvernig honum tekst með næmri skynjun sinni að lýsa náttúrunni með dulrænum og hlýjum blæ. Sonnettusveigurinn hefst á þessum orðum:

Mín fyrsta sjón var heiðin, há og víð,
á höfin svörtu ljóssins fyrsti bjarmi.
Og síðan hef ég hvílt á hennar armi
við hóm og sól, í mollu og kaldri hríð.

Hér gæti ljóðmælandi átt við að frá því hann fæddist hafi heiðin ávallt verið til staðar og lýst upp tilveru hans. Heiðin er persónugerð og ljóðmælandi lítur á hana sem móður sína. Hún táknað í raun náttúruna alla. Í öðru erindi segir hann frá því hvernig hann hefur lifað með náttúrunni í gegnum „lífsins brimólmt stríð“ og þannig ávallt átt hana að í „gleði, ótta, von og harmi“. Hann hefur getað flúið til náttúrunnar sem er ung að eilífu: „en sem að eilíf-ungum móðurbarmi / með allt til hennar flúði og snemma og síð“. Hann finnur fyrir öryggi, í þriðja erindi, því hún geymir sál hans „hjá grasi og tjörn, í lyngi, urð og runnum / við sólskinsþögn og regnsins friðsamt fall“. Sonnettun endar á kalli náttúrunnar:

Þar lifi ég, en annað allt er tál;
ég eilífd drekk úr náttúrunnar brunnum,
og daga og nætur hljómar hennar kall.

²¹ Matthías Jóhannessen (1978:97).

Náttúran er sannur veruleiki hans, allt annað er blekking. Hann drekkur eilífð úr brunnnum náttúrunnar, næring hans er eilífðin. Ljóðmælandi heyrir kall heiðarinnar daga og nætur. Síðasta línan er einnig upphafið á annarri sonnettu og tengir sonnettturnar þannig saman. Önnur sonnetta hefst svo:

Og daga og nætur hljómar hennar kall,
sem heimtar mig að ási og bjargastall,
svo huga mínum hvergi verður fritt,
unz hjarta landsins slá ég finn við mitt.

Ljóðmælandi finnur tengslin milli sín og landsins, náttúran kallar svo sterkt á hann að honum verður ekki rótt fyrr en hann finnur hjarta landsins slá við sitt. Í öðru erindi bregður fyrir rómantískri náttúru-mynd. Ljóðmælandi sér fjörð og fjall roðna við koss sólarinnar og hjarnið, sem hvílir á gnúpum, „teygir andlit sitt að himins vörum“. Í þriðja erindi biður hvert grasstrá: „Komdu heim til mín, / með sætan ilm og mjúka mold ég bíð“. Hér er ákall náttúrunnar sýnt í verki. Grasið býður ljóðmælanda heim. Það mun bíða eftir honum og taka vel á móti honum þegar hann kemur, þegar hann sameinast moldinni. Í fjórða erindi kallar landið hann til sín og bernskuminningarnar í Dölum ákalla hann líka:

Mig kalla ljósrauð kvöld, mitt land, til þín,
mig kallar morgunsól í votri hlíð.
Mig kallar bernskudalsins draumblá tíð.

Í þriðju sonnettu hverfur ljóðmælandi aftur til minninga bernskudalsins sem voru draumi líkastar. Þá var hann heimakær smaladrengur sem heyrði á tal álfa. Á meðan draumurinn „svífur yfir vötn hugans“ stillist ólgan sem „fyrrum vall“ í huga hans. Draumurinn hverfur, en hann vill hverfa aftur til þeirrar kyrrðar sem hann fann í ásku. Hún endar svo: „en ég vil aftur sitja um sumarnótt / í rökkurkyrrð við fossins hvíta fall“. Í fjórðu sonnettu hefur langur tími liðið og myndum er brugðið upp af náttúrunni við fossinn. Rökkurkyrrðin er sú sama, en nú „fölnar, máist, dagsins rauða blóð“. Rauði liturinn táknar lífskraftinn sem í deginum bjó en nú er orðinn lítill sem enginn. Myndhvörfin virka eins og dagurinn sé að þrotum kominn. Grösín, sem „hættu sér á klettsins fremsta pall“, eru hulin úðaryki og njóta sín ekki lengur. Fossinn sem áður var kraftmikill er orðinn daufur, hann „syngur ekki lengur styrks-

ins óð“ og þögnin ríkir. Fossinn tákna ævítímann sem er senn á enda; brátt mun dauðastundin nálgast. Líklega eru hliðstæður milli náttúru-myndmálsins og tilfinninga ljóðmælandans. Hann er orðinn öldungur og er farinn að hugsa um ráðgátu dauðans. Í næsta erindi verður hann sjálfur órofa hluti af jörðinni:

Og jörðin verður sál – en sál mín jörð.
Nú sé ég bjarma gegnum efnis tjald
og grúfist dýpra grænan niðr í svörð.

Sál hans verður að moldu og moldin að sál, sbr. *Biblía*: „Því að mold ert þú og til moldar skalt þú aftur hverfa!“ (1. Mósebók 3:19). Hann sameinast jörðinni, þ.e. uppruna sínum. Í fyrstu sonnettu mætti jafnvel halda að ljóðmælandi væri fæddur af móður náttúru, hér hverfur hann aftur til hennar. Miðað við efni sonnettsveigsins í heild lítur út fyrir að hann sé aðeins í uppljómunarástandi en alls ekki dáinn, því að í fimmtánda sonnettu biður hann enn „fullrar birtu“. Í uppljómun sinni sér hann „bjarma“ í gegnum dulu efnisins. Hann sér lengra en efnislegur heimur gefur til kynna, honum birtist hin andlega vídd. Trúin á annað líf kemur hér fram. Ljóðmælandi grúfir sig lengra niður í grassvörðinn, hann finnur þar áreiðanlega „sætan ilm“ (sbr. sonnettu tvö). Það er eins og hann sé að hjúfra sig upp að móður náttúru. Hann hræðist ekki hið „hulda kynjavald“ því hann er sjálfur „sál af heimsins sál“. Hann segist síðan „búa glaður við bergsins kalda stál“. Fimmta sonnetta hefst á þeim orðum. Bergið, ásinn, hlíðin, móarnir, hvammurinn og fleiri staðir, sem nefndir eru í sonnettsveignum, eru hluti af bernskustöðvum hans. Þar finnst honum gott að vera. Í annarri sonnettu sagði ljóðmælandi frá því að náttúran „heimtaði hann að ási og bjargastall“ og að honum yrði ekki rótt fyrr en hann fyndi hjarta landsins slá við sitt. Bergið er þannig rétt við hjarta landsins. Hann vill gjarnan vera þar „er birtan fyrsta tendrar myrkan ál“. Þessi myndhverfing kallast á við ljóðlínuna „á höfin svörtu ljóssins fyrsti bjarmi“ í fyrstu sonnettu. Birtan fyrsta gæti stafað frá sólinni, sem veitir ljósi inn í annars myrka tilveru. Ljósið er merki um eilífðina og hafið tákna tilveruna (sbr. fyrstu og fimmtu sonnettu, „heimsins sær“). Ljóðmælandi er líklega enn að hugleiða ráðgátu dauðans, nú ekki sinn eigin heldur dauða allra manna. Lýsingin á dauðanum, sem byrjaði með náttúrulýsingu í fjórðu sonnettu, stigmagnast þegar dauðinn er nefndur á nafn. „Allar stjörnur slokkna, er skærast brunnu“ og „við teygum dauðans drykk úr lífsins skál“. Tímanum er líkt við strauminn og kvíkar öldur:

en þó að allt sé straumur, hrannir hvíkar,
á heimsins sæ til fulls ei glatast neitt
og lífsins vínglóð dylst í dauðans bikar.

Lífið er skammvinnt og því fær enginn breytt en þó að „allt sé straumur“ og háð takmörkum tímans, mun ekkert að eilífu glatast. Þó að dauðinn komi fram leynist í bikar hans „lífsins vínglóð“; hann gefur fyrirheit um líf. Ljóðmælandi finnur í djúpi hjarta síns að allt er af einum stofni. Nú krýpur hann fyrir heitri sólinni og kyssir mold ættjarðarinnar af lotningu: „Ég kyssi mjúkt þá moldu, sem mig ól“. Sjötta sonnetta hefst á sömu orðum, og ljóðmælandi fer að tala um örlög sín sem Ísland skapaði honum. Hann biður þess að nú varpi „Íslands sumarsól / þeim síðsta geisla á lífs míns bláa haf“. Þegar hann deyr vill hann fá hinstu kveðju frá sólinni. Síðan vill hann liggja í hléi við grænan hól, með hrískjarr og blóm yfir sér. Alltaf skal hvelfast yfir gröf hans „hið bláa himinfang og síung sól“. Sjöunda sonnetta hefst á sömu hendingu, þegar ljóðmælandi er að virða fyrir sér náttúruna. Rjúpan er komin í sumarkjól og heiðin kveður við af ástarsöngvum. Vorsins mál ómar, um ást og gleði, daginn og augnablikið. Liðnar þrautir eru að baki og ljóðmælandi lætur alla vorsins hljóma „í sælum draumi drekka sína sál“. Í áttundu sonnettu drekka sál hans „in dökku fjallavötn á lygnum kvöldum“ og jörð og himinn eru „sveipuð svörtum tjöldum“. Hann sér gegnum tímans tál og finnst hann einnig hafa reynt það á sama stað fyrir ótal öldum. Það eru „innstu völd“ lífsins sem leiðbeina honum. Hann skynjar tímaleysi, því tíminn er eilífur:

Í sælli leiðslu vil ég vaka og dreyma,
að fortíð, nútíð, framtíð – allt er hjóm,
því tíðin sjálf er eilíft augnablik.

Hann leggur sig síðan niður í „lyngklætt hamravík“ og finnst hann ávallt hafa átt heima í hlýjum faðmi náttúrunnar. Níunda sonnetta hefst eins: „Mér finnst ég ávallt hafa átt þar heima“. Honum hefur alltaf liðið vel í náttúrunni þar sem „vorið kyssir móa og grundir“ og þar vill hann „dulinn dvelja allar stundir, / er dagsins hinztu bros um tinda sveima“. Hljóð rökkurkvöldin heilla.²² Þar er huggun að finna:

²² Dæmi um það eru í sonnettu II: „Mig kalla ljósrauð kvöld, mitt land, til þín“, III: „en ég vil aftur sitja um sumarnótt, / í rökkurkyrrð við fossins hvíta fall“, VIII: „Í sælum draumi drekka mína sál, / in dökku fjallavötn á lygnum kvöldum“, IX: „í hug og taugum lægði brim og storma / við regnþung ský er rökkva tók í hlíð“ og XIV: „ég aleinn sitja vil í hárrí hlíð / um hljóðar nætur, undir stjarna sveimi“.

Því jörðin á svo hlýjar, mjúkar mundir,
sem mannabarnið rótt og öruggt geyma.
Og þar er hægt að sofna sætt og gleyma,
að sárnað hafi fætur, logað undir.

Í náttúrunni fann hann fyrir alheimsvitundinni: „Þar hef ég fundið fyrst, að ég er liður / í festi lífs, í ætt við grös og orma“. Hann háði aleinn sárt hugarstríð en fjötrar sársaukans losnuðu:

Og hjartað varð svo hljótt. Hinn mikli friður
í hug og taugum lægði brim og storma
við regnþung ský er rökkva tók í hlíð.

Í tíundu sonnettu segir ljóðmælandi frá minningum sínum á bernskustöðvunum í vetrarhörkum. Þá fannst honum gott að vera á lágum ási og hlusta á furðuhvísl vindsins. Sál hans varð heil og hrein í rigningunni og hann fann fyrir létti. Á kvöldin undir ásnum heima „æ ljúfast var að vaka, best að dreyma.“ Á sömu orðum hefst ellefta sonnetta. Ljóðmælandi heldur áfram að rifja upp sælar minningar við bernskustöðvarnar þegar hann lá „í víðiloðnum hvammi“ og horfði á „gullhvít sumarskýin sveima“. Hann heyrir árnar „syngja sóldag yfir alla heima“, gleðiboðskapinn sem ekkert hjarta getur framar gleymt. Þarna gæti verið átt við tíðindin um eilíft líf. Síðan fylgist hann með lóunni á melnum og þröstum í feluleik við sólsetur. Undir lok sonnettunnar hefur hann týnt sjálfum sér í „ást og algleyming“ en fundið sig aftur „hreinni, rórri og betri, / við náttúrunnar stóra, heita hjarta“. Í tólfstu sonnettu er brugðið upp myndum sem sýna hvernig sorg og gleði hjaðna við hjarta náttúrunnar. Sólin sýgur „allt særök nautna og böls, er vall í geði“. Það er eins og ofsi hugans stillist og finni jafnvægi. En jörðin heimtar sál hans að veði, ef „brotnir partar“ í honum sjálfum eiga að geta orðið heilir. Hér er ljóðmælandi táknður sem „hin bleika jurt, sem hiksins maðkar narta“. Hikið túlkar líklega óvissuna um eilífðina. Greinilegt er að hvörf verða eftir fyrstu tvö erindin. Í upphafi er hugarstríð ljóðmælandans kynnt og efi hans um eilífðina. Í þriðja erindi byrjar úrvinnslan:

Að þora að gefa allan sjálfleik sinn,
og óttalaus að hverfa í mikla hafið,
er fyrsta sporið inn að heimsins hjarta.

sem leiðir til lausnarinnar í fjórða erindi:

Þótt kafið heljarmyrkri virðist vafið,
ég veit, að aðeins þar ég lífið finn.
Ég blikði sé á botni djúpsins svarta.

Gott er að óttast ekki dauðann og þora að gefa sjálfa(n) sig, týna sér því að „við munum finna sjálfa okkur aftur í dauðanum“ eins og Jakob segir í áðurnefndu viðtali við Matthías Jóhannessen.²³ Ljóðmælandinn leitar æðri tilgangs og segir dauðann vera „fyrsta sporið inn að heimsins hjarta“. Síðasta erindið lýsir dauðanum sem virðist vera umlukinn heljarmyrkri en þegar betur er að gáð þá er hann eini staðurinn þar sem ljóðmælandi mun finna sitt raunverulega líf. Hann sér blikði á botni djúpsins svarta. Sennilega vísar blikði til trúar á æðri tilgang og fullvissu um að í dauðanum felist ákveðin lausn. Í upphafi þrettánda sonnettu segir að fáir horfi í djúpið svarta þótt allir viti að eitt sinn muni það kæla þeirra hjarta. Fáir hugleiði í raun ráðgátu dauðans þótt allir viti að eitt sinn mun hver deyja og oft gleymist „í lífsins lága striti“ að „ljósir salir bak við myrkrið skarta“. Þarna er eins konar breytt endurtekning á hugmyndinni „blikði á botni djúpsins svarta“. Ljosið í myrkriinu er merki um eilífðina. En stundum efast ljóðmælandi mikið um hana:

Og þegar stundum efans heljar-ís
sig yfir vakir sálar minnar teygir,
úr lífsins djúpum hverinn heitur gýs.

Eftir að sannfæringin hefur fundist í „lífsins djúpum“ er efinn á bak og burt í fjórða erindi:

Þá bráðnar jakinn, opnast allir vegir.
Ég ekkert framars hirði um dag né tíð.
Með ró og trausti fullrar birtu ég bíð.

Jakinn, sem hefur aftrað ljóðmælanda frá nánnum tengslum við guðdóminn, hefur bráðnað og allir vegir standa opnir. Hann finnur nú fyrir tímaleysi og bíður fullrar birtu með ró og trausti. Hugarstríð

²³ Matthías Jóhannessen (1978:97).

hans er horfið og rósemin tekin við. Hann getur því lifað áhyggjulaus ævina á enda uns hann deyr og fær að njóta fullrar birtu.

Ljóðmælandi bíður áfram eftir fullri birtu í fjórtánda sonnettu „sem barn í móður fangi ljósið dreymi“ og móðirin er náttúran. Þögnin og blómin sem blunda undirstrika kyrrðina sem ríkir. Þögnin safnar „sundurhljómunum“ í sólaróð. Vætanlega eru sundurhljómarnir tákni um ósætti manna á milli eða í huga hvers og eins. Þögnin sættir og kyrrir óeirðina. Ljóðmælandi vill sitja úti í náttúrunni „um hljóðar nætur, undir stjarna sveimi“. Í þriðja erindi fer æst blóð hans að stillast og kyrrlát unaðsflóð streymir um hugann; „Nálægt hvílir horfin, ófædd tíð“. Eins og áður sagði (sbr. fjórðu sonnettu) er líklegt að ljóðmælandi sé öldungur sem er að hugsa til þess að dauðinn sé að nálkast og hvað muni bíða handan hans. Horfin, ófædd tíð gæti bæði átt við um liðna ævidaga og um nána framtíð hans sem renna saman í tímalausa eilífð. Hann hugsar til horfins tíma, í huga hans ómar liðið bernskumál og hann gleymir ekki þeim yndislegu minningum sem hann á um náttúruna frá æskudögum:

Þar ómar ljúfast liðið bernskumál,
er landið mitt sér vígði mína sál:
Mín fyrsta sjón var heiðin, há og víð.

Fimmtánda og síðasta sonnettan hefst á lokalínu næstu sonnettu á undan eins og aðrar og dregur saman efni hinna sem fara á undan. Ljóðmælandinn er bundinn náttúrunni órofa böndum. Sem barn tók hann strax ástfóstri við landið: „Mín fyrsta sjón var heiðin, há og víð“. Hann hugsar til baka: „mig kallar bernskudalsins draumblá tíð“ og þakkar fósturjörðinni: „ég kyssi mjúkt þá moldu, sem mig ól“. Sál hans sameinast náttúrunni: „hið bláa himinfang og síung sól / í sælum draumi drekka mína sál“. Þar finnst honum hann ávallt hafa átt heima og þar líður honum vel. „Æ ljúfast var að vaka, bezt að dreyma“ vísar til þess hversu yndislegt ljóðmælanda fannst að njóta náttúrunnar og láta sig dreyma. Í lokin bíður ljóðmælandi við náttúrunnar stóra hjarta. Hún er honum til halds og trausts þegar hann er farinn að sjá fyrir dauða sinn. En dauðann óttast hann eigi því hann er fullviss um ljósið í myrkrinu: „ég blikði sé á botni djúpsins svarta“. Hann bíður fullrar birtu án alls óróleika. Sál hans er borgið í náttúrunni og hann mun sameinast eilífðinni.

„Nú heyri eg minnar þjóðar þúsund ár“

Að sögn Jakobs sjálfs er „Þingvellir“ hans besta kvæði. Það er frægasta sonnetta hans og jafnframt ein af fegurstu sonnettum sem ortar hafa verið á íslensku. Um tildrög sonnettunnar og efnistöð lét Jakob eftirfarandi orð falla: „Kvæðið er ekki ort á Þingvöllum, eins og ætla mátti, heldur í Reykjavík og ekki í tilefni af 1000 ára hátíð Alþingis 1930, en það ár kom það út í *Perlum*, heldur 1926 og er aðeins byggt á endurminningum um tign og þýðingu staðarins og örlög þjóðarinnar að fornu og nýju.“²⁴ Sonnettan birtist síðan aftur í annarri ljóðabók skáldsins, *Handan storms og strauma*.

Þingvellir

Sólskinid titrar hægt um hamra’ og gjár,
en handan vatnsins sveipast fjöllin móðu.
Himininn breiðir faðm jafn-fagurblár
sem fyrst, er menn um þessa velli tróðu.

Og hingað mændu eitt sinn allra þrár,
ótti og von á þessum steinum glóðu;
og þetta berg var eins og ólgusjár, –
þar allir landsins straumar saman flóðu.

Minning um grimmd og göfgi, þrek og sár,
gymist hér, þar sem heilög véin stóðu,
höfðingjans stolt og tötraþrælsins tár,
sem tími’ og dauði’ í sama köstinn hlóðu.

Nú heyri’ eg minnar þjóðar þúsund ár
sem þyt í laufi’ á sumarkvöldi hljóðu.

Fyrst er lýsing á staðháttum. Hamrar og gjár, vatnið og fjöllin tilheyra Þingvöllum. Náttúruöflin eru bundin Þingvöllum tryggðaböndum. Þau hafa í engu breyst frá því menn gengu þar um í fyrsta sinn þúsund árum áður. Sólskinid, himinninn og fjöllin eru persónugerð. Sonnettan hefur yfirbragð kyrrðar og stillingar. Öll hreyfing í fyrsta

²⁴ Matthías Jóhannessen (1978:99).

erindi er mjúkleg og fágúð. Sólin skín varfærnislega af umhyggju fyrir náttúru Þingvalla og við sjáum þegar geislar hennar titra hægt um hamra og gjár. Heiður himinninn er ástríkur á sama hátt og breiðir út faðm sinn. Fjöllin handan Þingvallavatns sveipast móðu rétt eins og þunnri skikkju.

Í öðru erindi eru þrjár fólksins persónugerðar þar sem þær mæna til Þingvalla. Þetta er tákni um sameiginlegan hug fólksins til Þingvalla, staðarins þar sem hugsjónir gátu orðið að veruleika og þar sem Íslendingar urðu að þjóð. Aðdáun og ást fólksins felst í þessum orðum. Ótti og von lýðsins eru nátengd Þingvöllum og glóa þar á steinunum. Myndmálið dregur fram nálægðina og gerir sambandið lifandi. Jakob líkir síðan Þingvöllum við ólgandi sjó, en þangað streymdi fólk á Alþing frá öllum landsins hornum. Fólkið er þannig sjórinn og ólgan stafar af því að fólk hefur mismunandi skoðanir og tilfinningar. Sumt fólkið er óttaslegið, annað fullt vonar. Ólgan táknar einnig kraftinn sem í Þingvöllum bjó. Kraftur Þingvalla og straumur fólksins sameinast í ólgusjónum. Í sonnettu Jakobs renna þjóðin, landið og sagan saman í eitt eins og hjá Jónasi Hallgrímssyni í kvæðinu „Ísland“.

Þriðja erindi hefst á minningu um sögulega atburði, en hún geymist þar sem helgidómurinn stóð. Miklar andstæður bera uppi myndina: grimmd og göfgi, þrek og sár. Mikið hefur gengið á. Tíminn og dauðinn hafa jafnað út sigra og ósiga; stoltum höfðingja og raunamæddum tótrápræl hefur tíminn hlaðið „í sama köstinn“. Í síðasta erindi birtist ljóðmælandi sjálfur er hann segir: „Nú heyrir’ eg minnar þjóðar þúsund ár / sem þyt í laufi á sumarkvöldi hljóðu.“ Þessar ljóðlínur urðu fleygar. Saga þjóðarinnar og Þingvalla í þúsund ár, sem fjallað var um í fyrstu þremur erindunum, er dregin saman í lokálínum kvæðisins og henni líkt við náttúruþyrirbæri sem varir skamma stund. Myndmálið verður mjög áhrifaríkt með þessum miklu andstæðum í tíma og rúmi. Lítil náttúrumynd, þytur í laufi, kallar fram þúsund ára sögu þjóðarinnar, „minning um grimmd og göfg, þrek og sár“ og í þeim þyt heyrir hann líka óm þeirra atburða sem hent höfðu íslensku þjóðina á Alþingi í þúsund ár.

Sonnettan er ort að enskum hætti, en þó er rímskipan allt öðruvísi en vanalegt er: aBaB/aBaB/aBaB/aB. Hefðbundið enskt form er abab/cdcd/efef/gg eins og áður var tilgreint. Sonnetta Jakobs er að því leyti sérstök að karlrim og kvenrim skiptast á frá upphafi til enda og rímið er það sama út í gegn: aB. Í bók sinni, *Das Sonett*, heldur Walter Mönch því fram að uppsetningin á „Þingvöllum“ sé það eina

sem sýnir að kvæðið sé hugsað sem sonnetta og það sé sjaldgæft afbrigði, reyndar kallar hann það „seltene Entartung“, en þýska orðið Entartung þýðir úrkynjun.²⁵ Ég er þessum ummælum Mönch algerlega ósammála. Kvæði Jakobs er augljóslega sonnetta og þar að auki mjög fögur og vönduð. Þrátt fyrir að rímið sé óvenjulegt miðað við sonnettuhefðina þá samræmast efnisumfjöllun og yfirbragð kvæðisins kröfum sonnettuformsins um röklega uppbyggingu og fágun.

Bygging „Þingvalla“ er nákvæmlega eins og bygging sonnettu á að vera. Samkvæmt enskri hefð hefur hún þrjú fjögurra línu erindi og því getur efnisumfjöllunin verið ítarlegri en annars ef ítalska formið væri notað. Í „Þingvöllum“ er framvindan mjög skýr. Í upphafi er efnið reifað: staðurinn kynntur og upphaf sögunnar. Ljóðmælandi ber saman Þingvelli nú og fyrir þúsund árum og sér fyrir sér þegar menn gengu þar fyrst um. Þannig tengir hann nútíðina við fyrstu aldir byggðar í landinu. Gerð er grein fyrir þýðingu Þingvalla í öðru erindi, og minningunni um land, þjóð og sögu er lýst myndrænt. Spenna er byggð upp þegar allt rennur saman í einn ólgusjó sem táknar örlög fólksins og kraft Þingvalla. Í þriðja erindi er efnið útfært frekar, spennan hefur enn magnast og minningin um sögulega atburði stendur ljóslifandi fyrir hugskotssjónum ljóðmælanda. Þingvellir eru minnisvarði atburða sem voru bæði „grimmir“ og „göfugir“. Kvæðið nær síðan hámarki sínu þegar ljóðmælandi heyrir hina merkilegu sögu Þingvalla og örlög fólksins í þúsund ár „sem þyt í laufi“ á sumarkvöldi hljóðu“.

Þar sem aðeins eru notaðar tvær rímgerðir verður kvæðið ennþá sterkari heild en ella. Það verða engin efnisleg skil milli erinda og kvæðið rennur ljúflega áfram. Rímgerðin hefur líka áhrif á hljóminn. Með því að endurtaka sama rímið svona oft verða áhrifin sefjandi. Myndirnar, sem Jakob dregur upp, ásamt stuðlunum og ríminu, gera tóninn í kvæðinu þýðan og jafnframt alvarlegan. Þegar stuðlasetningin í „Þingvöllum“ er skoðuð nánar kemur í ljós að hún hæfir efni kvæðisins mjög vel. Jakob vandar jafnan stuðlasetningu í kvæðum sínum og eru „Þingvellir“ gott dæmi um listræna hæfileika hans. Stuðlarnir eru hefðbundnir, tvær línur stuðla saman hverju sinni og hafa þeir áhrif á yfirbragð kvæðisins. Fyrsta erindi stuðlar svo: **hægt** – **hamra** – **handan**; **faðm** – **faðurblár** – **fyrst**. Þessi stuðluðu orð leggja áherslu á náttúru-**fe**gurðina og kyr**r**ðina. Einnig er áhersla á orðið ‚fyrst‘ því það

²⁵ Mönch (1955:194).

ákvarðar tíma kvæðisins. Í öðru erindi er áhersla lögð á söguna og þjóðina: **eitt** sinn – **allra** – **ótti**; **eins** og – **ólgu**sjár – **allir**. „Eitt sinn“ minnir okkur á fortíðina og Þingvellir voru staður „allra“. Athyglisvert er að sérhljóðar einkenna alla stuðlun í þessari ferhendu. Spennan er byggð upp með „ó“hljóðinu í orðunum „ótti“ og „ólgu“sjár“ og jafnframt er áhersla lögð á samlíkinguna við ólgujóinn. Orðið „allir“ er látið stuðla tvisvar, í síðara skiptið er það hluti af samlíkingunni: „allir landsins straumar“. Lesandinn fær því skýra mynd af þjóðinni er hún kemur saman á Þingvöllum. Þriðja erindið stuðlar fyrst á **grimmd** – **göfgi**, orðum sem tengja saman miklar andstaður. Höfuðstafur í næstu línu er á orðinu **g**eymist. Það hæfir vel því að í orðunum „grimmd“ og „göfgi“ felast sögulegir atburðir sem hent hafa á Þingvöllum. Seinni hluti erindisins segir að tíminn hefur skapað ákveðinn jöfnuð milli tötraþrælsins og höfðingjans. Lokalínurnar stuðla síðan með önghljóði eins og fyrsta erindið: **þjóðar** – **þúsund** – **þyt**, og sama kyrrðin ríkir og þar. Stuðluðu orðin leggja áherslu á allt kvæðið í senn og minningin um þjóðina og þúsund ár hennar sem heyrir eins og þytur í laufi stendur eftir í huga lesandans.

Æskubrá

Á æskustöðvunum²⁶

Nýtt vatn úr brunni lífsins eys ég æ,
er æsku minnar heim ég finn á ný.
Í minninganna bernskuljúfa blæ
ég bærast lít hin gulli roðnu ský.

Og fyrir handan hversdags-sortans sæ
mig seiðir fegri strönd; ég þangað sný
að grænu túni og gömlum, lágum bæ,
þar geymist tregans angan veggjum í.

Mig dreymir draum hins horfna, er eilíft er,
en undirstraumur sálar minnar ber
í fangi sér hið fagra nú sem ryk
og fortíð alla líkt og augnablik.

²⁶ Jakob Smári (1957:77).

Mér endurnýjun draumsins dýrust er, –
dásemdin horfna lifir enn í mér.

Rímform: abab/abab/ccdd/cc

Æskustöðvarnar vestur í Dölum voru Jakobi Smára hugleiknar og skín það í gegn í nokkrum ljóðum hans. Fegurð náttúrunnar er dásömuð, en einnig kemur fram sterk þrá eftir æskunni. Í kvæðinu „Á æskustöðvunum“ lifnar bernskuheimur ljóðmælandans á ný. Fegri strönd er „fyrir handan hversdags-sortans sæ“ sem seiðir hann til sín og hann hverfur á vit æskustöðvanna að gömlum bæ þar sem „tregans angan geymist veggjum í“. Minningar horfningar æsku eru ljúfsárar og því er angan af treganum. Línurnar „en undirstráumur sálar minnar ber / í fangi sér hið fagra nú sem ryk“ eru nokkuð torræðar við fyrstu sýn en þarna virðist sem ljóðmælandi sé að segja að minningin um æskustöðvarnar og fagra fortíðina geymist innst í sál hans, eins og eitt augnablik. Rykið er hér tákn fyrir „hið horfna.“ Honum þykir dýrmætt að endurlifa minninguna og hún er eilíf, því hún lifir áfram í honum: „Mér endurnýjun draumsins dýrust er, – / dásemdin horfna lifir enn í mér.“

Miðdalir²⁷

Miðdalasveit í sólskininu dreymir.
Smáskugga’ um landið skýjafarið teymir.
Heiðríkjan yfir hvelfist nesjum öllum.
Hálsarnir mæna út að Ljósufjöllum.

Æskunnar birta eyðir tímans spjöllum.
Æskunnar fegurð skín á hólum, völlum.
Minningin fornar myndir trúföst geymir.
Mannshjartað aldrei bernskustöðvum gleymir.

Glitrandi árnar, – eins og tímans straumur
áfram þær líða. Mjúksár bernskudraumur
dvelur í huga: Dýrð á öllu ljómar.
Dulrænum orðum tala hjartans rómar.

²⁷ Jakob Smári (1939:26).

Bergmál hins liðna tíma endurómar.
Innst inni' í sálu leynast helgir dómar.

Rímform: AABB/BBAA/CCDD/DD

„Miðdalir“ er annað fallett kvæði um æskuna. Fyrsta erindi þess hefst á því að Miðdalasveitin er persónugerð. Jakob á auðvelt með að tjá sig í fögrum myndum sem kallast á og skapa sérstæðan hugblæ og sést það hér ekki síður en í öðrum kvæðum hans. Miðdalasveitina dreymir í sólskininu og lesandi getur jafnvel gert sér í hugarlund að hún liggir í makindum og láti fara vel um sig og horfi kannski á skýjafarið teyma smáskuggana um landið. Þessi mynd setur hægfara hreyfingu af stað, sem er fylgt eftir síðar í kvæðinu. Heiðríkjan er endalaus; hún hvelfist yfir nesin öll. Hálsarnir í sveitinni stara opnum augum út að Ljósufjöllum. Með sterkri myndhverfingu gerir Jakob lesandanum ljóst hve fögur Ljósufjöll eru. „Æskunnar birta eyðir spjöllum tímans,“ kveður skáldið og á líklega við að hann geti yljáð sér við minningar æskunnar – þrátt fyrir að hafa reynt margar þrautir. Hólar og vellir geisla af fegurð. Árnar líða áfram og kallast á við hreyfinguna í fyrsta erindi. Bernskudraumurinn er „mjúksár“ því minningarnar eru góðar en þær eru jafnframt horfnar og því fylgir tregi að rifja þær upp. „Dýrð á öllu ljómar“. – Í huga ljóðmælandans er dýrð yfir ækustöðvunum og indælum minningum. Hann finnur „bergmál hins liðna tíma enduróma“ og endurlifir atburði bernsku sinnar.

Gamankvæði

Skilnaður²⁸

Hún stóð við garðinn. Hryggur horfði eg braut,
á hafið út, á rauðrar sólar skar.
Og háfleyg sorg í huga mínum þaut,
því hjartað vætt af ástarkvíða bar.

En allur heilinn hljóp í tóman graut,
er henni skyldi eg gera játningar.
Mér ekkert skáldlegt orð af vörum hraut,
sem augnabliksins hátígn boðlegt var.

²⁸ Jakob Smári (1920:102).

Ég feiminn áfram yfir hestinn laut,
rétt eins og máské hjálpin fælist þar.
En ekkert dugði – hana kveðja eg hlaut;
við hjartans spurning – ekki nokkurt svar.

Ég aldrei hef í aðra eins komizt þraut,
þótt allar reikni eg hryggbrotsferðirnar.

Rímform: abab/abab/abab/ab

Jakob Smári orti ekki mörg gamankvæði, en eitt þeirra, „Skilnaður“, birtist í *Kaldavermslum*. Það er ástarkvæði þar sem ljóðmælandinn er hryggbotinn, en allur tónninn í kvæðinu er gamansamur. Í fyrsta erindi stendur konan, sem hann er ástfanginn af, við garðinn. Hann megnar ekki að horfa á hana heldur horfir hryggur út á hafið og „háfleyg sorg“ þýtur um huga hans og hjartað er „vætt“ af „ástar-kvíða“ þegar að því kemur að játa henni hug sinn. Braghvöld kemur í fyrstu línu til að leggja áherslu á orðin „Hryggur horfði eg braut“. Það þarf ekki að lesa lengra til að uppgötva efni kvæðisins. Þetta er orðaleikur, lesið er „hryggur ... braut“ og „hryggbot“ kemur upp í huga lesandans. Í öðru erindi lýsir hann því hvernig orðin bregðast honum. Heilinn hleypur allur í graut og ekkert skáldlegt orð kemur af vörum hans sem hæfir „augnabliksins hátign“. Kannski er þetta eina tækifærið sem hann fær. Hann lýtur feiminn yfir hestinn og vonast til að finna réttu orðin. Þorir enn ekki að líta á hana. En honum kemur ekkert til hugar. Verður að skilja við hana án þess að fá nokkurt svar við spurningu hjarta síns. Kjarni sonnettunnar kemur fram í skemmtilegum lokálínum: „Ég aldrei hef í aðra eins komizt þraut, / þótt allar reikni eg hryggbrotsferðirnar.“ Þessi hryggbrotsferð hlýtur að vera annars eðlis en allar hinar sem hann hefur reynt; hér er það ekki konan sem hafnar honum heldur hann sem klúðrar rétta augnablikinu. Kvæðið hefur tvö svið. Ljóðmælandi, sem nú er orðinn gamall er að hugsa til baka og hlær með sjálfum sér yfir því hve ástin var hástemmd þegar hann var unglíngur. Kímin lýsing felst í orðunum „háfleyg sorg“. Sorg hans ekki djúp og full af harmi heldur háfleyg geðshræringar-ást unglingsins.

Þessi sonnetta hefur sömu rímskipan og „Þingvellir“ nema hér er aðeins karlím: abab/abab/abab/ab. Hún hefur röklega framvindu þar sem við sjáum fyrst mynd af ljóðmælanda og konunni sem hann er ástfanginn af. Vandamál hans er kynnt strax í fyrsta erindi; hann þarf

að tjá ást sína en kvíðir því. Í næstu tveimur erindum reynir hann að finna úrlausn á vandanum en hann er of feiminn og getur ekki orðað tilfinningar sínar. Niðurstaðan kemur í síðustu tveimur línunum þriðja erindis; hann verður að skilja við hana. Síðan er allt efni sonnettunnar tekið saman í lokalinunum sem sýna afstöðu ljóðmælandans til sögunnar sem hann sagði af sjálfum sér.

Formtilraunir

Jakob er fyrsta íslenska skáldið sem gerði tilraunir með lengingu og styttingu braglína í sonnettunni.²⁹ Hann hefur ort í það minnsta sex sonnettur þar sem bragliðir eru annaðhvort fjórir í hverri línu eða á skiptast fjórir og þrír í línu.³⁰ Dæmi um það síðarnefnda er kvæðið „Spurning“ þar sem eru fjórir og þrír bragliðir á víxl og „Þrjár sonnettur III“ þar sem síðustu tvö erindin hafa þrjá bragliði í stað fimm. Einnig varð Jakob fyrstur til þess að brjóta upp venjubundna hrynjandi sonnettunnar með þríliðum³¹ og dæmi um það eru kvæðin „Skin eftir skúr“, „Sonnetta (Þreyttan af dagsins gný...)“ og „Eftir Njálsbrennu“ úr *Kaldavermslum* og kvæðið „Líf“ úr *Undir sól að sjá*. Vissulega hafði borið á því allt frá upphafi sonnettuskáldskapar á Íslandi að í stað forliðar og tvíliðar í kjölfarið færi þríliður, enda oft óhjákvæmilegt í samræmi við þá reglu í íslensku máli að fyrsta atkvæði orðs bera aðaláherslu. Jakob gengur í þessu máli lengra.

Jakob gerði margar tilraunir með rímið sem fyrr segir og er ekki unnt að gera því nákvæm skil hér á þessum blöðum en gaman er að líta á notkun hans á rímhljómunum, sem voru venjulega fimm í hinni hefðbundnu ítölsku sonnettu en sjö í þeirri ensku. Á eftirfarandi töflu sést fjöldi rímhljóma sem Jakob notaði í sonnettum sínum. Ekki er gerður greinarmunur á karl- og kvenrími í töflunni. Tölurnar tákna fjölda sonnetta:

Rímhljómar	Ítalskar	Enskar	Samtals
ABCDEFGFG	5	7	12
ABCDEF	6	4	10

²⁹ Hjörtur Marteinsonn (1996:40).

³⁰ Auk þeirra eru kvæðin: „Gríma“, „Trúboðið“ og „Manvísur V“ (*Kaldavermsl*) og „Mín ástmey ljúf“ (*Undir sól að sjá*).

³¹ Hjörtur Marteinsonn (1996:40).

ABCDE	33	16	49
ABCD	18	19	37
ABC	2	3	5
AB	0	11	11
Samtals	64	60	124

Á töflunni sést að Jakob hefur ort um helming allra sinna ítölsku sonnetta með fimm rímhljómunum, eins og hefðin var, en nokkuð stórt hlutfall þeirra er með fjórum. Þorsteinn Þorsteinsson var fyrsta íslenska skáldið sem fækkaði rímhljómunum niður í tvo og þrjá.³² Jakob fækkar rímhljómunum einnig niður í tvo en aðeins í enska sonnettuforminu. „Þingvellir“ er dæmi um vel heppnaða sonnettu sem hefur aðeins tvo rímhljóma í stað sjö. Á töflunni sést að Jakob hefur gert fleiri tilraunir með ensku sonnettuna en þá ítölsku. Af þeim enskættuðu hafa 11 sonnettur hans tvo rímhljóma, 19 fjóra og 16 fimm en aðeins 7 hafa jafn marga rímhljóma og sonnetta Shakespeares.

Kvöld á Reykjum í Ölfusi

Kvöld á Reykjum í Ölfusi³³

Í aftanroða glóbjörtum írauð fjöllin ljóma,
 en álfareykur læðist um víðlend fenjadrog.
 Nú svifur hvera-ýringin upp í loftsins blóma,
 en undir, niðri’ í jörðinni, heyrast vatnsins slög.

Af lognsins töfrum reykirnir hvarfla vega-villir
 og vita’ ei, hvert skal fara um óraleiðir heims,
 en fyrir landi Vestmannaeyjar uppi hillir
 sem álfaborg í fjarskanum handan sævargeims.

Hátt uppi fljúga svanir með annarlegu kvaki
 í oddfylkingu fram eftir, heiðavatna til,
 og það er eins og með sér þeir hálfan hugann taki
 í huldulöndin bak við hin gullnu sólskins-þil.

³² Hjörtur Marteinson (1996:39-40).

³³ Jakob Smári (1936:20).

Það er sem landið kalli og vilji, að ég vaki
og viti ekki lengur nein stunda' og dægra skil.

Rímform: AbAb/CdCd/EfEf/Ef

Kvæðið „Kvöld á Reykjum í Ölfusi“ er óvenjulegt að því leyti að það hefur sex bragliði í línu í stað fimm. Jakob brýtur upp hrynjandina í línunum með braghvöld eins og svo langar línur krefjast. Hrynjandinn minnir stundum á dans vegna þeirrar tilbreytingar sem stafar af braghvöldinni. Þannig teygist úr þeim orðum sem eru þríkvæð og hrynjandinn verður léttari.

Rímskipanin er hefðbundin miðað við enska formið, nema loka-línurnar tvær ríma við þriðju ferhendu í stað þess að hafa sjálfstætt rím. Þannig tengjast þær þriðja erindinu nánar, svipað og gerist þegar um ítalska sonnettu er að ræða. Sonnettan verður því eins konar blanda af tveimur gerðum þó að ensku áhrifin í henni séu sterkari vegna uppsetningarinnar. Það verða nokkurs konar hvörf eftir fyrstu tvö erindin, vegna samhangandi ríms í næstu tveimur erindum, en áhrifin verða ekki eins sterk og í ítölsku sonnettunni vegna hinnar ensku uppsetningar og stígandi framvindu.

Kvæðið er náttúrulýsing með dulrænni stemningu. Í byrjun er fjölnunum á Reykjum í Ölfusi lýst. Það er kvöld og þau ljóma í aftan-roðanum. Álfareykur lædist um mýrlendið. „Hvera-ýringin“ svífur upp í loftið en undir jörðu heyrir krauma í vatni. Í öðru erindi „hvarfla“ hverareykirnir til í logninu eins og þeir séu á báðum áttum og viti ekki hvert þeir eigi að fara. Þannig persónugerir skáldið reykina og fleiri náttúrufyrirbæri sem kvæðið lýsir. Vestmannaeyjar sjást síðan í hillungum „handan sævargeims“ og líta út eins og álfaborg. Hugsanlega „hvarfla“ reykirnir þangað. Svanir fljúga með annarlegu kvaki í oddafylkingu til heiðavatna og hrífa ljóðmælanda með sér til huldulanda: „það er eins og með sér þeir hálfan hugann taki / í huldulöndin bak við hin gullnu sólskins-þil.“ Landið er töfrum slungið og hefur sterk áhrif á ljóðmælanda: „Það er sem landið kalli og vilji, að ég vaki / og viti ekki lengur nein stunda' og dægra skil.“ Hér birtist sama hugsun og í „Sonnettsveg til Íslands“ þar sem landið kallar sterkt á ljóðmælandann og býður honum að koma til sín og kynnast eilífðinni.

Bygging kvæðisins er ekki eins augljós og í mörgum kvæðum Jakobs en þegar betur er að gáð má sjá að kvæðið byggist á dulrænni stemningu, þar sem náttúran bendir til hulduheima. Álfareyknum,

sem læðist, er lýst í fyrsta erindi og áhrifin magnast í öðru erindi þegar Vestmannaeyjar sýnast vera álfaborg. Risið verður hæst í þriðja erindi þar sem hálfur hugur ljóðmælanda hverfur með flugi svananna til huldulanda.

Eilífðarkvæði

Kirkjugarðurinn í Reykjavík³⁴

Sjá! Garður dauðans skín í sumarskrúði,
og skærar fuglaraddir hefja söng.
Á grasi liggur daufgrænn daggarúði
hjá dáins-reita lágri, hljóðri þröng.

Og fjólubjarmi ljómar yfir leiðum
sem lífsins bæn í dauðans samastað,
en eilífð svarar ljúft frá himni heiðum
og hjúpar geislalýrð hvert einstakt blað.

Hér ljómi skín af ljósum geislastöfum,
og lífið vex á dauðra manna gröfum
sem tákn frá yzta himni' og fjærstu höfum.

Allt jarðneskt er sem ímynd æðri heima, –
er aðeins tákn, sem djúpa merking geyma, –
er draumur einn, sem oft er sárt að dreyma.

Rímform: AbAb/CdCd/EEE/FFF

Jakobi er eilífðin hugleikin og hún er aldrei langt undan í sonnettum hans. „Kirkjugarðurinn í Reykjavík“ fjallar um dauðann, náttúruna og eilífðina. Kvæðið hefst á fagurri lýsingu á kirkjugarðinum. Garðurinn er kominn í sumarbúning, fuglarnir syngja og allt er hljótt. „Daggarúði“ liggur á grasi hjá leiðunum og „fjólubjarmi“ ljómar yfir þeim eins gróðursins bæn til lífsins. Eilífðin bregst síðan við bæninni og sendir geisla af himnum ofan sem vernda allan gróður. Það ljómar af geislastöfunum og lífið dafnar á „dauðra manna gröfum“. Gróandi lífsins á leiðunum er tákn „frá yzta himni og fjærstu höfum“. Niður-

³⁴ Jakob Smári (1936:40).

staða kvæðisins kemur í fjórða erindi. „Allt jarðneskt er sem ímynd æðri heima, – / er aðeins tákni, sem djúpa merkingu geyma, – / er draumur einn, sem oft er sárt að dreyma.“

Sonnetta³⁵

„Hve var heimalegur
Hinn helgi blær,
Er mér galdra gól
Um gullin kvöld“.
(Gísli Brynjúlfsson.)

Þreyttan af dagsins gný og ryksins gráma,
grátinn – með sár, er ollu stritsins bönd –,
sólheiða ró á breiðum úthafs bláma,
ber þú mig inn í helgrar þagnar lönd!

Veit þú mér friðinn handan allra hljóma
hverfulla svipa á múgsins troðnu strönd.
Vagga mér þar, sem sálir blárra blóma
brosandi kyssa dularvaldsins hönd.

Sorg mína faðmur þinn í gleymsku grafi.
Gjörvöll mín óró hverfi við þinn blær.
Hugsana minna still þú storm og ylgju.

Himninum dýpri, hreinni nýjum snæ,
gjör mína sál – að silfurskærri bylgju,
sóltærri bylgju á eilífðanna hafi.

Rímform: AbAb/AbAb/CdE/dEC

Ljóðmælandi er þreyttur eftir hávaða dagsins og tregar erfitt líf sitt í gráma hversdagsins. „Sólheið ró“ tákna líklega „helgan blær“ í kvæðinu, því Jakob vitnar í kvæði eftir Gísla Brynjúlfsson á undan sonnettu sinni: „Hve var heimalegur / hinn helgi blær, / er mér galdra gól / um gullin kvöld.“ Jakob biður blæinn að bera sig til þöguls handanheimsins. Hann óskar sér einskis heitar en að öðlast frið langt frá

³⁵ Jakob Smári (1920:196).

glaumi hversdagsins og hinu dauðlega lífi á „múgsins troðnu strönd“. Hann vill láta vaggja sér þar sem „sálar blárra blóma / brosandí kyssa dularvaldsins hönd“ og hann vill hverfa í öruggan faðm hins helga blæs, þar sem hann getur gleymt sorg sinni og óró og hugur hans öðlast jafnvægi. Hann biður blæinn að hreinsa sál sína og gera hana „að silfurskærri bylgju, / sóltærri bylgju á eilífðanna hafi.“ Hans æðsti draumur er að sálin sameinist eilífðinni.

Glóhærða dís – 36

(Tileinkað Þórunni S. Jóhannsdóttur)

Glóhærða dís úr ljúflinganna löndum,
langt að ert komin hér á jarðlífs-söndum,
þaðan sem svella, bundnir engum böndum,
brimskaflar hljóma’ að eilífðanna ströndum. –

Þaðan sem gjörvallt andrúmsloftið ómar,
andvarinn mjúkt í þéttu sefi hljómar, –
himneskar raddir, helgir leyndardómar
hvísla í þeirri dýrð, er allt upp ljómar.

Þaðan þú komst og manst þann undra-ym,
eilífa tónahafsins voldugt brim,
sem endurhljómar æ í þinni sál.

Þaðan þú komst með barnsins birtu’ og yl, –
birtir, að samt er andleg veröld til,
að bak við heimsins reyk er blikskært bál.

Rímform: AAAA/BBBB/ccd/ccd

„Glóhærða dís“ er af öðrum heimi. Hún kemur frá fjarlægum löndum þar sem eilífðin ríkir. Það heyrir í ólgandi og stjórnláusu briminu sem skellur á ströndum. Allt er í heilögum samhljómi, sjórinn, andrúmsloftið og vindblærinn. Himneskar raddir, sem búa yfir helgum leyndardómum og ljóma allt upp, tendra eins konar bál. Dísin kom til jarðlífsins frá helgum heimi sem mun ávallt „endurhljóma“ í sál hennar, þar sem tónarnir í „voldugu“ og eilífu hafinu óma skært í sam-

³⁶ Jakob Smári (1957:14).

hljómi við þá ljúfu tóna sem vaka yfir öllu. „Þaðan þú komst með barnsins birtu og yl“ vísar sennilega til þess að hún hafi endurfæðst á jörðu. Ljóðmælandi telur hana vera staðfestingu þess að andleg veröld sé til, að „bak við heimsins reyk“ sé „blikskært bál“. Það ljóm- ar af „glóhærðu dísinni“ því hún er himnesk sál sem birtir sann- leikann um hið eilífa ríki.

Lokaorð

Jakob Jóhannesson Smári er mikilvirkasta sonnettuskáld Íslendinga fyrr og síðar. Hann hefur ort fleiri sonnettur en nokkur annar Íslend- ingur og tileinkaði sér formið og gerði að sínu framar öðrum skáld- um. Þegar hann byrjaði að yrkja höfðu ýmis íslensk skáld glímt við sonnettuformið síðan Jónas Hallgrímsson kynnti það fyrir Íslend- ingum árið 1844. Að eigin sögn kynntist Jakob forminu þó ekki að ráði fyrr en hann hóf nám í Kaupmannahöfn.³⁷ Hann orti frá upphafi sonnettur bæði að ítalskri og enskri fyrirmynd. Í fyrstu ljóðabók hans, *Kaldavermslum*, voru þær ensku reyndar aðeins fjórar en þær ítölsku mun fleiri, eða 39. Fram að því er Jakob hóf að yrkja sonnettur notuðu íslensk skáld nánast undantekningarlaust ítalska formið. Það er ekki að undra þótt íslenskur sonnettuskáldskapur hafi í fyrstu byggst á ítölsku hefðinni því að hún var mun útbreiddari en sú enska. Í Danmörku og Þýskalandi til dæmis var ítalska sonnettan í miklum hávegum. Það var því eðlilegt að Jónas Hallgrímsson sækti í smíðju þeirrar hefðar.

Jakob Smári var á margan hátt brautryðjandi í íslenskum sonn- ettukveðskap. Það má segja að hann hafi kynnt ensku sonnettuna fyrir Íslendingum og hann varð fyrstur til að tileinka sér hana að ráði. Þá er sonnettsveigur hans einsdæmi í íslenskri bragsögu. Jakob þreyttist aldrei á að reyna á þólrif bæði enska og ítalska formsins, ekki síst rímmöguleika þeirra. Hann bjó til mýmörg tilbrigði við hvora gerðina um sig og sennilegt er að sum þeirra eigi sér fáa eða enga líka.

Þrátt fyrir að Jakob hafi ort fjöldann allan af sonnettum og birt þær í öllum ljóðabókum sínum virðist hann ekki hafa náð almennum vin- sældum. Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Fullyrða má að sonnettan „Þingvellir“ hafi orðið ástsæl meðal þjóðarinnar, enda tekin upp í lestrarbækur, og vandlátir ljóðavinir hafa jafnan kunnað að meta hið fágaða ljóðskáld sem Jakob Smári var.

³⁷ Matthías Jóhannessen (1978:96).

HEIMILDIR

- Ásgeir Hjartarson. 1949. „Jakob Jóh. Smári sextugur.“ *Tímarit máls og menningar*, 3. hefti, bls. 249-256. Ritsstj. Kristinn E. Andrésson og Jakob Benediktsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Beckson, Karl og Ganz, Arthur. 1975, aukin útgáfa frá 1960. *Literary terms. A dictionary*. Farrar, Straus and Giroux, New York.
- Gunnar Gunnarsson. 1989. *Sonnettusveigur*. Helgi Hálfðánarson sneri á íslensku. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Hjörtur Marteinnsson. 1996. „Gullbjartar titra gárur blárra unna: Um formleg og efnisleg einkenni sonnettunnar í íslenskum bókmenntum frá 1844-1919.“ *Ritgerð til M.A. prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands*.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Kaldavermisli. Kvæði*. Bókaverslun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1936. *Handan storms og strauma. Kvæði*. Félagsprentsmiðjan, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1939. *Undir sól að sjá. Kvæði*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1957. *Við djúpar lindir. Kvæði*. Bókaútgáfa menningarsjóðs, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1958. „Hvernig ferðu að yrkja?“ *Ofar dagsins önn*. Sálarrannsóknafélag Íslands, Reykjavík.
- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Matthías Jóhannessen. 1978. *Samtöl II*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Mönch, Walter. 1955. *Das Sonett. Gestalt und Geschichte*. F.H. Kerle Verlag, Heidelberg.

Einar Jónsson úr Skógum

Ellefu ljóð

Sláttuvísur

Vel nýtast framræstar mýrar
grafið þurrkað land
víðar sáðsléttur
þar sem fá má mikla uppskeru
með áburði
– fyrir markað
vélvædd framleiðsla

Fáir, gæta enn gamallar siðvenju,
að bera fyrst niður
á miðju sumri
losa bæinn úr grasi
á laugardegi fyrir heyannir
Byrja slátt næst húsum, túnslátt á sprottnum teigum
töðuannir – hæg eru heimatökin

En berja líka
á snöggu vallendi
og gleðjast
við stöku laut
með blómgresi,
leita grasa
með lækjum og giljum

Og ekki vil ég
láta undan berast
að leita fanga
í mýrinni:

í seftjörnum
og djúpum hættum pyttum
með fergini

og líka vil ég hjakka
í þýfðum móum og mýrum
þótt rýr sé oftast eftirtekjan

Áður en vetur sest að
leita grasa hvarvetna
um þýfi Óðins kvánar
þótt rýr sé stundum eftirtekjan

Bernska

Hljótt kvöld
hásumars
vaknandi skyn
vestur ég geng

sól skín
yfir Daltindi
glöð
við ein
tefjum för

Hvítsmári

Systur mínar
pabbi og mamma
við öll úti síðdegis

í húsasundinu
hjá bílskúrunum
hvítsmári í breiðu

angandi smávendir
þegar blíðast var

Hlaðsýn

Nátt-
græn dökk
svört alda
hvítt haf
Spói

Víst ert þú mér kær

Víst ert þú mér kær,
mest samt fyrir einlægnina,
ágústvindur
köld norðanátt
með heiðríkju
eftir óþurrkatíð

eða feykir burt
fátíðri mollu
eyðir öllum blekkingum
um sumarið
einsog næturdögg úr grasi

og ég hef einsog fleiri
hlustendur veðra
heyrð þig leika
á símalínurnar
að húsinu
sönnum djúpum tónum
um sumarið

Heima

Nú hafa frægustu spekingar mannkyns
komist að því
að hvergi er næstum því hvergi
nema hér

Rétt fyrir myrkur
reika ég
gömlu alfaraleiðina
með jökulsánni
vestur svartan sandinn

Hér
á kunnum auðnarsöndum:
Reika ég
með jökulsánni

Í myrkrinu

kemur
langt
og mjótt
varnar
máls
barninu

Útsynningur um glugga

Steingrátt
hafið í landvarinu

Rok
með Örfirisey

Birtir
í élinu

Í snjó

Ef dauðinn
er hvítur snjór
er þá lífið
sólskin
á vetrardegi

Varnaræður

Hjá Þyrli djúpur fjörður
fuglum af hafi skjól

Herskipalægið sitja flotar:
æðarfugl

Varnarfloti dúnunga
vor hvert sem ísa leysir

Varnar-lið konunga
og fótkaldra skálda
allt frá dögum Egils

Ljóð Lí Pó (705–762)

Einsog kínverskt stórfljót
ljóð hans
lygnt:
fleyi sigli hægan byr
hálfum mána
vatnið sem rennur
rauðblátt í seglið horfi

frá fljótsins bakka
hvítur hegri
hægan líður

Berglind Gunnarsdóttir

Pablo Neruda

– maður og haf

Þegar litið er yfir ljóðagerð Pablos Neruda sést að hún skiptist eftir ákveðnum tímabilum. Þetta minnir á Picasso í málalaglistinni, enda unnu báðir þessir menn stórvirki hvor á sínu sviði. Hjá Neruda fylgja tímabilin æviferli hans á býsna skýran hátt. Í fyrsta lagi marka ljóðagerð hans uppvaxtarár í Chíle, stúdentaár og fyrstu ástir, í öðru lagi tíminn þegar Neruda dvelur sem konsúll í Austurlöndum fjær, Jövu, Burma og Ceylon, í þriðja lagi árin á Spáni fram að borgarastríðinu, í fjórða lagi hans pólitíska skeið í Chíle og víðar og loks í fimmta lagi síðustu árin sem hann eyðir gamall maður í húsi sínu, Isla negra, við sjóinn. Ljóð hans eru frábær vitnisburður um viðburðaríkt líf hans og kenndir og einnig meðal, jafnvel vopn til að komast af, stundum í ævintýralega erfiðum aðstæðum. Á þeirri vegferð hefur hann svo smám saman eflst að þroska og styrk.

Allir, sem á annað borð lesa ljóð, ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í ljóðagerð þessa mikilvirka skálds. Jafnvel pólitísku ljóðin, sem menn fjarngviðrast stundum yfir, þykja búa yfir skáldlegum eigindum, enda Neruda alltaf skáldlegur, sama hversu jarðbundin og prósaísk verk hans kunna að vera. Hátindur verka hans, Canto general, verður til meðan Neruda starfar af krafti sem kommúnisti og beitir skáldlegu innsæi sínu í þágu alþýðunnar í Rómönsku Ameríku. Þar „má sjá að skáld jafnstórt í sniðum og Neruda er fært um að skapa mikinn skáldskap þó að ljóðrænu tungutaki sé fórnað fyrir pólitískan ásetning“.¹

Tveir sögulegir viðburðir sem Neruda lendir í um ævidagana eru harmsögulegir. Þeir marka tímamót í þeim löndum og heimshlutum þar sem þeir gerðust, en höfðu djúp og afdrifarík áhrif á hann. Annar var borgarastríðið á Spáni og hinn uppreisn chíleska hersins gegn réttkjörnum forseta landsins, Salvador Allende, en í kjölfar þess fylgdi einræðisstjórn Pinochets. Báðir voru þessir atburðir blóðugir í meira lagi

¹ Anderson-Imbert, Enrique (1969:605).

og bundu enda á blómaskeið í skáldskap og listum, ekki síst á Spáni, en kæfðu tilraun til lýðræðislegra stjórnarfars í báðum þessum löndum.

I

Neftalí Reyes Basoalto, sem síðar tók sér skáldanafnið Pablo Neruda, fæddist 12. júlí árið 1904 í bænum Parral í Chíle, en ólst upp í syðsta hluta landsins, Arákaníu í Temuco sem var einskonar landnemabær hvíttra manna. Faðir hans var járnbrautarstarfsmaður, en móðir hans dó nokkrum mánuðum eftir að hafa fætt hann. Tveggja ára gamall eignaðist hann síðan stjúpmodur sem reyndist honum afar vel. Hann kallaði hana „mamama“. Það orð fann hann upp af því hann vildi ekki nota orðið madrastra (stjúpa). Sem barn var hann einrænn og fálátur. Hann dvaldi í sínum eigin hugarheimi og í náttúrunni og fór snemma að yrkja ljóð. Auk þess að vera upprunninn úr fátækasta héraði Chíle var hann af lágstétt og var til að mynda af þeim sökum stíað frá fyrstu ástinni sinni. Það gerði hann uppreisnargjarnan.

Arákanía var landsvæði indíána og frægt í sögu landvinninga Spánverja fyrir harða mótstöðu þeirra gegn Pedro Valdivia og hans mönnum er þeir ætluðu að leggja svæðið undir spænska konunginn. Um þá atburði og Arákaníu hefur Neruda ort, til að mynda í *Canto general*.²

Gef mér kulda þinn, ósvífni útlendingur.
 Gef mér tígriskjark þinn.
 Gef mér í blóði þínu heift þína.
 Gef mér dauða þinn að hann fylgi mér
 og veki mönnum þínum ugg.

Um síðir var Arákanía yfirunnin og frumbyggjarnir barðir niður í hvert sinn er þeir létu á sér kræla. Á þessum slóðum, svo nærri suðurheimskautinu, er mjög kalt og rigningasamt „... í þessu villta vestri ættjarðar minnar fæddist ég til lífsins, til jarðarinnar, skáldskaparins og rigningarinnar,“ segir Neruda í minningabók sinni, *Confieso que he vivido*.

Á löngum ferli hefur mér virst sem hann hafi glatast, þessi regn-
 máti sem var skelfilegt og slóttugt afl í fæðingarhéraði mínu,

² Dagur Sigurðarson (1971:131). Úr ljóðinu „Pedro Valdivia“.

Arákaníu. Það rigndi mánuðum saman, árum saman. Regnið féll í þráðum eins og langar glernálar sem brotnuðu á þökum húsanna eða féllu sem gagnsæjar bylgjur á gluggana og hvert hús var skip sem komst með herkjum til hafnar utan af vetrarhafinu.³

Náttúran umhverfis Temuco heillaði Neruda strax í bernsku. Í skáldskap hans verður náttúran leiðarstef alla tíð; hún býr yfir og undir í myndmáli hans og líkingum.

Undir eldfjöllunum, við ísbreiðurnar, milli vatnanna stóru er chileski skógurinn, ilmandi, þögull og ógreiðfær. Fæturnir sökkva í dyngjur af dauðum laufum, það brakar í stökkri grein, risavaxin beykitré teygja upp hrokknar krónur, frumskógarfugl flýgur hjá, blakar vængjum og nemur staðar við skuggsælar greinar. Síðan hljómar söngur hans eins og óbó úr felustaðnum. Villtur ilmur lárviðarins smýgur um vit mín allt til sálarinnar ... Þetta er lóðréttur heimur: fuglaþjóð, laufafjöld.⁴

Sextán ára gamall fer Neruda til Santiago til náms og velur að leggja stund á frönsku sem gaf honum tækifæri til að kynnst stórskáldum Frakka á 19. öld. Á þessum árum koma út fyrstu ljóðabækur hans: *Crepusculario* (Í ljósaskiptunum) árið 1923 og *Veinte poemas de amor y una canción desesperada* (Tuttugu ljóð um ást og einn örvæntingar-söngur)⁵ árið 1924. Hin síðarnefnda vakti töluverða athygli þegar hún kom út, rómantísk og melankólsk, en einnig erótísk. Í bókinni birtist ástin í orðfæri náttúrulegra fyrirbæra, oft dulúðug, stundum hamslaus, eins og í „Örvæntingasöng“. Og þar stígur fram á leiksviði náttúruaflanna hafið með öldubrotum sínum, ógn og fegurð í ofsa sínum og mýkt, sem ávallt heillaði skáldið.⁶

Allt vildir í þig gleypa einsog endalaus fjarskinn.
Einsog sjór, einsog tími. Í þér beið skipbrot allt!

³ Berglind Gunnarsdóttir og Ingibjörg Haraldsdóttir (1974). Þýðing: Ingibjörg Haraldsdóttir.

⁴ Berglind Gunnarsdóttir og Ingibjörg Haraldsdóttir (1974). Þýðing: Ingibjörg Haraldsdóttir.

⁵ Neruda, Pablo (1996).

⁶ Neruda, Pablo (1996:83).

II

Í Santiago lifir Neruda bóhemlífi, en hann verður um síðir þreyttur á umhverfi sínu og óráðinn og vill komast burt. Í júlí 1927 stígur hann um borð í skipið *Baden* í Buenos Aires og siglir burt frá Suður-Ameríku með endanlegan ákvörðunarstað í austurlensku stórborginni Rangún í Burma þar sem hann varð konsúll fyrir land sitt. Þar dvaldist hann fyrst um sinn, en var síðar færður til Jövu og Ceylon. Þarna hefst tímabil einsemdar sem á naumast sinn líka í bókmenntum. Honum ógnar óreiðan sem mætir honum í risaborgum austursins með hræðilegri eynd sinni og átakanlegum skorti á efnislegum nauðsynjum í þessu breska nýlenduveldi, allir þeir „... sem deyja dag hvern úr kóleru eða bólusótt, úr hitasótt eða hungri, vonlausar tilraunir til skipulagningar vegna hins gífurlega fólksfjölda og fátæktar, allt þetta setti mark mikillar grimmdar á lífið.“⁷ Neruda kærir sig ekki um að umgangast nýlenduherrana bresku sem einangra sig frá íbúum landsins; hann neitar að taka þátt í innantómu lífi þeirra og forréttindum. En hann skilur ekki heldur trúarbrögðin né þá dulhyggju sem setur mark sitt á tilveru íbúanna og er andsnúinn henni.⁸

Frá blekkingarfullri stjörnuspeki
frá dapurlegum siðvenjum
sem hverfast í hið óendanlega
og ætíð eru til taks
hef ég varðveitt eina hvöt:
einmanalega kennd.

Hann skilur engan og eyðir tíma sínum að mestu einn eða í skyndikynni með konum. Neruda sagði síðar að samskipti sín við konur hefðu átt sinn þátt í að bjarga lífi hans á þessum tíma. Þar hittir hann líka og kvænist fyrstu eiginkonu sinn, Maríu Antonietu Agenaar Vogelzanz, sem var af hollenskum ættum. Neruda var alla tíð kvemmaður, var þrígiftur og átti margar ástkonur. Það má hiklaust orða það svo að hann hafi elskað konur, en hafi leitað stöðugt að sinni löngu látnu, eiginlegu móður í öllum sínum konum, eftir því sem ævisöguritari hans, Volodia Teitelboim, heldur fram.

⁷ Neruda, Pablo (1974:120).

⁸ Berglind Gunnarsdóttir (1983:55). Úr ljóðinu „Kennd“.

Það er ljóst að Neruda lendir í mikilli sálarkreppu þar eystra og lifir að auki á hungurmörkum því smávægileg laun konsúlsins bárust seint eða ekki. En þrátt fyrir allt finnur hann með sér hvöt til að endurskapa þennan óskiljanlega og súrrealíska veruleika sem hann lifir og hrærist í á jaðri mannlegs samfélags og beitir skáldskapnum í allri sinni dýpt til að fanga upplausn og mannlega þjáningu. Í mannmergð og hitasvækju Austurlanda freistar hann þess að berast af með hjálp skáldskaparins og vinnur um leið bókmenntalegt afrek. Afurð þess birtist í bókum hans *Residencia en la tierra* 1–2 (*Bústaður á jörð*), en með þeim tekur hann krappa beygju frá fyrri verkum sínum.

III

Áður en Neruda fer til Spánar, þar sem skáldskapur hans tekur nýjum stakkaskiptum, starfar hann smátíma í Buenos Aires í Argentínu. Þar hittir hann Federico García Lorca þegar sá síðarnefndi var á löngu ferðalagi um báðar álfur Ameríku og kom til Buenos Aires til að vera viðstaddur frumsýningu á leikriti sínu, *Blóðbrúðkaupi*. Það takast strax mikil og góð kynni með þeim og Neruda fellur inn í hópinn sem er í kringum Lorca og taldi meðal annarra Noruh Lange og Jorge Luis Borges. Á þessum fundum sló Lorca honum við, samkvæmt Volodia Teitelboim, í gleðilátum, söng og dansi. Neruda hélt upp á afmæli sitt með Spánverjunum Lorca, Ramón Gomez de la Serna og Arturo Capdevilla, og þeir rúntuðu mikinn túr um borgina, en tómur leigubíll fylgdi á eftir þeim – það var hugmynd Lorca. Þegar þeir spurðu hvað það ætti að þýða, svaraði hann: „Það er í virðingarskyni.“ Þeir enduðu svo gleðina á veitingahúsi í La Boca hverfi.⁹

Neruda fer sem konsúll til Spánar árið 1934, fyrst til Barcelona, en síðan til Madrid. Auk kynna við Lorca hafði hann komist í samband við skáldið Rafael Alberti á meðan hann dvaldi í Austurlöndum, en honum sendi Neruda handrit sitt að bókinni *Residencia en la tierra* og bað hann um að hjálpa sér að finna útgefanda á Spáni. Það tókst ekki, en Alberti gekk með handritið á sér, sýndi mönnum ljóðin og las þau upp á „tertulias“, bókmenntafundum skálda á kaffihúsum. Á Spáni er Neruda afar vel tekið af skáldum sem töldust til hinnar frægu 27 kynslóðar. Hann var alla tíð síðan þakklátur fyrir það örlæti og vináttu sem hann mætti af hendi spænskra kollega sinna. Hann einhendir sér í skáldalífið og stofnar tímaritið *Caballo verde de la poesía*.

⁹ Teitelboim, Volodia (1991:161).

Á Spáni eru um þetta leyti blikur á lofti í stjórnámálum og sótt að lýðveldinu sem stofnað hafði verið skömmu áður. Rafael Alberti var orðinn kommúnisti og starfaði fyrir málstað lýðveldisins og reyndi að fá féлага sinn frá Chíle til að leggja því lið. Neruda fylgdist með málum og tók eftir ýmsu, en var ekki pólitískur á þeim tíma, enda allur á kafi í ljóðagerðinni og naut félagsskapar vinar síns Lorca og fleiri spænskra skálda og listamanna. „Ég veit ekkert um pólitík,“ sagði hann við Alberti, „ég er svolítið „anarchoid“ – vil gera það sem mér sýnist.“¹⁰ Alberti finnur handa honum og konu hans hús í Madrid, kallað „Blómahúsið“, þar sem þau setjast að. Það var síðar eyðilaggt í loftárásum í borgarastríðinu.

Segja má að Neruda hafi gerst kommúnisti á einni nóttu. Það var einn tiltekinn atburður sem umsneri honum tafarlaust, en það var morðið á vini hans Lorca í blábyrjun borgarastríðsins þegar herinn reis upp undir stjórn Francos gegn lýðveldisstjórn Spánar. Þá orti hann ljóðið „Nokkur atriði útskýrð“, sem Ingibjörg Haraldsdóttir hefur þýtt á íslensku.¹¹ Það birtist í bók hans um Spánarstríðið, *España en mi corazón (Spánn í hjarta mínu)*, en sú bók var gefin út í Katalóníu á meðan á stríðinu stóð við allsérstæðar aðstæður. Hún var prentuð af hermönnum lýðveldishersins í Montserrat-klaustri, ekki fjarri skotdyn vígstöðvanna og í pappírsgerðina voru meðal annars notuð föt og sárabindi, óvinafáni og skyrta af márískum fanga.

Morðið á Lorca olli gífurlegum harmi og reiði, ekki aðeins á Spáni heldur víða um heim. Í ræðu um Lorca sem Neruda hélt í París árið 1937 segir svo:

Federico García Lorca! Hann var jafn samtvinnaður þjóðinni og gítarinn, glaður og melankólskur; jafn djúpur og heiðskír eins og barn, eins og þjóðin. Þótt leitað hefði verið um allar grundir, þrætt skref fyrir skref hvert fet af landinu til að finna einhvern sem mætti fórna – fórna eins og tákmynd, hefði ekki verið hægt að finna í neinum eða neinu ámóta og það sem fyrirfannst í þessum manni sem var útvalinn: en það er eðliskjarni Spánar, lífskraftur landsins og djúpspekt. Já, þeir völdu vel, því með því að skjóta hann hæfðu þeir hjarta kynstofnsins.¹²

¹⁰ Teitelboim, Volodia (1991:165).

¹¹ Ingibjörg Haraldsdóttir (1991:157–160).

¹² Neruda, Pablo (1984:59–60).

Og hann endar töluna með þessum orðum:

Þið verðið að skilja það, skilja að við, skáld í spænskumælandi Ameríku og skáld Spánar, getum aldrei gleymt eða nokkru sinni fyrirgefið morðið á þeim manni sem við vitum að var mestur á meðal okkar, leiðandi andi þessa augnabliks í tungumáli okkar. Fyrirgefið einnig að ég hef af öllum harmkvælum Spánar, minnt ykkur aðeins á líf og dauða eins skálds. Við getum aldrei gleymt þessum glæp eða fyrirgefið hann. Við munum ekki gleyma honum og við munum aldrei fyrirgefa hann. Aldrei.¹³

IV

Áður en Neruda hefst handa við að yrkja ljóðin í *Canto general* (*Allsherjarsöngur*) hugar hann að sínum eigin heimkynnum, landi sínu og Rómönsku Ameríku. Hann ferðast um álfuna eftir Kyrrahafsströndinni og upp í Andesfjöll til Machu Picchu, inkaborgarinnar frægu. Hann skoðar sinn eigin uppruna og verður meðvitaðri um sjálfan sig sem þegn Rómönsku Ameríku. Eftir veru sína á Spáni sest hann að í heimalandi sínu, Chíle, og verður virkur í stjórnmalabaráttu þar. Hann gerist þingmaður fyrir kommúnistaflokkinn næstu tvö árin, þar til hann fer í útlegð til Evrópu 1948 vegna ofsókna stjórnvalda á hendur kommúnistum og verkalýðshreyfingu landsins.

Í *Canto general* rekur Pablo Neruda sögu Rómönsku Ameríku frá upphafi. Hann greinir frá því hvernig landvinningar Spánverja sneru við frumbyggjum álfunnar á þeim dögum þegar ríki inka og azteka stóð með mestum blóma. Hann rekur í ljóðunum sögu sem er andstæð þeirri sem stendur í skólabókum og er ef til vill lygi frá rótum eða að minnsta kosti ekki nema hálfur sannleikurinn. Í viðleitni sinni að finna uppruna álfunnar og menningu hennar hefur hann ferð sína áður en Kristófer Kólumbus kemur til sögunnar og raunar áður en maðurinn sjálfur birtist á sviðinu. Í fyrsta hluta bókarinnar, sem heitir Ljósker á jörðu, yrkir hann um gróðurinn, dýrin, árnar og steinana, og minnir á að náttúran var til löngu áður en mennirnir komu til að þekja hana lygum sínum og gervum. Hann snýr aftur til frumstæðrar náttúru mannsins og finnur þar frumkrafta þess kynþáttar sem síðar meir fæddist til þessarar jarðar.

„Ljósker á jörðu er vissulega sköpunarsaga Neruda. Hún segir frá

¹³ Neruda, Pablo (1984:63).

Því þegar kviknaði á fyrsta jarðarljósinu, þegar fyrsta titrandi augnlokið lyftist.”¹⁴ Hann leitar til móður náttúru til að rekja aftur sporin til þeirrar sögu sem spænsku landvinningamennirnir gerðu að engu. Hann snýr aftur til landa sem enginn hefur nefnt eða talið, í því skyni að skyggjast á bak við misvísandi og handhófskenndar nafngiftir Spánverja og sagnaritara þeirra til að geta nefnt þau á nýjan leik án íhlutunar hinna langt að komnu og framandi manna. Og hann kemst á slóðir upprunalegrar paradísar þar sem maður og náttúra eru eitt. Arákinn í Suður-Chíle verður vart greindur frá skógartjánum; gjörvöll náttúran styður manninn og menntar hann, í henni er að finna öflug meðul, hulin þeim sem ekki lifa samkvæmt henni. Stórbrotin er lýsingin á því þegar Neruda, í ljóðinu „Jimenez de Quesada“, særir náttúruöflin með formælingum og bölbænum til að rísa upp gegn innrásarliði spænsku konkvistadoranna sem nálgast land á skipum sínum.¹⁵

sendu krókóðflinn þunga í veg fyrir þau
með eirlita skolta
og fornaldarbrynju
gerðu úr honum brú
yfir sendin vötn þín,
láttu jagúarinn spúa eldi
úr rjóðrinu sem óx upp
af fræjum þínum, móðir,
þeyttu til þeirra blóðflugum,
blindaðu þau með svartri mykju,
drekktu þeim í hyljum þínum,
haltu þeim föstum með rótaflækjum
í dimmum farvegi þínum
svo blóð þeirra rotni
og krabbar þínir hámi í sig
lungu þeirra og varir.

En Neruda leitar einnig í fortíðinni að rökum sem gagnast í pólitískri baráttu nútímans fyrir frelsi og sjálfstæði álfunnar. Það má kalla hann endurreisnarmann hinnar rómönsku álfu; hann vildi hefja hana

¹⁴ Gallagher, D. P. (1973:58).

¹⁵ Ingibjörg Haraldsdóttir (1991:161–162).

úr þeirri lægð sem aldalöng áþján hafði reyrt hana í, gera hana máttugri á allan máta. Sú áþján laut fyrst að yfirdrottun Spánverja, en síðan að heimsvaldastefnu og ásælni Bandríkjamanna á 20. öld. Og það dylst engum að hann ætlar skáldskapnum ærið hlutverk í því stríði. „Poetry is rebellion,“ segir í samnefndri grein eftir Neruda í bókinni *Passions and impressions*: „Skáldinu er ekki misboðið þótt um það sé sagt að það grafi undan valdhöfum. Lífið er mikilvægara en öll þjóðfélagskerfi og það eru til nýjar reglugerðir fyrir sálina.“¹⁶ Og í annarri grein í sömu bók, „Answering a query“, segir hann að þótt ljóst sé að óvinir skáldskaparins leitist ætíð við að kæfa hann virðist hann hafa eilíft líf; að skáldin séu góðir ráðgjafar og vei þeim sem ekki hlusti á orð þeirra. Milli skáldskaparins og þjáninga manna séu dulin tengsl og það verði að hlusta á skáldin. Það sé lexía sem mannkynssagan sýni. Volodia Teitelboim hefur eftir honum eftirfarandi: „Ég trúí á raunsei og óraunsei og bæði þessi lögmál eru undirstaða listrænnar sköpunar. Hver sá sem bælir niður raunseið skilur lífið eftir og verður vafrandi vofa, og listamaðurinn sem afneitar draumum og leyndardómi mun falla marflatur á miðri götu.“¹⁷ En kjarninn í skáldskaparfræðum Pablos Neruda birtist sennilega strax í tímariti hans *Caballo verde de la poesía* á Spáni er hann hélt því á lofti sem hann kallaði „poesía impura“ eða hina „óhreinu ljóðlist“ og er einfaldlega á þá leið að allt í lífi mannsins geti verið efniviður skáldskapar.¹⁸ Um leið verður skáldskapur hans opnari og ljósari og hann gerist skáld mannsins og jarðarinnar.

V

Náttúran, eða náttúruöflin, er aldrei langt undan í ljóðagerð Neruda; stundum ríkir þar einskær náttúruofsi. Sama hvert þema ljóðanna er: ástin, einsemdin, pólitíkin, eða ljóðin um hversdagslegri fyrirbæri mannlífsins, svo sem matjurtir og jarðargróða; myndmálið vísar ætíð þangað. Í ljóðagerð Neruda er jafnan einhver frumkraftur. Á sama hátt og Neruda rakti spor sögunnar aftur fyrir komu Spánverja sem umturnuðu álfu hans, þannig getum við nú, lesendur hans, á tímum ört vaxandi náttúrueyðingar, rakið sporin aftur í ljóðagerð hans til að finna þar fyrir náttúruna sem sterkt og lifandi afl. Í síðustu ljóðum

¹⁶ Neruda, Pablo (1984:349).

¹⁷ Teitelboim, Volodia (1991:459).

¹⁸ Neruda, Pablo (1984:128–129).

sínum, sem gefin voru út í nokkrum bókum að honum látnum, vísar hann stöðugt til móður jarðar (la tierra madre) sem gefur nýtt líf og endurskapar tilveruna og er gróðurinn, regnið, líkaminn og hafið. Maðurinn býr í náttúrunni og náttúran í manninum; þau eru samtvinnuð og verða ekki skilin að. Þessi heildarsýn allra hluta, sem Neruda leitar eftir, er í anda austrænna trúarhugmynda og sýnir að hann skynjar í lokin lífsganginn með þeim hætti þrátt fyrir andstöðu sína við austræna dulhyggju á árum áður. Í skrifum hans frá þeim tíma örlar að vísu á skilningi eða grun um að þrátt fyrir allt ríki meðal austrænna þjóða lögmál sem standi menningu Vesturlanda frammar. Segja má að undir lok ævi hans hafi sá grunur orðið að vissu eða að minnsta kosti styrkst.

Neruda er á leið til endaloka sinna þar sem hann dvelur í húsi sínu, Isla negra, úti við sjóinn. Í ljóðum hans vottar stöku sinnum fyrir eftirsjá, en hann beinir sjónum fyrst og fremst að líðandi stund og horfir fram á við. Hann er sjórinn og sjórinn er hann, og sjórinn býr bæði innra með honum og utan við hann. Smám saman færast fjær allur mannlegur tilbúningur, allur óþarfi tálgastr af tilverunni; eftir verða aðeins hin einföldu, náttúrulegu fyrirbæri, kjarninn sjálfur. Jafnvel einsemdin er boðin velkomin; hún er ekki lengur fjandsamleg eins og áður á hans yngri árum þegar hann dvaldi einn og fjarri öllum austur á heimsenda. Hann er heldur ekki aleinn, en¹⁹

það er runnin upp sú stund
að enginn kemur
aðeins droparnir falla

...

og ég og þú á þessum einmanalega stað
ósigrandi og ein, bíðandi þess
að enginn komi, nei, að enginn birtist
með bros eða heiðursmerki eða ráðagerð
um tillögu að neinu.

Hann er á leið inn í leyndardóm allra hluta til að sameinast sjálfum sér. Táknmynd þess er hafið. Hann er sigraður sem maður, aðeins tómmt net sem vindurinn hlær að; sáttur. Hann rifjar upp ljóðmæli dulhyggjuskáldsins og súfistans Ferid ed-Din:²⁰

¹⁹ Alazraki, Jaime (1980:290).

²⁰ Alazraki, Jaime (1980:297).

Eftir að hafa drukkið sjóina undrumst við
 að varir okkar séu áfram jafnþurrar og strendurnar
 og við leitum að einum sjó enn
 án þess að skilja að varir okkar eru strendurnar
 og við erum sjórinn.

En nú var komið að síðustu þolrauninni. Gamall og veikur, en fær um að lifa í fimm ár enn, samkvæmt umsögn læknis síns – að því tilskyldu að ekkert óvænt beri við, verður hann fyrir nýju reiðarslagi: uppreisn hersins gegn þjóðkjörnum forseta landsins og vini hans, Salvador Allende, árið 1973. Enn ein blóðidrifin valdataka í lífi hans og nú í hans eigin landi. Hann sér árásina á forsetahöllina sýnda aftur og aftur í sjónvarpinu, heyrir af fangelsunum og aftökum manna, margra sem eru vinir hans, í þúsundatali. Hryllingurinn er alls staðar og verður honum ofraun. Matilde kona hans reynir að hlífa honum við því sem er að gerast, segir sem svo að kannski sé þetta ekki eins hræðilegt og það sýnist. „Nei, það er ekki rétt“, svarar hann, „þetta er fasisminn.“²¹ Aðgerðum var stjórnað af Pinochet sem gerðist síðan einræðisherra í Chíle um langt árabíl og bandarískir hagfræðingar og forkólfar fjálshyggjunnar lofuðu fyrir „efnahagsundur“ í landinu.

Ellefu dögum eftir uppreisn hersins deyr chíleska ljóðskáldið og nóbelsverðlaunahafinn Pablo Neruda, bugaður af atburðum þeim sem hann varð vitni að á sínum síðustu dögum.²² Líkvakan fór fram í húsi hans sem hermenn höfðu áður brotist inn í og eyðilaggt margt verðmætra og fagurra hluta. Einn viðstaddra hrópar nafn hans og hópur ungra manna svarar með kallinu: „Presente! Ahora – y para siempre!“²³ („Viðstaddur! Nú – og að eilífu!“). Það var fyrsta mót-mælahrópið sem heyrst hafði síðan herinn tók völdin. Við jarðarförina fylgdi fjöldi manns kistunni á leið í kirkjugarðinn, menn hrópuðu nafn hans og fóru með ljóð hans upphátt frammi fyrir ógnandi byssukjöftum; það var dauðaganga í tvennum skilningi þess orðs.

En sjórinn innra með honum hafði að endingu sameinast úthafinu.

²¹ Teitelboim, Volodia (1991:468).

²² Neruda fékk Nóbelsverðlaunin 1971, tveim árum fyrir dauða sinn.

²³ Teitelboim, Volodia (1991:471).

HEIMILDIR

- Alazraki, Jaime. 1980. „Para una poetica de la poesía postuma de Pablo Neruda.“ *Pablo Neruda*. Edición de Emir Rodríguez Monegal y Enrico Mario Santí. Taurus, Madrid.
- Anderson-Imbert, Enrique. 1969. *Spanish-American literature, a history*. Wayne State University Press, Detroit.
- Berglind Gunnarsdóttir og Ingibjörg Haraldsdóttir. 1974. „Ég kom til þess að syngja.“ Útvarpsþáttur um Pablo Neruda. Ríkisútvarpið. Óprentað.
- Berglind Gunnarsdóttir. 1983. *Ljóð fyrir lífi*. Eigin útgáfa, Reykjavík.
- Dagur Sigurðarson. 1971. *Rógmálmur og grásilfur*. Heimskringla, Reykjavík.
- Gallagher, D. P. 1973. *Modern Latin American literature*. Oxford University Press, London.
- Ingibjörg Haraldsdóttir. 1991. *Ljóð 1974–1991*. Mál og menning, Reykjavík.
- Neruda, Pablo. 1974. *Confieso que he vivido. Memorias*. Seis Barral, Barcelona.
- Neruda, Pablo. 1976. *El mar y las campanas*. Editorial Lumen, Barcelona.
- Neruda, Pablo. 1982. *Canto general*. Bruguera, Barcelona.
- Neruda, Pablo. 1984. *Passions and impressions*. Farrar, Straus, Giroux, New York.
- Neruda, Pablo. 1985. *Selected poems*. Ed. by Nathaniel Tarn. Penguin, London.
- Neruda, Pablo. 1996. *Tuttugu ljóð um ást og einn örvæntingarsöngur*. Þýðendur: Guðrún Túliníus og Karl J. Guðmundsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Teitelboim, Volodia. 1991. *Neruda. An intimate biography*. University of Texas Press.

Pablo Neruda

Fjögur ljóð

Berglind Gunnarsdóttir þýddi

Mennirnir

HLUTI

Lengst í nafnlausum útskaga Ameríku
leynist Arákinn meðal streymandi vatna
umlukinn brunakulda jarðar.
Sjáið suðrið stóra og einmanalega.
Enginn reykur finnst í hæðum fjallanna
aðeins bjartar snjóbreiðurnar
og napur vindurinn sem auðnin hefur afneitað.
Ekki hlusta í grósku skógarins
eftir söngvum leirsmiðjunnar.

Allt er hjúpað þögn vinda og vatns.

En út um laufþykknið horfir stríðsmaðurinn
og frá lerkitrjánnum berst óp.
Kattaraugu púmunnar blikja
í snæviþöktum hæðum.

Sjáið hversu hljóðlega spjótin doka
heyrirðu hvernig þýtur í loftinu
sem örvarnar kljúfa.
Sjáðu brjóst hans og fætur
og hárið svarta sem glansar
í skini mánans.

Sjáðu reginauðn stríðsmannanna.

Hér er enginn. Söngfuglinn kliðar
eins og vatnsbuna á stjörnuþjartri nótt.
Kondórinn þenur sitt svarta vænghaf.

Hér er enginn. Heyrirðu? Fótatak þúmunnar
berst um loftið og laufið.

Hér er enginn. Sjáðu steinana.

Sjáðu steinana í Arákanú.

Hér er enginn. Aðeins trén.

Aðeins steinarnir.

Aráki.

(Úr: Canto general)

Það er eins og allt öðruvísi skip

Það er eins og allt öðruvísi skip
muni koma af hafi, á vissu augnabliki.
Ekki smíðað úr stáli né logagylltir fánar þess;
enginn veit hvaðan það kemur
né hvenær;
allt er undir það búið
veislusalurinn gæti ekki verið finni
allt er til reiðu
fyrir þessa stund sem í vændum er.
Sjávarlöðrið breiðir úr sér
eins og dýrasta ábreiða, ofin stjörnum
í fjarska blikar bláminn
og síðan græni liturinn, bylgjur úthafsins;
allt bíður.
Klettarnir hafa opnað leið
þvegnir, hreinir, eilífir
hafa þeir tekið sér stöðu í sandinum

eins og fylking af kastölum
eins og fylking af turnum.
Allt
er reiðubúið
meðal boðsgesta er þögnin
og jafnvel mennirnir, ætíð annars hugar
vilja ekki missa af ámóta viðburði;
þeir hafa klætt sig í sparifötin
gljáfægt stígvélin
greitt hárið.
Aldurinn færist yfir þá
og enn kemur ekki skipið.

(Úr: El mar y las campanas)

Ég vil segja ykkur frá því

Ég vil segja ykkur frá því:
í borginni bjó ég við götu eina
hún var nefnd eftir höfuðsmanni
og í þessari götu var manngrúi,
skóbúðir, vínsölur og
sölubásar með urmúl af skrautsteinum.
Ekki varð þverfótað fyrir öllu því fólki
sem borðaði, spýtti eða dró andann,
keypti eða seldi föt.
Af öllu stóð ljómi
allt logaði
og var einn hljómur
sem blindaði mann og slævði hlustirnar.
Langt er nú liðið síðan þessi gata var og hét
langt síðan ég hef nokkuð heyrt.
Háttum mínum hef ég breytt, nú lifi ég meðal steina
og gjálfrandi vatns.
Ef til vill dó þessi gata
eðlilegum dauðdaga.

(Úr: El mar y las campanas)

Matilde sérhvern dag

Núna til þín: hávaxin ertu
eins og líkamsmynd ChÍle og fingurð
eins og anísblóm
og á hverri grein geymirðu vitnisburð
um ógleymanlegar vorkomur okkar.
Hvaða dagur er í dag? Dagurinn þinn.
Og gærdagurinn er á morgun, hann hefur ekki liðið
enginn dagur hefur liðið úr höndum þínum:
þú geymir sólina, jörðina, fjólurnar
í smágerðum skugga þínum þegar þú sefur.
Og þannig sérhvern morgun
gefurðu mér lífið.

(Úr: El mar y las campanas)

Þorsteinn Þorsteinsson

Álitamál í bókmenntasögu

Tilhneigingin til að einfalda og búa til heild er draumur um að drottna, ekki um að skilja.¹

I

Gamall kollega minn, Örn Ólafsson bókmenntafræðingur, sendir mér tóninn í síðasta hefti *Sónar* vegna greinar sem ég átti í sama riti 2005.² Ekki get ég sagt að það hafi komið mér alveg á óvart því ég hafði þar lýst mig ósammála nokkrum atriðum í bók hans um 20. aldar bókmenntir, *Kóralforspili hafsins*. Að vísu höfðum við skipst á allmörgum tölvupóstum eftir að ég sendi honum grein mína og rætt ýmislegt sem á milli bar, en Örn hefur af skiljanlegum ástæðum viljað skýra mál sitt á opinberum vettvangi. Hann er vígfús maður og lætur í sér heyra ef einhver leyfir sér að skrifa um efni sem hann hefur fjallað um áður og er ekki sammála honum eða vitnar ekki nægilega í bækur hans. Benda má á viðbrögð hans við bókunum *Sagnalist* eftir Þorleif Hauksson, ævisögu Halldórs Laxness eftir Halldór Guðmundsson og nú síðast *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar IV. og V. bindi, svo þrjú nýleg dæmi séu nefnd.³ Ég er því kominn í góðan félagsskap sem á eflaust fyrir sér að vaxa og dafna.

Í upphafi lætur Örn svo ummælt að grein mín sé vel skrifuð og að ýmis fróðleikur sé þar saman dreginn; einkum dáist hann að ljóðaþýðingum mínum (ég á eina í greininni!). Hann eyðir þó ekki fleiri orðum að því sem kynni að mega telja henni til tekna heldur vindur sér óðara í að fjalla um það sem hann kallar óvandaðar tilvitnanir mínar, óvandaða meðferð á fræðiritum, kreddufestu, orðhengilshátt, lokleysur, yfirsjónir, mótsagnir, rangfærslur og annað sem hann finnur greininni til foráttu. Þetta eru alvarlegar ásakanir, og mesta furða að nokkur skuli nenna að svara svo arfavitlausri ritsmíð, en ég geri

¹ „Unification and simplification are fantasies of domination, not understanding.“ Barbara Johnson (1989:170).

² Örn Ólafsson (2006a:123–39) og Þorsteinn Þorsteinsson (2005:87–138).

³ Örn Ólafsson (2004, 2005a og 2006b).

mér reyndar allgóðar vonir um að þeir sem lesa grein mína muni sjá að nákvæmara orð yfir þessar ávirðingar mínar er *skoðanaágreiningur*, ágreiningur við Örn – oft djúpstæður – um eðli bókmennta og bókmenntasögu, um sögu ljóðlistar á Vesturlöndum á síðustu hálfri annarri öld og um endurnýjun íslenskrar ljóðlistar um miðja 20. öld. En hitt er jafnljóst að þeir sem lesa ekki greinina fá ekki svo mikið sem hugboð um efni hennar og um mállutning minn af endursögn Arnar.

Rétt er, áður en lengra er haldið, að gera nokkra grein fyrir umræddri ritgerð minni „Þankabrotum um ljóðbyltingar“ sem Örn var að svara. Hún var hugsuð sem kafli í bók um skáldskap Sigfúsar Daðasonar og kom lítilega endurskoðuð í henni síðastliðið vor og nefnist þar „Útúrdúr um ljóðbyltingar · Þættir úr sögu nútímaljóða“.⁴ Tilgangur minn með kaflanum var að setja breytingarnar sem urðu í íslenskri ljóðlist um miðja síðustu öld í alþjóðlegt samhengi, að sjá þær í ljósi þeirra byltinga í ljóðagerð sem urðu í Evrópu og Norður-Ameríku á seinnihluta 19. aldar og fyrrihluta þeirrar tuttugustu. Ég rakti fáeina þætti úr sögu nútímaljóða, greindi frá mismunandi skoðunum og setti fram mínar eigin, og reyndi að lýsa bæði staðreyndum máls og álitamálum eftir því sem kostur var í svo stuttu ágrip, enda er það helsta forsenda þess að lesandi geti sjálfur myndað sér skoðun á umræðuefni hverju sinni. Og þegar ég taldi að það væri mállutningi mínum til skýrleika gagnrýndi ég í fáein skipti áður framkominn skilning á íslenskum nútímaljóðum, en Örn hefur sem kunnugt er fjallað mikið um það efni. Helsta tilefni gagnrýni minnar á Örn í greininni var bókmenntasögulegt: það mat hans að sáralítill ummerki módernisma séu greinanleg hjá Sigfúsi Daðasyni, en það taldi ég til marks um grunnan skilning á skáldinu og um gallaða skilgreiningu á módernisma.

Til þess að leiða í ljós skoðanaágreining okkar Arnar, og hvað það var sem ég gagnrýndi, held ég mig í því sem hér fer á eftir ekki eingöngu við svargrein hans í *Són* heldur vísa einnig í fyrri skrif hans – bókina *Kóralforspil hafsins · Móðernismi í íslenskum bókmenntum* og fleira – skrif sem ekki er víst að allir lesendur *Sónar* þekki. En til að taka af öll tvímæli: Síst hef ég á móti því að Örn Ólafsson myndi sér eigin skoðanir á bókmenntum 20. aldar á Íslandi og víðar og tefli þeim gegn mínum og annarra, það er að sjálfsgöðu heilagur réttur hans.

⁴ Þorsteinn Þorsteinsson (2007:80–128).

Þar með er ekki sagt að aðrir muni hlaupa til og gera þær skoðanir að sínum ef þeir, eins og í mínu dæmi, eru þeim jafnvel ósammála í grundvallaratriðum. Og vel mætti Örn temja sér kurteislegri tón. Læt ég þar með lokið þessum inngangsorðum og sný mér að nokkrum atriðum í skrifum Arnar.

II

Ég ætla að byrja á því að játa á mig eina yfirsjón. Í kafla um ljóðmyndir súrrealista komst ég svo að orði:

Reyndar kemur hvergi fram í umræðu hér á landi *svo mér sé kunnugt* (fyrir en með þýðingu Benedikts Hjartarsonar á súrrealistaávarpinu), það sem þó var stefnuskráratriði hjá Breton, að samband liðanna í myndhverfingu ætti að vera sem langsóttast, hin frjálsu hugtengsl sem handahófskenndust [leturbr. hér].⁵

Hér hefur mér brugðist minnið. Örn bendir réttilega á að hann hafi gert grein fyrir þessu í *Kóralforspili hafsins*,⁶ sem ég þekki tiltölulega vel. Í stað skáletruðu orðanna hér á undan hefði ég því átt að skrifa: *svo ég muni*. Mér tókst að skjóta inn neðanmálgrein í bók mína þessu til leiðréttingar.⁷

Hinsvegar áttá ég mig ekki á aðfinnslum Arnar við það sem ég skrifa í sama kafla um ágreining skáldanna Reverdys og Bretons um ljóðmyndir. Breton vitnar í *Súrrealistaávarpinu* í Reverdy sem segir á einum stað að þær myndir séu best heppnaðar sem séu langsóttar og „réttar“, en í framhaldinu sem Breton sleppir segir Reverdy síðan til nánari skýringar: „Tveir veruleikar sem ekkert samband er á milli geta ekki tengst svo vel sé. Þá verður engin myndsköpun.“⁸ Nú segir sig sjálf að það sem einu skáldi finnst rétt finnst öðru það ekki endilega, og svo varð einnig hér. Það sem Breton fannst hin rétta leið í myndsköpun: „Ég dreg ekki dul á að sú mynd er í mínum augum sterkust sem býr yfir mestri tilviljun“ – var það ekki í augum Reverdys. Þess vegna sleppti Breton framhaldinu.⁹

⁵ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:116).

⁶ Örn Ólafsson (1992:55).

⁷ Þorsteinn Þorsteinsson (2007:110n).

⁸ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:112).

⁹ Sbr. Þorstein Þorsteinsson (2005:113).

Ágreiningur okkar Arnar um bókmenntasögu kemur glögg fram í ólíku mati okkar á bók Hugos Friedrich um nútímaljóð, en fyrir þá sem ekki þekkja bókina er hætt við að sú deila sé lítt áhugaverð. Rétt er að geta þess að skoðanir fræðimanna um bók Friedrichs eru skiptar, eða voru það að minnsta kosti meðan hún var enn lesin, og álit mitt eða Arnar getur auðvitað ekki að óreyndu gilt fyrir aðra. Friedrich var rómánisti og miðar í umræddri bók nær eingöngu við ljóðagerð á rómönskum málum en sniðgengur að heita má alveg skáldskap á ensku. Það er þó ekki eina gatið í bók hans því hann gerir til að mynda skáldum súrrealismans lítil skil.¹⁰ Eigi að síður er yfirlýst markmið hans með bókinni að sýna fram á einsleitni evrópskra nútímaljóða – *die Struktureinheit der modernen europäischen Lyrik*. Ég bendi á það sem mér þykja tveir megingallar bókarinnar: að Friedrich leitist við að smætta nútímaljóð niður í eitt snyrtilegt skema, og að hann skilgreini einkenni þeirra fyrst og fremst neikvætt, sem frávik frá fyrri normi en hugi lítt að þeim landvinningum sem í þeim kynnu að felast. Hvorugu svarar Örn í raun (þó hann beri mér á brún að ég geri mig sjálfur sekan um hið síðara). Það er bagalegt, því hið fyrri – að alhæfa um nútímaljóð út frá takmörkuðum hluta þeirra – er einnig meginaðfinnsla mín við skilning Arnar og skilgreiningu á nútímaljóðum. Þá sættir hann sig ekki við það orðalag mitt að Friedrich *setji fyrir sig* í skáldskap Rimbauds að hann sé óskiljanlegur og í honum sé horfið frá eftirlíkingu. Það er auðvitað hárrétt að í þeim orðum felst túlkun, og um túlkanir má deila ef menn vilja. En af hverju ætli Friedrich segi um *Illuminations* að það sé „texti sem býst ekki við lesanda“? Ég leyfi mér að ítreka ábendingu mína um gagnrýni Sigfúsar Daðasonar og tveggja annarra bókmenntamanna á bók Friedrichs.¹¹

Spurningin er þó kannski ekki beinlínis hvort Friedrich heitnum þótti betra héra- eða svínakjöt, svo haldið sé myndrænu orðalagi

¹⁰ Að vísu þýðir hann nokkur ljóð eftir Paul Éluard og lætur sig ekki muna um að þröngva honum inn í þann heim ‚afinönnunar‘ og ‚veruleikafirringar‘ sem hann kveður ljóðheim nútímaskálda vera. En það fer því skáldi með afbrigðum illa eins og þeir vita sem þekkja ljóð Éluards. Reyndar hygg ég að forsenda þess að geta tekið bókina alvarlega sé að þekkja sem minnst skáldin sem fjallað er um. Umsagnirnar um Eliot og Brecht eru góð dæmi um þetta; þeir verða óþekktanlegir þeim sem telja sig þó þekkja þá býsna vel, einkum hinn síðarnefndi sem Friedrich afgreiðir í einni kostulegri setningu: „Bert Brecht [machte] die „Verfremdung“ zum Stichwort seiner Dichtungstheorie und riet, sie herzustellen mittels Weglassens aller orientierender Motivierungen eines Vorgangs.“ (1971:175).

¹¹ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:100n), Sigfús Daðason (2000b:264–65).

Arnar, heldur hvort hann var dómbær á hvorttveggja. Með öðrum orðum: var krufning hans og útlistun á nútímaljóðum frjó, eins og Örn telur vera? Eða er ófrjórrí umfjöllun vandfundin? Ég dreg þá skoðun Arnar í efa að einu megi gilda um fræðimenn um bókmenntasögu hverskonar skáldverk þeir kunni að meta eða séu í raun hrifnir af. Ég tel að maður sem hefur alist upp í sátt við nútímaljóðlist og hrifist af þeim margvíslegu möguleikum sem hún hefur að bjóða, sé að öðru jöfnu betur fallinn til að lýsa henni heldur en sá sem sér hana fyrst og fremst sem frávik frá eldri ljóðhefðum. Hjá Hugo Friedrich vekja þegar efasemdir hin mjög svo hæpnu og ógeðugu heiti sem hann notar til lýsingar á nútímaljóðum. Eða finnast mönnum hugtök eins og ‚Enthumanisierung‘, ‚Entpersönlichung‘, ‚Entrealisierung‘, ‚Abnormität‘, ‚alogische Dichtung‘ – ómannlegur, ópersónulegur, veruleikafirrtur, afbrigðilegur, órökrænn skáldskapur – finnast mönnum þau björguleg sem almenn lýsing á ljóðheiminum nútímaskálda? Allt neikvæður, og alhæfingar um það sem Friedrich kallar *moderne Lyrik*. Mér sýnist hugmyndaheimur Friedrichs bera sterkan svip af skoðunum Ortega y Gasset hins spænska í bókinni *Afmönnun listarinnar*,¹² en of langt mál yrði að reyna að rekja þær síftar hér.

Að síðustu þetta um Hugo Friedrich: Aðferðafræði hans er ótæk. Hann tekur fram að hann sé ekki að skrifa bókmenntasögu, einungis að lýsa því sem hann kallar strúktúr eða innviði nútímaljóða. Og í því skyni að sýna þá innviði túnir hann til glefsur úr ljóðum skálda eða ummælum þeirra, glefsur sem passa inn í skema sem hann hefur ákvarðað fyrirfram. Hann býr sér til heildarmynd um ljóðheim og heimsmynd nútímaskálda þar sem sleppt er öllu sem mælt gæti gegn myndinni, sem fyrir bragðið verður óhjákvæmilega skökk. Og finni hann ekkert hjá tilteknu skáldi sem passar í myndina þá býr hann það til, eins og í dæmi Brechts.¹³ Með slíka aðferðafræði að vopni getur hver sem er sýnt fram á einsleitni hvers sem er, jafnvel elds og vatns.

¹² *La deshumanización del arte* (1925). Reyndar vitnar Friedrich víða í þá bók, t.d. á bls. 168–69.

¹³ Friedrich útlistar kenningu Brechts um framandgervingu á þá leið að hún sé fólgin í því að fjarlægja allt orsakasambengi verknadar (sjá nmgr. 10), að hún geri með öðrum orðum heiminn óskiljanlegan. En allir sem til þekkja vita að kenningin var einmitt þekkingarfræðilegs eðlis, markmiðið var að sýna daglega hluti í framandi ljósi í því skyni að þeir yrðu skiljanlegri, að hvatirnar að baki verkum manna yrðu ljósari.

III

Örn vefengir það orðalag mitt að hann kalli það atvinnusjúkdóm menntamanna að „gefa gaum að hugmyndum“, og bendir á að á tilvitnuðum stað í *Kóralforspili hafsins* segi hann einungis að þeir leggi „ofuráherslu á hugmyndir í bókmenntaverkum“. ¹⁴ Að vísu segir hann á sama stað að samkenni menntamanna sé „hvorki þekking, prófgráður né fræðileg vinnubrögð, heldur einfaldlega það, að þeir fást við hugmyndir, fyrst og fremst“ (undirskilið: ekki við form skáldverka). En sé eingöngu miðað við þennan stað í bók hans má þó til sanns vegar færa að ég ýki afstöðu hans nokkuð. Ef hinsvegar er miðað við bókina í heild og þær kenningar um bókmenntasögu sem þar eru reifaðar – og það hlýtt ég að gera – leyfi ég mér að fullyrða að athugasemd mín um formalisma Arnar er réttmæt; einn höfuðgalli bókarinnar, að mínum dómi að minnsta kosti, er sá að höfundur gefur ekki gaum að hugmyndum, og ber mér nú að rökstyðja það. Ég ætla að taka dæmi af skilgreiningum hans á módernisma í ljóðum.

Örn útlistaði skilning sinn á módernisma í *Kóralforspili hafsins* 1992 og hefur ítrekað hann oft síðan. Bókin er metnaðarfullt verk, og fyrsta yfirlitsrit um módernisma í íslenskum bókmenntum, eins og segir í útdrætti á ensku í bókarlok (bls. 294). Framtakið er lofsvert þó myndin sem dregin er upp sé að vísu villandi að mínum dómi. Örn hafnar þar þeirri skoðun, sem hann segir útbreidda á Íslandi, að módernismi í ljóðlist sé sama og fríljóð og prósaljóð – sé fólgin í því einu sumsé að víkja frá brag – eða að hann einkennist af ákveðinni heimssýn, og hann setur sér það mark að skilgreina hann formlega, eins og nú verður rakið.

Helstu einkenni módernisma í ljóðagerð að dómi Arnar eru ‚sundruð framsetning‘ sem hann kallar svo, og ‚órökleg ræða‘. ¹⁵ Og þessi túlkun hans á hugtakinu byggist þegar nánar er að gáð á einfaldri formgreiningu sem svo hljóðar (í minni endursögn): Módernisminn er einn meginstraumur og fólgin í a) ósamrýmanleika milli lína/málgreina (expressjónismi) og b) ósamrýmanleika milli orða innan sömu línu/setningar (súrrealismi), en af því hlýst í báðum tilvikum að samhengi verður lítt skiljanlegt röklega. ¹⁶ Í þessu ljósi ber síðan að

¹⁴ Örn Ólafsson (1992:23).

¹⁵ Örn Ólafsson (1992:22 og 23).

¹⁶ Örn orðar þetta hvergi nákvæmlega svona, en notar þennan greinarmun aftur og aftur sem kvarða til greiningar á ljóðum frá 20. öld sem hann fjallar um í *Kóralforspili hafsins*. Sjá t.d. 1992:51–57, 70, 134, 295 („It seems convenient to distinguish

skoða ljóðagerð á Íslandi á tuttugustu öld: Það sem kallað hefur verið ljóðbylting um miðja öldina var, að *Tímanum og vatninu* og sumum ljóðum Hannesar Sigfússonar undanskildum, í rauninni ekkert nýtt að dómi Arnar,¹⁷ fríljóð og prósaljóð af því tagi sem atómskáldin svo kölluðu ortu höfðu komið fram löngu fyrr (og voru enda fæst óræð), en róttækur módernismi hafði hinsvegar birst alllöngu áður í einu ljóði eftir Jóhann Sigurjónsson og einum fimm eftir Halldór Kiljan Laxness. Um hin nýstárlegu ljóð þeirra Jóhanns og Halldórs er ég sammála Erni, en þótt ein lóa syngi er sumarið ekki komið, svo vikið sé við kunnum frönskum orðskviði, og hin fáu ljóð sem hann nefnir eftir þessi skáld – svo makalaus sem þau eru – mörkuðu ekki tímamót í sögu ljóðlistar á Íslandi, ekki upphaf nýrrar þróunar.

Ég kalla Örn formalista í Sónargrein minni, meira að segja sannan formalista, og á þá meðal annars við þetta: að hann lætur duga að leggja formlegan kvarða á expressjónisma og súrrealisma, eftir því hvort ósamrýmanleikinn og hin óræðu tengsl, sem í hans augum eru aðal módernisma, koma fyrir milli málsgreina ellegar innan sömu setningar. Um þetta er margt að segja og ég læt nægja að víkja hér að hinum fyrrnefnda isma. Í fyrsta lagi tel ég afar hæpið að fjallað verði um expressjónismann í ljóðlist af neinu viti án þess að taka tillit til þess að hann var þýskt fyrirbæri, spröttið upp á tilteknum tíma í þýskri menningarsögu, og án þess að gefa gaum að efni ljóðanna og inntaki, hugmyndum skáldanna og viðhorfum til tímans sem þau lifðu á.¹⁸ Í öðru lagi er ekki hægt að byggja formlega greiningu á stefnunni á fáeinum ljóðum frá upphafi hennar og kalla þau *expressjónismann*,¹⁹ því stefnan var afar sundurleit. Í þriðja lagi er svo vert að meta söguskilning þennan í ljósi þeirra ályktana sem Örn dregur af

Expressionist poetry, where the disparate elements are at least whole sentences, from Surrealist poetry where there are often wholly disparate elements within one sentence“).

¹⁷ „Þorsteinn [...] heldur dauðahaldi í þá gömlu kreddu að ljóðbyltingin hafi orðið upp úr seinni heimsstyrjöld.“ Örn Ólafsson (2006a:133).

¹⁸ Eitthvað svipað má reyndar segja, að breyttu breytanda, um franska súrrealismann sem varð til upp úr þeirri fagurfræðilegu stjórnlýsisshreyfingu sem dadaismi nefndist, upp úr andófi gegn stríði og borgaralegum gildum, og upp úr hugmyndum Freuds um dulvitund og óræð öfl sem í mannum byggju.

¹⁹ Skilgreiningar Arnar á stefnunni virðast að mestu byggðar á kvæði eftir Alfred Lichtenstein, „Die Dämmerung“ (1913), sem hann fjallar um í *Kóralförspili hafsins* (1992:51–52), og styðst þar við umsögn Edgars Lohner (1969:107–126). Framar (bls. 46) ber hann reyndar Lohner fyrir því að mikið af því sem kallað hafi verið expressjónísk ljóð sé lítið annað en „klisjukenndar yfirlýsingar“, sé sem sagt ekki módernismi.

skilgreiningu sinni: Bandarísk-breska skáldið T.S. Eliot verður samkvæmt henni expressjónisti og Halldór Kiljan Laxness á að hafa innleitt expressjónisma í íslenskan skáldskap með ljóðlínunni „og kýrnar leika við kvurn sinn finger“.²⁰ Um hið seinna er það að segja að þar er að sjálfstöðu ekki neinn expressjónismi á ferð heldur eitt helsta höfundareinkenni Halldórs alla tíð: leikurinn, leikur að orðum, leikur að hugmyndum. Og sú niðurstaða að Eliot hafi verið expressjónisti kemur ugglaust mörgum spáskt fyrir sjónir, ekki einungis enskumælandi bókmenntafræðingum heldur einnig hverjum þeim sem eitthvað þekkir til bókmennta á ensku og þýsku. En ályktun sína dregur Örn væntanlega af því að frá því um 1920 er yfirleitt ekki óslitin samfella í ljóðum Eliots heldur er framvindan rofin. Og það kemur heim við formúluna: ósamræmi milli lína eða málsgreina = expressjónismi. En expressjónisminn var ekki einfalt formsatriði, áþekkt rími, sem hægt er að greina hvar sem er í skáldskap. Í ljóðlist á ensku, sem var tiltölulega sjálfstæð þó nokkurra áhrifa gætti frá frönskum 19. aldar skáldum, gerðist það hinsvegar um 1920 að Ezra Pound og T.S. Eliot tóku að beita þeirri skáldskaparaðferð að raða upp brotum, tiltölulega sjálfstæðum ljóðbútum án beinna tenginga. Aðferðin varð víðkunn eftir útkomu *Eyðilandsins* 1922 og síðan hefur hún verið eitt megineinkenni ljóða á ensku. Hún er ekki tilkomin fyrir áhrif frá expressjónismanum í Þýskalandi eða því fyrirbæri hans sem Þjóðverjar kalla ‚radstil‘ (*Reihungsstil*). Hinsvegar hefur verið bent á skyldleika hennar við klippitækni og skeytingu (*collage, montage*), aðferðir sem farið var að nota í myndlist og kvikmyndagerð og hafa sett mikinn svip á nútímalistir.

Örn beitir formúlum sínum á ljóð Halldórs Kiljans Laxness – til að kanna „hvort þar megi aðgreina t.d. expressjónisma og súrrealisma samkvæmt framantöldum greinarmun“ – og kemst að þeirri niðurstöðu að ljóð hans beri „eindreginn svip af expressjónisma, fyrst 1922, en einkum frá 1925 að telja“, og þegar litið sé á nokkur elstu ljóð Halldórs, „þá virðist líklegt að hann hafi lært að yrkja af þýskum expressjónistum“.²¹ Þetta er vægast sagt hæpið. Áþekk ljóðbygging kemur fyrir víða um þetta leyti og um áhrif frá þýskum expressjónistum höfum við engan vitnisburð frá Halldóri sjálfum svo mér sé kunnugt. Mun nærtækara er að mínu áliti að leita fyrirmynda um

²⁰ Örn Ólafsson (2005b:139 („[ljóð] T.S. Eliots, sem eru af tagi expressjónisma“); 2005a („[HKL] innleiddi expressjónisma í íslenska ljóðagerð um 1922 ...“).

²¹ Örn Ólafsson (1992:57, 74 og 53).

Þetta atriði hjá Guillaume Apollinaire sem vitað er að Halldór las ungur.²²

Kóralförsöl hafsins er bókmenntasaga. Örn leitast þar meðal annars við að staðsetja Halldór Kiljan Laxness, Stein Steinar og atómskáldin innan íslenskrar og evrópskrar ljóðlistarsögu. En sá galli er á sögu hans að hann byggir um of á formúlukenndum skilgreiningum á stefnum eða skólum í ljóðlist. Hann býr sér til jöfnurnar expressjónismi = A, súrrealismi = B og gengur út frá því að hvar sem A og B koma fyrir megi snúa jöfnunum við: A = expressjónismi, B = súrrealismi. Af þessu leiðir andsögulegar ályktanir, til dæmis um Eliot og Laxness.

IV

Skilgreining felur í sér útilokun, því þrengri sem hún er því fleira útilokar hún. Og skilgreining Arnar á módernisma, sem ég hef lýst hér að framan, er svo þröng að samkvæmt henni mundu mörg af höfuðskáldum aldarinnar falla fyrir ofurborð, skáld eins og Yeats og Auden, Rilke og Brecht, svo einungis örfá augljós dæmi séu nefnd, og á Íslandi til að mynda Sigfús Daðason eins og fram kemur í *Kóralförsölunni*.²³ Hún er mun þrengri en sú sem býr að baki hugtakinu *modernism* á ensku, og mundi grisja verulega þann hóp enskumælandi skálda sem hingað til hafa verið kölluð *modern*. Reyndar hef ég spurt Örn að því hversu mörg skáld sem ort hafa á enska tungu myndu smjúga í gegnum nálarauga hans, en lítil svör fengið. Ég geri grein fyrir því í „Þankabrotum“ mínum að ég sneiði hjá heitinu módernismi meðal annars vegna þrengjandi skilgreininga sem hlaðist hafa utan á það. Þess í stað tala ég um nútímaljóð eins og venja er á frönsku (*poésie moderne*) og þýsku (*moderne Lyrik*). Svipuð málvenja tíðkast í ensku, þar var aðalheitið löngum *modern poetry* og er það reyndar enn, þó seinna væri einnig farið að tala um *modernist* og *modernistic poetry* um afmarkaðan hluta nútímaljóða. En þó ég kjósi sjálfur fremur heitið nútímaljóð dettur mér ekki í hug að nú muni allir fylgja í fótspor mín

²² Um Apollinaire segir Halldór (1978:99): „... um árabíl ofarlega á skáldaskrá nútímafrakka hjá undirrituðum“. Ekki er vitað með vissu hvenær Halldór kynntist fyrst ljóðum Apollinares en það hefur í seinasta lagi verið sumarið 1925. Þá sendi Nonni (Jón Sveinsson) honum nýlegan skáldskap á frönsku, m.a. eftir Apollinaire. Halldór Guðmundsson (2004:178).

²³ „Ég finn [...] sáralítið hjá Sigfúsi Daðasyni“. Örn Ólafsson (1992:122).

og hætta að tala um módernismann í íslenskri ljóðagerð, enda er ég ekki að segja öðrum fyrir verkum.

Þegar ég hinsvegar tala um *nútímaljóð* – og hið sama gildir um samsvarandi heiti á öðrum málum – þá er það ekki bara í hinni almennu merkingu „ljóð sem ort eru í samtímanum“ eins og ætla mætti af orðum Arnar.²⁴ Heitið hefur alltaf merkt „nútímaleg ljóð“, það er að segja ljóð sem brjóta á ýmsan hátt í bága við eldri hefðir og fara nýjar áður ókunnar leiðir.²⁵ Það sem einkenndi nútímaljóð var einmitt leitin að nýjum skáldskaparaðferðum og viðfangsefnum. Ekkert var gefið, ekkert var ódýrt. Ég tel hinsvegar óráðlegt að reyna að afmarka nákvæmlega hvað kalla megji nútímaljóð. Það hefur gjarna í för með sér hlutavillu – hluti er gerður að heild – og kallar á hliðgæslu við Móðernismann ehf. svo óverðugur skáldskapur sleppi þar ekki inn.

Orðið *móðernismi* er vitaskuld „málsmið“ (e. *linguistic construct*), eins og poststrúktúralistar komast oft að orði, verður til í tungumálinu og hreiðrar þar um sig. Það er táknmynd sem á sér ekkert óbyggjandi táknmið. Ljóð er hinsvegar tiltekinn veruleiki sem haggast ekki þó það sé – eða sé ekki – kallað „móðernt“. Ef halda á ismanum hreinum fer óþarfa orka í að glíma við gervivandamál á borð við það hvort tiltekið verk sé móðernt eða ekki. Er *Þorpið* móðernt? Eða kvæðið „Í vor“ í *Rauður loginn branni*? Ef ekki, eru þessi verk þá hefðbundinn skáldskapur? Er *Finnegans Wake* móðernt verk eða postmóðernt? Fullkomin gervivandamál. Merkimíðarnir duga skammt.

Því bókmenntasagan getur aldrei orðið eins og *Fuglabókin* sem greinir skýrt á milli duggandar og stökkandar. Skilgreiningar, flokkunarir skáldverka og stefna í bókmenntasögunni eru gerðar eftirá til hægðarauka, ekki mót sem hvert nýfætt ljóð passar sjálfkrafa inn í, þó að einstök ljóðform sem slípast hafa í aldanna rás – eins og ferskeytla eða sestina – nálgist að vera það. Þessi tvö form eru líka dæmi um að form lifir sjálfstæðu lífi og það er skáldsins að fylla upp í formið. Fráleitt er hinsvegar að nútímaljóð í heild eða einstakar stefnur innan þeirra sé hægt að greina einungis eftir formlegum eiginnum, og deilur um flokkanir skáldverka eru tíðum deilur um keisarans skegg.

Þessum skoðunum mínum til stuðnings vil ég leiða fram höfund eins virtasta rits í bókmenntaskýringu og bókmenntasögu sem ritað

²⁴ „skáld [sem] yrkja á íslensku á sama tímabili“. Örn Ólafsson (2006a:136).

²⁵ Það tel ég einnig vera skilning Eysteins Þorvaldssonar þegar hann talar um móðernisma.

var á síðustu öld, þýska bókmenntafræðinginn Erich Auerbach, en hann skrifaði í greinargerð um bók sína *Mimesis*:

Sagt hefur verið að hugtakanotkun mín sé ekki ótvíræð og að heiti sem ég nota til flokkunar þyrftu skarpari skilgreiningar við. Það er rétt að ég skilgreini ekki þessi heiti [...] Það var með ráðum gert og hluti af vinnuaðferð minni. Viðleitni mín til nákvæmni beinist að hinu einstaka og hlutbundna. Hið almenna – samanburður, söfnun og aðgreining fyrirbæra – ætti á hinn bóginn að vera sveigjanlegt og fljóttandi [...] sértekningar og smættandi hugtök falsa fyrirbærin eða eyðileggja þau.²⁶

Auerbach er hér að tala um við hugtök á borð við rómantík og realisma, hann skilgreinir þau ekki en leggur áherslu á að merking þeirra eigi að skiljast af því samhengi sem hann notar þau í við greiningu og samanburð á bókmenntaverkum frá hinum ýmsu tímum. Ofangreind orð Auerbachs eru eins og töluð út úr mínu hjarta. Nákvæm lýsing og greining á einstökum skáldverkum er ómetanleg en ströng afmörkun á skáldskap heilla stefna eða tímabila leiðir til ófarnaðar.

V

Auk almenns ágreinings okkar Arnar um móðernisma og nútímaljóð erum við bersýnilega ósammála um skáldskapartegundirnar prósaljóð og fríljóð, ekki einungis um eðli þeirra og eiginleika að því er virðist, heldur einnig um upphaf þeirra og sögu.

Örn ber mér á brýn að ég telji prósaljóð og fríljóð „megineinkenni“ nútímaljóða.²⁷ Það geri ég að sjálfsögðu hvergi, enda dytti mér aldrei í hug að telja eitthvað eitt eða tvennt ‚megineinkenni‘ þeirra,²⁸ en ég ber skáldin sjálf fyrir því að þeim þótti mikið til um það frelsi og þann sveigjanleika sem hinar nýju ljóðtegundir veittu. Og ég vitna sömuleiðis til ummæla skálda sem þótti frelsið varasamt og óttuðust að það leiddi til of auðvelds og ódýrs skáldskapar. Eflaust geta flest ljóðskáld tekið undir með Eliot: „No verse is free for the man who wants to do a good job.“

²⁶ Erich Auerbach (2003:572).

²⁷ Örn Ólafsson (2006a:125).

²⁸ Örn talar hinsvegar um að örökleg ræða sé megininkenni móðernra verka (1992:23).

Örn hallmælir mér fyrir að fara ekki eftir skilningi Svíans Nylanders á prósaljóðum og virðist telja það með miklum ólíkindum þar eð hann hafi tíundað niðurstöður hans í *Kóralforspili hafsins*. Nú er Nylander þessi ekki til á Landsbókasafni Íslands, og hví skyldi ég miða skilning minn á prósaljóðum við eitthvað sem ég hef aðeins séð í endursögn? Sú niðurstaða Nylanders að prósaljóð megi rekja aftur til 1700 sýnir mér líka svo ekki verður um villst að hann er að tala um eitthvað allt annað en það sem Frakkar kalla því nafni, og ég lýsi í grein minni um prósaljóð Sigfúsar Daðasonar.²⁹ En af hverju staðnæmist hann við aldamótin 1700? Af hverju ekki að fara aftur í þýðingar á *Biblúnni* á þjóðtungur Evrópu ef „ljóðrænar“ eiginir í texta eru eina viðmiðið?

Nú stendur deilan ekki um það af minni hálfu hvað rekja megi heitið heldur ljóðtegundina sjálfa langt aftur. Eins og ég bendi á í umræddri grein minni um prósaljóð Sigfúsar (sem Örn hafði undir höndum) var heitið til í frönsku við upphaf 18. aldar en hafði þá aðra merkingu, var að sögn Gérards Genette notað um skáldsögu.³⁰ Og í franskri orðabók sem finna má á vefnum er vitnað í rit frá 1716 þar sem segir: „Personne ne nie que les aventures de Télémaque ne soient un Poëme en prose“.³¹ Það er að segja: í byrjun 18. aldar var orðasambandið notað um sögu (*roman didactique*) Fénelons *Ævintýri Télemakkosar*. Ég tel hinsvegar, öfugt við Örn, að sú ljóðtegund sem nú er kölluð prósaljóð hafi ekki orðið til fyrr en um miðja 19. öld, einkum með þeim ljóðum sem Baudelaire kallaði *Petits poèmes en prose* og hóf að birta árið 1855.

Til er þó efni frá ýmsum tímum sem er á mörkum ljóðs og prósa. Dæmi um það eru *Söngvar Ossíans* og *Lofsöngvar til naturinnar* eftir Novalis, sem Örn vísar til. Eða *Svo mælti Zarafústra* eftir Nietzsche, *Hyperion* eftir Hölderlin og „Hel“ eftir Sigurð Nordal. Hinn frægi bálkur *Söngvar Maldorors* eftir Lautréamont er af Frökkum sjálfum talinn ljóðrænn prósi en ekki prósaljóð, núorðið að minnsta kosti.³² Mestallt þetta efni er aðgengilegt á netinu og ég vil hvetja menn til að mynda sér skoðun á því sjálfir. Auðvitað má hver sem vill halda því

²⁹ Þorsteinn Þorsteinsson (2003:152–166, 2007:180–98).

³⁰ Þorsteinn Þorsteinsson (2003:167, 2007:180n).

³¹ La Motte: *Réflexions sur la critique*.

(<http://atilf.atilf.fr/dendien/scripts/fastshowart.exe?59%7DPO%C8ME%2C+subst.+masc.%7D294688%7D294689%7D294689%7D0%7D5>).

³² Sjá t.d. Yves Vadé (1996:12) og Pierre Brunel o.fl. (2001:525 („ces soixante strophes de prose poétique“)).

fram mín vegna að *Söngvar Ossíans* eða *Svo mælti Zarabústra* séu sama bókmenntagrein og prósaljóð Baudelaires eða Stefáns Harðar Grímssonar. Í því er að vísu fólgin viss bókmenntaleg blinda að mínum dómi, alltof einfaldur skilningur á því sem kallað er ‚ljóðrænt‘. Það er arfur frá rómantikinni að kalla ‚skáldlegan‘ prósa ljóð.³³ Sú venja mun þó víðast hvar á undanhaldi. En hvað gerir ljóð yfirleitt að ljóði? Í mínum augum er ekki síst áhugavert að velta fyrir sér þeim eigindum hinna nýju prósaljóða sem gera þau að ljóðum.

Það einkennir þau að þau eru ‚ljóð‘ í öðrum skilningi en sá ljóðræni prósi sem áður var til, og þeir Nylander og Örn kalla prósaljóð. Þau eru stutt og búa yfir þéttleika sem greinir þau frá hinum eldri ljóðræna prósa, í þeim er ljóðræn spennan og þau eru afmörkuð heild. Í þessu er ljóðeðli þeirra fólgið en ekki í ljóðrænu eða skáldlegu orðfæri; þvert á móti færðist málfarið nær vönduðu talmáli. Að öðru leyti vísa ég til umfjöllunar minnar um prósaljóð Sigfúsar.³⁴

Örn hefur eftir Nylander, í fullri alvöru að því er virðist, að hina nýju tegund ljóða sem Baudelaire og fleiri fóru að yrkja um miðja 19. öld í Frakklandi megi rekja, eða hún hafi verið rakin, „til áhrifa dagblaða upp úr 1830“ og þarfa þeirra fyrir „stuttar klausur um hversdagsleg atvik á einföldu máli“.³⁵ Mér fallast hendur; kostulegri bókmenntaskilningur hef ég varla á ævi minni séð. Það sem gerðist á þessum tíma í Frakklandi var ekki megindarbreyting heldur eigindarbreyting, ný ljóðhugsun. Hin nýju ljóð Baudelaires voru eitthvað allt annað en „stuttar klausur um hversdagsleg atvik á einföldu máli“, þau voru ný tegund skáldskapar. Vilji Örn hrekja þá skoðun er hætt við að hann þurfi að munnhöggvast við fleiri en mig.

Ég vil ljúka þessum þætti svars míns á því að ítreka það sem ég skrifaði í grein minni um prósaljóð Sigfúsar Daðasonar:

Reyndar liggur það í eðli *prósaljóðs* að umdeilanlegt er hvað rétt er að kalla því nafni. Það liggur á mörkum bókmenntagreina, hefur engin ótvíræð landamæri, og þegar öllu er á botninn hvolft skiptir kannski ekki höfuðmáli hvort texti er kallaður ljóð eða eitthvað annað. Slíkt verður heldur ekki ákveðið í eitt skipti fyrir

³³ Þessa sér stað í þeim ummælum Halldórs Kiljans Laxness um sögu sína „Fegursta sagan í bókinni“ (1920) að hún sé „í raun rétttri kvæði“, áhrifin sótt í „svokölluð óbundin ljóð sem þá voru mjög í geingi“ (1954:9).

³⁴ Þorsteinn Þorsteinsson (2003:157–59, 2007:186–88).

³⁵ Örn Ólafsson (2006a:130).

öll, og söguleg sjónarmið skipta auðvitað máli. Þó hlýtur alltaf að vera mikilvægt að gera sér grein fyrir eðlismun á einstökum tegundum bókmennta þegar verið er að fjalla um skáldskap.³⁶

Afdráttarlausari var niðurstaða mín nú ekki. Vel má kalla óvarkárni af minni hálfu að benda ekki í Sónargrein minni á fleiri dæmi um skáldskap á mörkum lausamáls og ljóða. En ég hef það mér til afbötunar að því fór víðs fjarri að ég væri að skrifa almenna ljóðlistarsögu tímabilsins 1850–1950, hvað þá fyrri skeiða. Í mínum huga er það auk þess meginatriði hve traust staða bundins máls var í aldanna rás, þó það tæki á sig margvíslegar myndir.

VI

Og þá eru það fríljóðin. Örn staðhæfir að fríljóðin í Frakklandi á seinnihluta 19. aldar og á Íslandi um miðja síðustu öld hafi ekki verið neitt nýtt. Og virðist telja að það hafi verið öldungis ómarkvert að sú aldagamla hefð að yrkja undir brag lét undan síga fyrir frjálssu formi, nýrri tegund af hrynjandi, sveigjanlegri ljóðstíl. Ástæðan fyrir því mati hans er greinilega sú að ljóð í bundnu máli geta einnig rúmað óræð tengsl eða rof, milli lína eða innan línu. Og séu slík tengsl talin vera nánast eina kennimark módernisma þá verður ályktunin skiljanleg. Um leið gerir Örn mér upp þær skoðanir að ég líti svo á að ljóðbyltingin hafi verið í því einu fólgin að losa um formið, hverfa frá bragformi. En leit skáldanna að hinu nýja og ókunna takmarkaðist að sjálfsgöðu ekki við það. Því hefur að vísu verið haldið fram að ljóðbyltingin um miðja 20. öld á Íslandi hafi einungis verið formbylting, en gegn því færi ég ýmis rök í grein minni og skáldin sjálf gagnrýndu það flest harðlega (sbr. það sem ég hef eftir Jóni Óskari um Einar Braga).³⁷

Örn hallast að því að andófið gegn fríljóðum ungu skáldanna um miðja síðustu öld hafi stafað af íhaldssamri þjóðernisstefnu íslenskra ‚stálinista‘.³⁸ Mér er ekki fullljóst við hverja hann á með því orðalagi en sé það til dæmis Kristinn E. Andrésón þá er það villukenning.

³⁶ Þorsteinn Þorsteinsson (2003:156, 2007:185).

³⁷ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:127). – Annað dæmi: Í bréfi til Kristins E. Andrésónar frá París 18.12.1952 skrifar Sigfús Daðason um nýlega ljóðabók að það sé eins og skáldið hafi „haldið að týpógrafískt arrangement nægði til að gera mann að módernista. Það er mergurinn málsins: dautt form, eða líf formsins.“

³⁸ Örn Ólafsson (2006a:132–33).

Kristinn var hliðhollur ungu skáldunum, lengi framan af að minnsta kosti, og prentaði ljóð þeirra í tímariti sínu. Bæði hann og Halldór Kiljan Laxness skrifuðu lofsamlega um Stein Steinar. Þegar Jóhannes úr Kötlum breytti ljóðstíl sínum stóð ekki á Kristni að gefa út hin nýstárlegu ljóð hans og ljóðapýðingar. Annað skiptir þó meira máli í þessu sambandi: Örn byggir ályktun sína á því að ekki hafi verið amast við ljóðum í frjálsu formi fyrir á öldinni og því hefði það sama átt að gilda um ljóð atómskáldanna. Þar með er hann að segja að ljóð þeirra hafi haft fátt annað fram að færa en ‚bragbreytingu‘.³⁹

Í bókmenntum er allajafna í gildi einhverskonar óorðaður samningur milli höfunda og lesenda. Þegar skáld rýfur þann samning og fer að yrkja annarskonar ljóð (segir til að mynda upp sáttmálanum um að ljóð séu um eitthvað, séu mímetísk, raðar upp brotum án tenginga eða yrkir torræðar ljóðmyndir) má búast við neikvæðum viðbrögðum meirihluta lesenda og gagnrýnenda, og oft tekur það langan tíma að sættast við hið nýja. Stundum verða aldrei fullar sættir, sem væntanlega á sér þá skýringu að ekki sé allt nýtt gott. Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að það var ekki breytingin á hinu ytra ljóðformi sem ljóðelskur almenningur á Íslandi setti fyrir sig, heldur hitt að mörgum fannst ljóðin óskiljanleg, fannst þau ekki koma sér við. Næg dæmi eru um ámóta viðbrögð í sögu ljóðlistarinnar. Franska sýmbólismaður á seinnihluta 19. aldar var yfirleitt illa tekið af almenningi og gagnrýnendum.⁴⁰ Ekki var þar þó um að kenna breyttu ytra formi ljóðanna heldur breyttu inntaki og skáldskaparaðferð.

Fyrsta erindið í fyrsta ljóði fyrstu bókar Sigfúsar Daðasonar hljóðar svo:

Mannshöfuð er nokkuð þungt
en samt skulum við standa uppréttir
og sumarið bætir fyrir flestar syndir okkar.⁴¹

³⁹ Örn talar um bragarhátt fríljóða og prósaljóða (2006a:126 og víðar). Það er undarleg orðanotkun; bragur er það sem kallað er *metrum* á erlendum málum; hann er sjálfstætt mynstur sem gengur gjarna aftur í bundnum ljóðum, jafnvel allt frá fornöld. Enn er verið að yrkja undir Sappóarhætti, brag sem fundinn var upp á eyri Lesbos í Eyjahafi um 600 f.Kr. að því er talið er. Bundin ljóð og óbundin eru ekki mismunandi bragarhættir heldur mismunandi ljóðtegundir og hin síðarnefndu segja skilið við brag: Form fríljóða er nýtt í hverju ljóði og meira að segja í hverju erindi ljóðs.

⁴⁰ Sbr. Jacques Lethève (1959:151–276).

⁴¹ Sigfús Daðason (1951:7).

Ljóðið er klassísk nýorðið en aðferð þess er ólík því sem tíðkaðist í hefðbundnum skáldskap, og við höfum heimildir um að ýmsum ljóðavinum þótti það á sínum tíma óskiljanlegt og fáránlegt – einkum fyrsta línan – og undruðust ekki þótt höfundum slíkra verka fyndist „mannshöfuð nokkuð þungt“.⁴² Í málsvörn sinni fyrir skáldskapinn sem Sigfús sendi frá sér ári síðar setti hann sér það mark að reyna að „minnka bilið milli almennings og nútímaskáldskapar“. Hann fjallaði um þá mótbaru að hin nýja ljóðlist væri erfið:

Menn segja um nútímaljóð: Þetta er óskiljanleg þvæla, þið eruð bara að gera ykkur merkilega með því að raða saman orðum sem ekki eiga saman, osfrv. [...] Ég vil biðja ykkur, kæru lesendur, hvað sem ykkur kann að vera sagt, að hafa það í huga að varla nokkurt sæmilegt skáld yrkir myrkt *til þess að yrkja myrkt*. [...] Í öðru lagi er þessi óskiljanleiki oft ekki annað en þjóðsaga: það er nú einu sinni viðurkenndur „sannleikur“ að nútímaljóð séu óskiljanleg og þá skulu þau vera það hvað sem tautar og raular. En oft eru þau í rauninni mjög auðveld. Þau krefjast aðeins nokkurrar vinnu lesenda. Og öll list og öll ljóð krefjast ekki aðeins vinnu listamannsins heldur einnig þess sem nýtur. Listaverk er samvinna þess sem skapar og hins sem nýtur, eða réttara sagt, njótandinn fremur einnig skapandi starf.⁴³

Nútímaljóð eru margvísleg og möguleikar þeirra virðast ótæmandi. Ég lýsti í Sónargrein minni nokkrum leiðum sem opnuðust þegar horfið var frá brag.⁴⁴ Ég ætla ekki að endurtaka það hér en benda einungis á eitt þeirra atriða sem tilkoma fríljóða gerði möguleg og skáldunum sjálfum fannst skipta miklu máli, en það var hin nýja tegund hrynjandi. Til að mynda fagnaði Ezra Pound ákaflega því sem hann kallaði ‚hrynjandi tónhendingarinnar‘.

Þó að meirihluti ljóða *Tímans og vatnsins* sé bundinn beitir Steinn Steinarr þar einnig frjálsu hljóðfalli glæsilega, til að mynda er fjór-tánda ljóð bálksins (nr. sex í styttri gerðinni) mikil listasmíð frá því sjónarmiði:

⁴² Þorsteinn Þorsteinsson (2007:39–40).

⁴³ „Til varnar skáldskapnum“, Sigfús Daðason (2000a:48 og 40–41).

⁴⁴ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:97).

Sólskinið,
stormurinn,
hafið.

Ég hef gengið í grænum sandinum
og grænn sandurinn
var allt í kring um mig
eins og haf í hafinu.

Nei.

Eins og margvængjaður fugl
flýgur hönd mín á brott
inn í fjallið.

Og hönd mín sökkur
eins og sprengja
djúpt inn í fjallið,
og sprengir fjallið.⁴⁵

Sigfús Daðason nýtti sér áhrifamátt hrynjandinnar víða af mikilli íþrótt eins og ég geri grein fyrir í *Ljóðhúsum*.⁴⁶ Ég vil einungis nefna hér ljóðin „Dægurlag“, „Vorið“ og „Alltaf man ég Marseille“ sem dæmi um þá möguleika sem fríljóðið opnaði í þeim efnum.

Örn fýsir að rekja fríljóð sem lengst aftur, ekki síður en prósaljóð. Hann tekur kvæði eftir þýska 18. aldar skáldið Klopstock, þýðir hluta þess og spyr hvort það sé ekki í raun réttari fríljóð, að minnsta kosti ef það væri ekki erindaskipt.⁴⁷ En um fyrirbærið *freie Rhythmen* sem Þjóðverjar kalla svo, og nota um alveg afmarkaðan hluta sinnar ljóðlistarsögu, er ráð að spyrja Þjóðverja sjálfa, meðal annars vegna þess að hrynjandi ljóða er bundin frummálinu órofa böndum og hæpið um hana að dæma nema út frá frummálinu.⁴⁸ Og þó að Örn þýði orð kvæðisins af trúmennsku er hrynjandi þýðingarinnar önnur en hjá hinu þýska skáldi. Klopstock vísar greinilega frá hefðbundnum brag en heldur þó ýmsum einkennum bundins mál. Þannig skiptast á há-

⁴⁵ Steinn Steinarr (1956:204).

⁴⁶ Þorsteinn Þorsteinsson (2007).

⁴⁷ Örn Ólafsson (2006a:129–131).

⁴⁸ Ágæt lýsing á kvæðum þessara skálda er hjá Dieter Breuer (1999:191–207).

kveður og lágkveður í ljóðlínnum hans sem eru rímlausar og af óreglulegri lengd. Meginatriðið er þó að skáldin (Klopstock, Hölderlin og fleiri) sóttust í ljóðum sínum eftir músíkalskri hrynjandi að dæmi forngrískrar ljóðlistar en ekki eftir setningahrynjandi talaðs máls eins og hin eiginlegu fríljóð síðari tíma. Þau losuðu um bundið mál síns tíma og auðguðu það að nýrri vídd en yfirgáfu það ekki.

VII

Í formála bókar sinnar *Kóralforspil hafsins* vitnar Örn Ólafsson í austurrísk-enska heimspekinginn Karl Popper sem „ráðleggur mönnum að reyna að sigrast á löngun sinni til að hafa ævinlega rétt fyrir sér – og réttlæta sig. Þess í stað ættu þeir að leita sérstaklega eftir villum, greina þær og reyna að læra af þeim“.⁴⁹ Þetta er gullvæg regla sem bókmenntafræðingar mættu tileinka sér ekki síður en aðrir. Ofmælt væri að Örn fylgi henni sjálfur af kostgæfni í Sónargrein sinni en hann nálgast hana undir lokin.

Hér að framan hef ég lýst ýmsu sem mér þykir gagnrýnivert í skrifum Arnar um bókmenntasögu, ekki síst skoðunum þeim á módernisma sem hann setti fram í *Kóralforspilinu* og víðar, skoðunum sem voru tilefni gagnrýni minnar í greininni í *Són* 2005. En í svari hans í fyrra kveður að nokkru leyti við nýjan tón í niðurlagsgreininni:

Meginniðurstaða mín var, að sameiginlegt einkenni ýmiskonar módernisma í ljóðum og lausu máli sé sundruð framsetning, andstæðufull. En innan þessa meginstraums módernisma megi telja það áberandi einkenni margra surrealistkra verka að tengja ósamrýmanleg fyrirbæri svo að setning verði röklega óskiljanleg. Í expressjóniskum verkum hef ég hinsvegar ekki rekist á það, heldur stílandstæður milli skiljanlegra málsgreina, svo að heildarmyndin verður sundruð, rúmar andstæður. Það á augljóslega líka við um *Eyðiland* Eliots og fleiri ljóð hans, svo og annarra módernra skálda. Við þennan skilning verð ég að standa því ekki hefur hann verið hrakinn og síst af Þorsteini sem sniðgengur allt sem mælt gæti gegn hans gamalgrónu hugmyndum.⁵⁰

⁴⁹ Örn Ólafsson (1992:10).

⁵⁰ Örn Ólafsson (2006a:138).

Hér hafa athyglisverðir hlutir gerst. Skyndilega er Örn farinn að tala um *ýmiskonar* módernisma, einkenni *margra* súrrealískra verka og þegar að expressjónisma kemur er látið nægja að tala um *stílandstæður* milli skiljanlegra málsgreina. Þetta hefði Hugo Friedrich þótt þunnur þrettánda; það er næstum eins og ég hafi skrifað þetta. Ég hefði að vísu forðast hugtakið „sundruð framsetning“ (sem mér finnst minna óþægilega mikið á „klessumálverk“), og frekar talað um að einn þáttur í þeirri hnitmiðun sem einkenni nútímaljóð sé að sleppa tengingum. Þá hefði ég sagt sem svo að mikilvægur strengur í nútímalist, nútímaljóðum þar á meðal, sé fráhrarfið frá eftirlíkingu (*mimesis*), sem sjá megi hjá Lautréamont, Rimbaud og víða hjá súrrealistum og sporgöngumönnum þeirra. Þennan skilning hef ég síður en svo reynt að hrekja eins og þeir vita sem lesið hafa grein mína en ekki einungis endursögn Arnar. Hinsvegar hef ég andæft því að módernisminn sé þetta og annað ekki, og alhæfing þessa þáttar í nútímaljóðlist var það sem ég kallaði hlutavillu Arnar.

Að svo mæltu vil ég þakka Erni skoðanaskiptin. Af minni hálfu eru þau nákvæmlega það: skoðanaskipti. Og það er að sjálfsgöðu ekki mitt mál heldur Arnar sjálfs hvort honum finnst hann „verða að standa við sinn skilning“. Því miður óttast ég að deiluefnin séu lítt áhugaverð fyrir lesendur *Sónar*, og ég mun ekki þreyta þá með frekari málalengingum. En vil að endingu mælast til þess aftur að þeir lesi skrif mín án milligöngu annarra ef þeir hafa áhuga á málf lutningi mínum. Og sama gildir vitaskuld um Örn: Skrif hans sjálfs eru ólygnust um skoðanir hans á ljóðlist nútímans.

HEIMILDIR

- Auerbach, Erich (2003). „Epilegomena to Mimesis“ [1954], ensk þýðing eftir Jan M. Ziolkowski, í *Mimesis · The Representation of Reality in Western Literature*, Princeton og Oxford: Oxford University Press.
- Breuer, Dieter (1999). *Deutsche Metrik und Versgeschichte*, 4. útg., München: Wilhelm Fink Verlag (UTB für Wissenschaft).
- Brunel, Pierre o.fl. (2001). *Histoire de la littérature française (XIXe et XXe siècle)*, Bordas/VUEF.
- Friedrich, Hugo (1971). *Die Struktur der modernen Lyrik · Von der Mitte des neunzehnten bis zur Mitte des zwanzigsten Jahrhunderts* [1956], erweitere Neuauflage, Hamburg: Rohwohlt.
- Halldór Guðmundsson (2004). *Halldór Laxness · Ævisaga*, Reykjavík: JPV Útgáfa.

- Halldór Kiljan Laxness (1954). *Þættir*, 2. útg., Reykjavík: Helgafell.
- Halldór Laxness (1978). *Sjömeistarasagan*, Reykjavík: Helgafell.
- Johnson, Barbara (1989). *A World of Difference*, Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press.
- Lethève, Jacques (1959). *Impressionistes et symbolistes devant la presse*, Paris: Armand Colin.
- Lohner, Edgar (1969). „Die Lyrik des Expressionismus“, í *Expressionismus als Literatur · Gesammelte Studien*, Bern og München: Francke Verlag.
- Sigfús Daðason (1951). *Ljóð 1947–1951*, Reykjavík: Heimskringla.
- Sigfús Daðason (2000a). „Til varnar skáldskapnum“, *Ritgerðir og pistlar*, Reykjavík: Forlagið.
- Sigfús Daðason (2000b). „Saint-John Perse“, *Ritgerðir og pistlar*, Reykjavík: Forlagið.
- Steinn Steinarr (1956): *Ferð án fyrirheits · Ljóð 1934–1954*, Reykjavík: F.F.A.
- Vadé, Yves (1996). *Le poème en prose et ses territoires*, Paris: Éditions Belin.
- Þorsteinn Þorsteinsson (2003). „Um prósaljóð Sigfúsar Daðasonar“, *Andvari*, 128. ár.
- Þorsteinn Þorsteinsson (2005). „Þankabrot um ljóðbyltingar“, *Són*, 3. hefti.
- Þorsteinn Þorsteinsson (2007). *Ljóðhús · Þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar*, Reykjavík: JPV Útgáfa.
- Örn Ólafsson (1992). *Kóralforspil hafsins · Móðernismi í íslenskum bókmenntum*, Reykjavík: Skjaldborg.
- Örn Ólafsson (2004). „Hnökrótt stílfræði“, *Morgunblaðið* 16. febrúar.
- Örn Ólafsson (2005a). „Andlítill saga andríkis“, *Morgunblaðið* 10. maí.
- Örn Ólafsson (2005b). „Uppsprettur Tímans og vatnsins“, *Andvari*, 130. ár.
- Örn Ólafsson (2006a). „Gömul prósaljóð og fríljóð · svar við grein: „Þankabrot um ljóðbyltingar““, *Són*, 4. hefti.
- Örn Ólafsson (2006b). „Takmarkanir íslenskrar bókmenntasögu“, *Lesbók Morgunblaðsins* 2. desember.

Stefán Snævarr

Uml um ljóð

Örgreinar

Máttur ljóðsins

Sjá! Þeir sitja flötum beinum fjötraðir hershöfingjarnir úr fyrra heimsstríði. Drýsildjöfull þylur þeim ljóð Owens um skelfingar skotgrafanna, hlær illgirnilega milli kvæða. Bandingjunum er ekki skemmt.

Skammt frá má sjá Hitler bundinn við risastóra Davíðsstjörnu. Þúki einn skelfilegur les *Náfnu* Celans fyrir hann. Hitler grettir sig.

Steinsnar frá honum gefur að líta Jósef nokkurn Stalín. Fyrir honum er líkt komið, hann er hlekkjaður við altari. Vættur ein kveður honum sálumessu Akmatovu. Stalín yggilir sig.

Þetta mun endurtaka sig aftur og aftur, frá eilífð til eilífðar. Gott á suma.

Ljóðið mælir

Sæl öllsömul! Ég er ljóðið sjálf. Ætla að gera vart við mig svona rétt áður en ég hverf með öllu. Ég var eitt sinn mikið að vexti, menn tilbáðu mig og töldu göldrótt. En svo tók ég að minnka hægt og sigandi, nú er svo komið að enginn færir mér lengur fórnir. Nú gala menn aðra galdra, rödd mín er heldur hjáróma í gaulinu því. Aðrir eru tilbeðnir og helst gullkálfurinn, honum færðar dreypifórnir, brennifórnir.

En viljirðu eiga rólega stund fjarri skarkala heimsins skaltu halda til fundar við mig í litla kofanum sem eitt sinn var glæsihöll. Kofanum vestan við sól og sunnan við mána.

Engin ljóðadýrð

Ljósadýrðin í loftum borga hefur hrakið stjörnurnar burt. Þær sjást varla. Þess vegna er engin ljóðadýrð lengur.

Kristján Árnason

Chryсорis – Gullbringuljóð Jóns Þorkelssonar

Það mun vart ofmælt að Jón Þorkelsson Skálholtsrektor eða Thor-chellius, eins og hann nefndist á sínum tíma, hafi verið einn mesti lærdómsmaður og menntafrömuður sem íslensk þjóð hefur alið. Hann fæddist árið 1697 í Innri Njarðvík, á sömu slóðum og annar mikill lærdómsfrömuður, Sveinbjörn Egilsson, tæpri öld síðar, sonur hjónanna Þorkels Jónssonar og Ljótunnar Sigurðardóttur sem átti ætt að rekja til Árna Oddssonar lögmanns. Jón var snemma settur til mennta og lauk prófi frá Skálholtsskóla árið 1715 og guðfræðiprófi frá Hafnarháskóla árið 1721. Eftir dvöl við bóknám og fræðistörf þar ytra fram til ársins 1728 sneri hann heim og gerðist rektor Skálholts-skóla. Svo virðist sem hann hafi átt erfitt uppdráttar í því embætti, þannig að hann sagði því lausu 1737 og hvarf á ný til Hafnar en kom aftur heim til Íslands árið 1741 sem samstarfsmaður og leiðsögumaður Ludvigs Harboe á yfirreið hans um landið og vann með honum til 1745 að eflingu skólastarfs og kristnihalds á landinu með góðum árangri. Að því búnu lá leið hans enn til Danmerkur þar sem hann bjó til æviloka 1759. Síðustu ár sín var Jón á ríflegum ríkislaunum og lét eftir sig miklar eignir er hann lést, ókvæntur og barnlaus, og gaf þær allar til skólalahalds í Kjalarnesþingi handa fátækum og munaðarlausum börnum.

En hann lét ekki einungis eftir sig eigur heldur líka mörg ritverk sem bera lærdómi hans vitni og eru af ólíkum toga, allt frá þýðingum guðfræðiritra og sálma á íslensku til frumsaminnna verka á latínu, jafnt ritgerða sem kvæða. Þar ber hæst tvö mikil og metnaðarfull sagnakvæði á latínu, annars vegar *Eclogarius Islandicus*, sem hefur að geyma einskona ágrip af Íslandssögu, og hins vegar kvæðið, *Chryсорis*, sem er lofgerð eða *laudatio* um heimasýslu skáldsins, Gullbringusýslu, og heitir raunar eftir henni, þar sem það er samsett úr grísku orðunum *χρυσός* (gull) og *óρος* (fjall), og eins og við er að búast í slíkum kveðskap telur hann sýslunni flest til gildis, jafnt í náttúru sem mann-

lífi, og yrði of langt upp að telja hér¹. En honum fannst þó sem þessi ágæta sýsla hefði orðið útundan að því leytinu til að hún hafði ekki orðið söguvið neinnar Íslendingasögu á sama hátt og nágranna-sýslur þar sem hetjur riðu um héruð á söguöld, og því varð hann að sækja til tíma Tyrkjaránsins til að finna dæmi um þær dáðir sveitunga sinna sem sæmdu hetjukvæði. Þar varð fyrir honum sagan af Hjálvari nokkrum Grindvíkingi sem á að hafa brugðist býsna karlmannlega við þegar svonefndir Tyrkir gerðu strandhögg í heimabæ hans árið 1627, og gefa eftirfarandi línur nokkra hugmynd um lýsingu Jóns á þeim atburðum og vald hans á latínunni.² Þó er rétt að taka fram að bardagalýsingin er allmikið styttr hér og aðeins sagt frá upphafi bardagans og lyktum en fellt úr miðbikið þar sem vopnaskaki er lýst í smáatriðum. En hátturinn er hinn sami á latínu og íslensku, hinn svonefndi elegíuháttur eða tregalag, þótt uppsetningin sé önnur.³

¹ Um kvæðið Chryisoris er nánar fjallað í óprentuðu erindi Sigurðar Péturssonar lektors sem flutt var á málþingi Félags um átjándu aldar fræði 11. febrúar 2006 og ber nafnið „Hverjum þykir sinn fugl fagur“.

² Í erindi Sigurðar Péturssonar segir svo um þetta: „Hjálmar er hetja og lýsing höfundar minnir að ýmsu leyti á hetjukafli þá sem finna má í Hómerskvæðum, svonefndar „aristeiur“, þar sem ákveðinn þáttur er helgaður frammistöðu og afreksverkum tiltekins manns.“

³ Sjá *Tyrkjaránið á Íslandi 1627*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1906–1909, bls. 464.

Úr Chryisoris:

Framganga Hjálmars í Grindavík gegn Tyrkjum 1627

BROT

Tractus Grindvika est cui nomen, litore in ejus,
Hæserat e Stygiis missa carina vadis;

Extemplo hostili turbantur cuncta tumultu.
Hic fugit, hic capitur, cæsus at ille jacet.

Unus innociduae referens præconia famæ
Magnanimus, timidam respuit ille fugam.

Pergit in armatos, sed solus, robore Hialmar
Inclytus, atque animo laude ab utroque pari.

...

Nec defecta prius componit litore membra
Quam victor campo cæde potitus erat.

Tum primum exsangvis per plurima vulnera abacto
Hoste, sed invicto pectore procederat.

Grindavík heitir sú höfn
þar sem óvænt lagðist að landi
framandi óvinafley
neðan úr helvítis hyl.

Ránsmenn réðust á land
og strandhögg geigvænlegt gerðu.
Flýði í ofboði einn,
annar lá fallinn í val.

Einn var þó sá er sér ávann
þá frægð sem aldrei mun fymnast,
honum það hugnaðist síst
ragur að renna á braut.

Óð þar fram einn síns liðs
gegn óvinafylkingu Hjálmar
íklæddur hreysti og hug,
hvort tveggja prýddi hann jafnt.

...

Ekki þó lé magna limu
þar lagði kappinn að grundu
fyr en borið hann fékk
sigurorð óvinum af.

Þá loks bana hann beið,
til ólífis særður um síðir,
fjendur er flæmt hafði hann brott,
óþilað enn var hans þor.

Athugasemdir og leiðréttingar

Ljóðlína eftir Jónas

Són er mikið myndarrit, brúnin á mér lyftist í hvert skipti sem nýtt hefti berst mér í hendur. Og ég hygg að ljóðalesendur yfirleitt taki Són fegins hugar, því margur hafði lengi beðið eftir útgáfu tímarits sem helgað væri óðfræði, þeirri fornfrægu menntagrein. Ég gríp tækifærið og flyt útgefendum og ritstjórum Sónar beztu þakkir mínar og óskir um gott gengi ritsins.

Satt bezt að segja kysi ég helzt að þurfa ekki að fetta fingur út í nokkurn hlut í þessu kærkomna riti, hlýt samt að gera stutta athugasemd:

Á bls. 70 í nýjasta hefti Sónar (2006) er sýnd stuðlasetning í sonnettu Jónasar Hallgrímssonar, Svo rís um aldir árið hvurt um sig. Í elleftu línu er hún sögð vera á þessa leið:

og þótt að nokkurt andstreymi ég bíði,

Mér er óskiljanlegt að hér skuli áherzlulaus ending bera seinni stuðul. Orðið andstreymi verður við það svo ankannalegt að maður trúir því ekki að Jónas hafi tekið sér það í munn á þann veg sem sú stuðlasetning krefst.

Þetta mál er mér skylt að því leyti, að ég tók umrædda ljóðlínu upp í bók mína um Steingrím Thorsteinsson (1964, bls. 72) þegar farið var nokkrum orðum um bragstíl skáldsins. Ég nefndi að Steingrímur leyfði sér vissar „áherzlupvinganir“ í stuðlasetningu sem algengar voru í kveðskap fyrri tíðar og Jónas Hallgrímsson hefði gagnrýnt í ritdómi sínum um Tristansrímur, en taldi í beinu framhaldi að Jónas hefði sjálfur gert sig sekan um þær, tók sem dæmi að hann stuðlaði á samtenginguna og í upphafi þeirrar línur sem hér á í hlut. Fráleitt þótti mér þá eins og nú að hann hefði stuðlað á endinguna í andstreymi.

Nokkru eftir að bókin um Steingrím kom út, hringdi til mín

öðlingurinn Sigurkarl Stefánsson, gamall stærðfræðikennari minn í menntaskóla, hagorður maður og mjög bragfróður. Hann benti mér á að líkast til hefði ,og‘ þarna merkinguna ,einnig‘ og orðið bæri því réttilega fulla áherzlu. Eyru mín lukust upp undireins í símtali okkar Sigurkarls. Einatt síðan hef ég verið sannfærður um að ,og‘ á þessum stað í sonnettu Jónasar er atviksorð, ekki samtenging, og ber fullgildan stuðul.

Hannes Pétursson

Leiðrétting

Í 4. hefti *Sónar* á blaðsíðu 2 er missagt að Einar Sigmarsson hafi lesið yfir allar greinar enda las hann ekki yfir grein Sólveigar Ebbu Ólafsdóttur, „Rímur af Skógar-Kristi. „Hver hefur það sem vinnur til““. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

